


Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

27

DESEMBER 2006





Bliki er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Flækingsfuglanefnd, Fuglavernd, Líf-fræðistofnun háskólans og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt sem að fuglum lýtur.

Ritnefnd: Guðmundur A. Guðmundsson (ritstjóri), Arnþór Garðarsson, Daníel Bergmann, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Kristinn H. Skarphéðinsson.

Afgreiðsla: Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. – Sími: 590 0500. – Bréfasími: 590 0595. – Netfang: bliki@ni.is.

Áskrift: Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með beiðni um millifærslu (reikningur í Íslandsbanka nr. 0517-14-600367, kt. 480269-5869). Hægt er að leggja greiðslu beint inn á ofangreindan reikning, en gæta verður þess að nafn áskrifanda, kennitala og númer heftis komi fram.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar ritstjóra *Bliki* á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaut.

Veffang: <http://ni.is/bliki.htm>

© 2006 Bliki – ISSN 0256-4181

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.
Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / Bliki
Litgreining: Daníel Bergmann / Bliki
Prentun og bókband: Prentsmiðjan Gutenberg

Forsíðumynd – Front cover:
Rita Rissa *tridactyla* á Látrabjargi, V-Barð.
Júní 2005.
Ljós. Daníel Bergmann.

Bliki is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Rarities Committee, BirdLife-Iceland, the Institute of Biology (University of Iceland), and birdwatchers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries and figure- and table texts in English are provided, except for some shorter notes.

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (editor), Arnþór Garðarsson, Daníel Bergmann, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson and Kristinn H. Skarphéðinsson.

Circulation: Icelandic Institute of Natural History, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. – Phone: +354-590 0500. – Fax: +354-590 0595. – E-mail: bliki@ni.is.

Subscription: *Bliki* appears at least once each year. Each issue is priced and charged for separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the magazine, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice for each issue, payable by international money transfer to account: IBAN IS62 0517 1460 0367 4802 6958 69, SWIFT (BIC): ISBAISRE. Please state your name and the issue number, as well as our address: Bliki, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Articles and contributions should be sent to the editor. Authors of major articles receive 25 reprints, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý) are used in all Icelandic and foreign texts. In the reference lists "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Mynd innan á kápu – Photo inside back cover:
Súla *Morus bassanus* í Ystakletti, Vestm.
Ágúst 2005.
Ljós. Daníel Bergmann.

Stormmáfsmerkingar í 30 ár

Hér er gerð grein fyrir stormmáfsmerkingum mínum og Sverris Thorstensen og endurheimtum merktra fugla. Samtals höfum við merkt 2146 stormmáfa til og með 2005 eða um 93% af öllum fuglum sem hafa verið merktir hér á landi. Af þeim hafa 94 endurheimst (4,4%); 53 á og við merkingastað skömmu eftir merkingu, 11 á og við merkingastað meira tveimur mánuðum eftir merkingu, 17 innanlands meira en 10 km frá merkingastað og 13 erlendis.

Inngangur

Stormmáfar *Larus canus* (1. mynd) eru nokkru minni en stóru máfarnir (t.d. svartbakur *Larus marinus*), en allnokkru stærri en hettumáfar *Larus ridibundus*. Fullorðnir fuglar eru hvítir, með ljósgrátt bak og vængi, gulgrænt nef og gulgræna fætur. Á flugi sést að vængendar fullorðinna fugla eru svartir með hvítum blettum. Stormmáf er alloft ruglað saman við ritu *Rissa tridactyla*, enda er hún svipuð að stærð og útliti. Fullorðnar ritur eru þó með svarta og styttri fætur og hafa alsvarta vængenda. Einnig rugla menn fullorðnum stormmáfum stundum saman við silfurmáf *Larus argentatus*, vegna þess að báðir hafa ljósgrátt bak og svarta og hvíta vængenda. Silfurmáfar eru þó mun stærri en stormmáfar og hafa gult nef og holdlita fætur (Mullarney o.fl. 1999).

Stormmáfar verpa í norðurhluta Evrópu, Asíu og N-Ameríku. Þeim er skipt í fjórar undirtegundir, *canus* verpur í Evrópu, frá Íslandi austur að Hvítahafi, *heinei* í Mið-Rússlandi og Vestur- og Mið-Síberíu, *kamtschatschensis* í A-Síberíu og *brachyrhynchus* í Alaska og V-Kanada. Stormmáfar eru að mestu leyti farfuglar alls staðar á útbreiðslusvæði þeirra. Evrópskir fuglar eru við strendur V-Evrópu að vetrarlagi, allt suður til

Bretagne-skaga í Frakklandi og jafnvel suður í Miðjarðarhafi í köldum vetrum (Cramp & Simmons 1983, Olsen & Larsson 2003).

Stormmáfar á Íslandi

Stormmáfur er tiltölulega nýr varpfugl hér á landi. Hann sást hér fyrst upp úr aldamótunum 1900 og byrjaði sennilega að verpa á fjórða áratugnum. Fyrstu ungarnir sáust með foreldrunum í byrjun september 1936 á Leirunum við Akureyri og aftur sáust fuglar með unga á sama stað í byrjun september árið eftir (Kristján Geirmundsson 1937 og 1939). Fleygir ungar sáust síðan einstaka sinnum, m.a. á árunum 1953-1954 á Seltjarnarnesi og við Reykjavík. Fyrsta stormmáfshreiðrið fannst hins vegar ekki fyrr en 1955 í Korpúlfsstaðahólma við Reykjavík (Arnpór Garðarsson 1956).

Stormmáfar verpa yfirleitt í sambýli, nokkrir tugir fugla saman, oft á grýttum áreyrum, í melgresi eða innan um grjót í fjörukömbum við sjó, svo sem við Akureyrarflugvöll. Á nokkrum stöðum verpa þeir svo nærri sjó að hreiður þeirra flæðir stundum á stórstraumi. Egginn eru yfirleitt þrjú, græn- eða brúnleitt með dökkum



1. mynd. Stormmáfur *Larus canus*. – Common Gull. – Daníel Bergmann.



2. mynd. Stormmáfsungi *Larus canus* á Gáseyri í Eyjafirði, 9. júlí 2004. Takið eftir fremur ljósum lit á fiðri, dökkum yrjum á höfði og grábleiku nefi sem dekkist fram á við með áberandi ljósbleikum nefbroddi. – A Common Gull chick. Note overall pale colour and blue-grey bill with dark front part and pink tip. – Gunnlaugur Pétursson.



3. mynd. Hettumáfsungi *Larus ridibundus* við Breiðabólstað á Álftanesi, 22. júní 2004. Takið eftir dekkri lit á fiðri en á stormmáfsunganum og ljósbleiku nefi með dökkgráum broddi. – A Black-headed Gull chick. Note darker colour than on the Common Gull chick and rather pale bill with dark tip. – Gunnlaugur Pétursson.

yrjum (Cramp & Simmons 1983). Ungarnir eru fremur auðgreindir frá hettumáfsungum á ljósari búklit og þó sérstaklega á mismunandi neflit (2. og 3. mynd).

Núverandi varpútbreiðsla stormmáfa er sýnd á 4. mynd. Fyrir nokkrum árum var talið að 500-600 pör yrpu hér á landi (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Nýlegar athuganir benda þó til þess að varppörin séu nokkru fleiri eða um 700 árið 2000 (Ævar Petersen & Sverrir Thorstensen 2004). Stærstu vörpin eru í Eyjafirði, hvert um sig með nokkra tugi para, en stormmáfar verpa þó mun víðar eins og sést á 4. mynd, oftast þó í tiltölulega litlum vörpum, jafnvel stök pör eða í mesta lagi fáeinir fuglar saman. Stærsta varpið hefur verið við flugvöllinn á Akureyri, 85 pör árið 2000 (Ævar Petersen


& Sverrir Thorstensen 2004), en þau voru þó mun færri sumarið 2004 (óbirt eigin gögn). Varpútbreiðsla stormmáfa hefur aukist talsvert á síðustu 20 árum, en um 1980 urpu þeir nánast eingöngu í Eyjafirði og við Reykjavík (í Geldinganesi).

Merkingar

Um miðjan áttunda áratuginn kynntist ég Jóni Sigurjónssyni (JS) trésmið og fuglaáhugamanni á Akureyri. Hann hafði merkt fugla um árabil, meðal annars við flugvöllinn á Akureyri og fór ég með honum nokkrum sinnum þangað til að læra vinnubrögðin við fugla-merkingar. Vorið 1976 lánaði hann mér merki og þar með hófust stormmáfsmerkingar mínar. Sverrir Thorstensen (STh) merkti fyrsta stormmáfinn 1982, en hóf ekki merkingar á þessari tegund svo nokkru næmi fyrr en 1989. Stormmáfar eru merktir með stálmerkjum af stærð númer 5, en stöku sinnum hefur verið notuð stærð 4.

Samtals höfðum við Sverrir merkt 2146 fugla til ársloka 2005, allt ófleyga eða lítt fleyga unga, nema einn fullorðinn fugl sem kom óvart í slæðunet við annars konar fugla-merkingar. Til og með 1996 höfðu verið merktir 1499 fuglar (Guðmundur A. Guðmundsson 1998). Þar af höfðum við Sverrir merkt 1398 fugla eða um 93% (sjá 1. töflu). Því miður hef ég ekki upplýsingar um hve margir fuglar hafa verið merkir af öðrum á árunum 1997-2005, en líklega hefur hlutfallið lítið breyst.

Stormmáfar verpa fremur seint miðað við ýmsa aðrar tegundir. Fyrsti ungin var merktur 13. júní og sá síðasti 27. júlí. Meginhluti merkinganna fór þó fram á tímabilinu 23. júní til 15. júlí. Ungarnir, sem voru merktir, voru allt frá því að vera nýskriðnir úr eggjum upp í það að vera fleygir. Allir ungarnir voru leitaðir uppi með því að ganga í gegnum vörpin og skima eftir þeim. Litlir ungar og ungar nýkomnir úr eggjum finnast síður en þeir stærri, enda lítt áberandi. Oft finnast nýfleygir ungar í vörpunum þar sem þeir fela sig í



4. mynd. Núverandi varpútbreiðsla stormmáfa eftir 10x10 km reitakerfi. Í sumum reitum (punktum) getur verið um mörg pör að ræða, en einungis fáein eða stök pör í öðrum. – Present breeding distribution of Common Gull in Iceland based on 10x10 km grid. Most of the Common Gulls breed in Eyjafjörður, Northern Iceland. – Byggt á upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands, október 2006.

melbrúskum eða bak við steina. Slíka unga er þó oft erfitt að ná í, enda eru þeir varir um sig og fljúga eða synda út á sjó.

Við Sverrir höfum eingöngu merkt stormmáfa í Eyjafirði, nema á árunum 1979-1981 þegar ég merkti 17 unga á Geldinganesi við Reykjavík, en stormmáfar eru nú löngu hættir varpi þar. Í 1. töflu sést hvar fuglarnir voru merktir. Eins og þar sést hefur Akureyrarflugvöllur verið mikilvægur merkingarstaður, enda er þar stærsta stormmáfsvarp í Eyjafirði. Vegna þess hvernig háttar þar til er auk þess mun auðveldara að finna unga þar en á áreyrunum við Þverá, Ytri-Hól, Rifkelsstaði, Munkaþverá eða á öðrum stöðum, svo sem við Hörgárósa (Ós á Gálmaströnd) eða við Dalvík. Varpið á Gáseyri er þó tiltölulega afmarkað og aðgengilegt. Vörpin við Þverá og Ytri-Hól eru raunar eitt og sama varpið, þ.e. á áreyrunum sitt hvoru megin við Þverána. Sama er að segja um varpið við Rifkelsstaði og Munkaþverá.

Fyrir utan ofangreinda staði verpa stormmáfar víðar í Eyjafirði, svo sem í Svarfaðardal, í Hrísey, við ósa Fnjóskár austan fjarðarins og lítilla suður um sveitir Eyjafjarðar. Ungar hafa verið merktir við Akureyrarflugvöll öll árin frá 1976, nema 2005, og flest árin frá 1979 við Þverá og Ytri-Hól í Staðarbyggð, rétt sunnan Akureyrar. Ekki var byrjað að merkja fugla á Gáseyri fyrr en 1992 og 1995 við Rifkelsstaði. Varpið við Dalvík hefur einungis verið heimsótt þrisvar og hólminn við Ós á Gálmaströnd (nordan Hörgár) einungis í fjögur ár snemma á tímabilinu. Varpið við Krossanesborgir var heimsótt einu sinni svo og vörpin við Svalbarðseyri og í Hrísey.

Á árunum 1980-1982 notaði ég litmerki ásamt stálmerkjunum. Stálmerkin voru sett á hægri fót, en litmerkin á vinstri fót, svört árið 1980 (á 36 unga), hvít árið 1981 (á 55 unga) og græn árið 1982 (á 35 unga). Til að greina fugla sem merktir voru í Geldinganesi við Reykjavík (árin 1980-1981) frá fuglum merktum í Eyjafirði voru stálmerkin sett á vinstri fót unganna í Geldinganesi, en á hægri fót hinna eins og tíðkast yfirleitt. Ungarnir í Geldinganesi voru ekki litmerktir.

Endurheimtur

Í 2. töflu er listi yfir allar endurheimtur stormmáfa sem við Sverrir höfum merkt, sem annað hvort náðust á og í nágrenni merkingastaðar meira en tveimur mánuðum eftir merkingu, eða fjær merkingastað en 10 km. Þessu til viðbótar höfum við fengið 53 endurheimtur frá merkingastað, innan tveggja mánaða frá merkingu. Samtals hafa því endurheimst 94 merktir stormmáfar eða 4,4% af merktum fuglum. Allmargir merktir ungar hafa fundist dauðir skömmu eftir merkingu á merkingarstað eða nærri honum. Sumir nýmerktir ungar hafa orðið fyrir flugvél á Akureyrarflugvelli, látist af öðrum ótilgreindum orsökum eða fundist vængbrotnir. Því hefur einungis 41 fugl endurheimst utan merkingarstaðar eða á merkingarstað löngu eftir merkingu, eða 1,9% af öllum merktum fuglum.

Í 3. töflu er getið um litmerkta fugla sem hafa sést og ég fengið fregnir af. Samtals voru litmerktir 126 ungar

1. tafla. Staðir þar sem stormmáfar voru merktir og fjöldi merktra fugla. – *Ringing locations and number of birds ringed.*

Staður <i>Location</i>	Árabil <i>Years</i>	GP	STh	Alls <i>Total</i>
Geldinganes, Reykjavík	1979-1981	17	-	17
Svalbarðseyri í Eyjafirði	1984,1989	-	6	6
Hrísar við Dalvík	1978-1992	8	-	8
Hrísey	2004	-	12	12
Ós á Gálmaströnd	1978-1985	29	-	29
Gáseyri í Glæsibæjarhr.	1992-2005	134	8	142
Krossanesborgir, Akureyri	1995,1998	-	7	7
Akureyri (fullo.fugl í net)	2002	-	1	1
Akureyrarflugvöllur	1976-2004	1015	735	1750
Ytri-Hóll í Staðarbyggð	1979-2004	89	3	92
Þverá í Staðarbyggð	1979-2005	24	25	49
Munkaþverá í Eyjafj.sv.	2005	-	2	2
Rifkelsstaðir í Eyjafj.sv.	1995-1999	31	-	31
Alls – <i>Total:</i>		1347	799	2146

á árunum 1980-1982 og sáust 6 þeirra aftur, eða tæplega 5%. Þrír þeirra voru á vetrarstöðvum í Hafnarfirði og Reykjavík og þrír á varpstöðvum við Akureyrarflugvöll.

Í 4. töflu er yfirlit yfir endurheimtur eftir árum. Í dálkinum undir Íslandi er fyrst getið allra endurheimta, nema þeirra sem endurheimtust skömmu eftir merkingu á merkingarstað. Innan sviga eru þó gefnar allar endurheimtur. Eins og sést í töflunni hefur dregið verulega úr endurheimtum á síðari árum. Ef 2. tafla er skoðuð grannt sést að þessi fækkun á endurheimtum hefur sérstaklega átt sér stað í B-flokknum (í endurheimtum innanlands meira en 10 km frá merkingarstað). Þar hefur enginn fugl endurheimst eftir 1996, en þá var þó einungis búið að merkja tæplega 1400 fugla og meðalaldur endurheimtra fugla í þessum flokki er einungis 3,2 ár. Þessarar fækkunar gæti reyndar einnig í C-flokki (í endurheimtum erlendis), en í minna mæli þó. Einungis tveir fuglar af 13 hafa fundist eftir 1996. Þar er meðalaldur endurheimtra fugla 2,2 ár. Endurheimtur hérlandis skiptast nokkuð jafnt í skotna fugla og fugla sem finnast dauðir, fyrir utan fáeina sem hafa endurheimst af öðrum orsökum. Er kannski ástæðan fyrir fækkun á endurheimtum hin síðari ár að nú séu máfar skotnir í minna mæli en áður (nema við flugvöllinn á Akureyri, þar sem reynt hefur verið að halda stormmáfi í skefnum)? Eða eru þeir sem finna dauða fugla ekki eins duglegir að senda merkin til Náttúrufræðistofnunar eins og áður var? Eða á þetta sér aðra og enn óþekkta skýringu?

Eins og sést í 2. töflu og 4. töflu hafa 28 fuglar endurheimst hérlandis (utan merkingarstaðar eða í nágrenni skömmu eftir merkingu) og 13 fuglar erlendis. Þessar endurheimtur eru sýndar á 5. mynd. Flestir hérlandu fuglarnir endurheimtust í Eyjafirði, eða 18 fuglar, en hinir hér og þar um landið sunnan- og austanvert. Athygli vekur að nær allar íslensku endurheimturnar eru frá vori, sumri eða hausti, en aðeins ein

2. tafla. Endurheimtur þeirra stormmáfa sem við Sverrir merktum 1976-2005 og fundust A) í nágrenni merkingastaðar meira en tveimur mánuðum eftir merkingu, B) innanlands, fjær merkingastað en 10 km, C) erlendis. – *Details of all ringing recoveries of Common Gulls that the author and Sverrir Thorstensen banded between 1976-2005, A) found at or near ringing site more than two months after ringing, B) within Iceland, more than 10 km away from ringing site, C) abroad.*

Merkingar Ringing				Endurheimtur Recovery			Aldur Age		Fjarl. Dist.
Númer Number	Merk. Ringer	Dagur Day	Staður Location	Atvik Details	Dagur Day	Staður Location	Dagar Days	Á:M Y:M	km
A) Á merkingastað meira tveimur mánuðum eftir merkingu:									
537996	GP	14.07.1987	Akureyrarflugv.	fl	24.07.1990	Akureyrarflugvöllur	1106	3:0	0
516087	GP	18.07.1987	Akureyrarflugv.	fl	09.08.1988	Akureyrarflugvöllur	388	1:1	0
532067	GP	15.07.1988	Akureyrarflugv.	sk	11.07.1999	Akureyri (Glerárdalur)	4013	11:0	3
483456	STh	02.07.1993	Akureyrarflugv.	fd	08.07.1995	Akureyrarflugvöllur	736	2:0	0
552891	STh	21.07.1994	Akureyrarflugv.	fs	05.07.2001	Akureyri (Hafnarstræti)	2541	6:11	0
558307	GP	28.06.1996	Akureyrarflugv.	fl	19.05.2001	Akureyrarflugvöllur	1786	4:11	0
563643	STh	23.06.1998	Akureyrarflugv.	fd	07.05.2001	Akureyrarflugvöllur	1049	2:10	0
565694	STh	26.06.2000	Akureyrarflugv.	sk	05.05.2003	Akureyrarflugvöllur	1043	2:10	0
566696	STh	26.06.2000	Akureyrarflugv.	sk	17.05.2003	Akureyrarflugvöllur	1055	2:11	0
566728	STh	28.06.2000	Akureyri (Leiruv.)	fd	17.05.2003	Akureyrarflugvöllur	1053	2:11	0
566872	STh	27.06.2001	Akureyrarflugv.	sk	16.05.2003	Akureyrarflugvöllur	688	1:11	0
B) Innanlands meira en 10 km frá merkingastað:									
519804	GP	20.06.1977	Akureyrarflugv.	sk	23.06.1982	Hofteigur, Gálmastr.	1829	5:0	16
519812	GP	23.06.1977	Akureyrarflugv.	fd	26.08.1985	Hjalteyri, Eyf.	2986	8:2	21
519814	GP	23.06.1977	Akureyrarflugv.	fd	(04.06.1978)	Unaós í Hjaltaðaþ.há	(346)	(0:11)	187
522008	GP	03.07.1978	Ós, Gálmastr.	fd	15.06.1980	Akureyrarflugvöllur	713	1:11	16
522031	GP	08.07.1978	Ós, Gálmastr.	fd	~25.06.1991	Akureyri (nágr. flugv.)	4735	13:0	16
515338	GP	09.07.1979	Akureyrarflugv.	sk	02.06.1981	Kollafjörður, Kjós.	694	1:11	235
515347	GP	10.07.1979	Ytri-Hóll, Öng.	sk	13.09.1979	Dalvík	65	0:2	45
516477	GP	01.07.1981	Ós, Gálmastr.	vb	14.06.1987	Syðri-Bakki, Kelduhv.	2174	5:11	79
516484	GP	01.07.1981	Hrísar við Dalvík	sk	20.07.1993	Mariubakki í Fljótshv.	4402	12:1	230
521418	GP	29.06.1982	Akureyrarflugv.	sk	15.01.1983	Reykjavík (Sundahöfn)	200	0:7	247
521445	GP	13.07.1983	Akureyrarflugv.	sl	24.04.1987	Eskifjörður	1381	3:9	203
537997	GP	14.07.1987	Akureyrarflugv.	ms	(02.05.1988)	(Kópavogur)	(293)	(0:10)	(250)
461660	STh	26.06.1989	Akureyrarflugv.	fd	10.09.1989	Gásir, Glæsibhr., Eyf.	76	0:2	13
543425	STh	26.06.1989	Akureyrarflugv.	fd	10.09.1989	Gásir, Glæsibhr., Eyf.	76	0:2	13
558271	GP	24.06.1996	Akureyrarflugv.	fd	13.07.1996	Dyrhólaey í Mýrdal	19	0:1	257
558322	GP	28.06.1996	Akureyrarflugv.	fd	30.09.1996	Geldinganes, Reykjavík	94	0:3	241
558822	GP	06.07.1996	Akureyrarflugv.	sk	15.08.1996	Bjarnastaðir í Öxarfirði	40	0:1	87
C) Erlendis:									
516038	GP/JS	01.07.1976	Akureyrarflugv.	fd	~05.01.1977	Stornoway, Skotland	188	0:6	1025
515161	GP	16.06.1980	Akureyrarflugv.	fr	(02.08.1984)	Inverness, Skotland	(1508)	(4:2)	1161
521434	GP	29.06.1982	Akureyrarflugv.	fd	15.01.1991	Birsay, Orkney, Skotland	3122	8:7	1049
521424	GP	29.06.1982	Akureyrarflugv.	fd	~01.10.1982	Kirkwall, Orkney, Skotl.	94	0:3	1081
529781	GP	04.07.1985	Akureyrarflugv.	mf	~15.04.1990	Streymøy, Færeyjar	1746	4:9	685
529783	GP	04.07.1985	Akureyrarflugv.	fd	06.06.1986	Stronsay, Orkney, Skotl.	337	0:11	1075
537998	GP	14.07.1987	Akureyrarflugv.	fd	05.08.1988	Suðurey, Færeyjar	388	1:1	716
543443	STh	26.06.1989	Akureyrarflugv.	vb	13.12.1989	Kilrush, Co.Clare, Írland	170	0:6	1513
527870 ¹⁾	GP	14.07.1990	Akureyrarflugv.	le	25.10.1990	St.John's, Nýfl., Kanada	103	0:3	2852
543593	GP	15.07.1991	Akureyrarflugv.	fd	26.09.1991	Durness, Caithness, Skotl.	73	0:2	1049
558264	GP	24.06.1996	Akureyrarflugv.	nd	10.11.1996	Voe, Shetland, Skotland	139	0:5	1031
566703	STh	26.06.2000	Akureyrarflugv.	fd	10.03.2001	Thurso, Highland, Scotl.	257	0:8	1085
566466 ²⁾	GP	02.07.2003	Gásir, Glæsib.hr.	le	19.12.2003	Galway, Co.Galway, Írl.	170	0:6	1479

Skýringar við endurheimtuatvik: **fd** = fundinn dauður, **sk** = skotinn, **nd** = fundinn nær dauður, **fr** = fundinn rekinn, **vb** = fundinn vængbrotinn, **fs** = fundinn særður, **sl** = kom í svefnlyf, **fl** = varð fyrir flugvél, **fb** = flaug fyrir bíl, **mf** = aðeins merki fundið, **ms** = aðeins merki skilað án allra upplýsinga, **le** = lesið á málmerki. – *Explanations: fd = found dead, sk = shot, nd = found nearly dead, fr = tidal corpse, vb = found wing-broken, fs = found wounded, sl = sleeping drug victim, fl = hit by aeroplane, fb = hit by car, mf = only ring found, ms = ring returned without any details, le = read on metal ring (control).*

¹⁾ Sást fyrst 25.10.1990 og síðan árlega til apríl 1996. – *First seen on 25.10.1990 and then yearly to April 1996.*

²⁾ Einnig séður 15.01.2004, 04.03.2004, 17.12.1004 og í febrúar og mars 2005. – *Also seen 15.01.2004, 04.03.2004, 17.12.1004 and in February and March 2005.*

3. tafla. Merktir stormmáfar séðir með litmerki. – *List of banded Common Gulls seen with color rings.*

Hringur <i>Ring</i>	Merkingar <i>Ring</i>			Fugl séður <i>Control</i>		Aldur <i>Age</i>	Fjarl. <i>Dist.</i>
	Merk. <i>Ringer</i>	Dagur <i>Day</i>	Staður <i>Location</i>	Dagur <i>Day</i>	Staður <i>Location</i>	Ár:Mán <i>Years:Mon.</i>	km <i>km</i>
V: svart	GP	06/07.1980	Akureyri/Ytri-Hóll	14.03.1981	Hafnarfjörður	~ 0:8	~ 260
V: svart	GP	06/07.1980	Akureyri/Ytri-Hóll	26.06.1981	Akureyrarflugvöllur	~ 1:0	0-10
V: svart	GP	06/07.1980	Akureyri/Ytri-Hóll	26.06.1981	Akureyrarflugvöllur	~ 1:0	0-10
V: svart	GP	06/07.1980	Akureyri/Ytri-Hóll	11.02.1991	Tjörnin, Reykjavík	~10:7	~ 250
V: hvítt	GP	06/07.1981	Eyjafjörður	30.01.1982	Hafnarfjörður	~ 0:7	~ 260
V: hvítt	GP	06/07.1981	Eyjafjörður	14.07.1987	Akureyrarflugvöllur	~ 6:0	0-10

frá vetri (janúar). Hins vegar endurheimtust flestir fuglanna erlendis að vetrarlagi eða snemma vors. Þetta gæti bent til þess að íslenskir stormmáfar séu farfuglar að miklu leyti, en nokkur hluti íslenska stofnsins hefur þó vetursetu á Suðvesturlandi og í litlum mæli víðar við ströndina. Fuglarnir tveir í Færeyjum endurheimtust í byrjun ágúst og um miðjan apríl og hafa líklega verið á farflugi milli Íslands og Skotlands.

Elsti fuglinn sem hefur endurheimst var nærri því 13 ára. Hann var merktur við Ós á Gálmaströnd (við Hörgárósa) í byrjun júlí 1978 og endurheimtist við Akureyrarflugvöll í síðari hluta júní 1991. Sá næst elsti var rétt rúmlega 12 ára, merktur við Hrísa við Dalvík í byrjun júlí 1981 og endurheimtur við Maríubakka í Fljótshverfi í síðari hluta júlí 1993. Sá þriðji elsti var tæpra 11 ára, merktur 1988 við Akureyrarflugvöll og endurheimtur 1999 í Glerárdal, Akureyri. Til samantburðar má geta þess að elsti stormmáfur sem fundist hefur í Evrópu fram til þessa var 33 ára og 9 mánaða (van Dijk & Hiemstra 2004).

Sá fugl sem sannanlega hefur farið lengst frá varpstöðvum hér á landi er sá sem máfaskoðarinn Bruce Mactavish sá í fyrsta skipti við St. John's á Nýfundnalandi, Kanada, þann 25. október 1990 og síðan árlega til apríl 1996. Honum tókst að lesa á merkið 23. mars 1996. Kom þá í ljós að þetta var íslenskur stormmáfur frá Akureyrarflugvelli, sem kom þar úr eggum um miðjan júlí 1990. Fjarlægðin milli þessara staða er 2852 km.

Í Evrópu hafa fuglar aðallega endurheimst við Skotland, sérstaklega á eyjunum norðan Skotlands eins og sést á 5. mynd. Einnig hafa tveir endurheimst í Færeyjum. Ein endurheimta er frá Kilrush, Co. Clare, á Írlandi og er það jafnframt sá fugl sem hefur lengst farið til Evrópu, eða 1513 km frá uppeldisstöðvunum við Akureyrarflugvöll. Hann var bæði merktur og endurheimtur sama árið, 1989. Annar merktur fugl sást eilítið norðar á Írlandi frá síðari hluta desember 2003 til mars 2004 of aftur frá desember 2004 til mars 2005, en sá hafði verið merktur á Gáseyri sumarið 2003.


Samantekt

Áður en stormmáfsmerkingar okkar Sverris hófust var ekki vitað hvar íslenskir stormmáfar héldu til að

vetrarlagi. Stormmáfar höfðu sést hér um miðjan vetur, en hvort allur stofninn væri hér var ráðgáta sem ekki var hægt að skera úr um nema með merkingum. En eftir

4. tafla. Merkingar eftir árum og endurheimtur merktra fugla. Tölur í sviga í Íslandsdálknum eru fuglar sem endurheimtust á merkingarstað eða nærri honum skömmu eftir merkingu. – *Ringing by years and recovery of ringed birds in Iceland and abroad. Number in paranthesis under Iceland are birds recovered at the ringing location or nearby shortly after banding.*

Merkingar – <i>Ring</i>				Endurheimtur – <i>Recovery</i>		
Ár <i>Year</i>	GP	STh	Alls <i>Total</i>	Ísland <i>Iceland</i>	Erlendis <i>Abroad</i>	Alls (%) <i>Total (%)</i>
1976	20	-	20	0 (0)	1	1 (5,0)
1977	34	-	34	3 (0)	0	3 (8,8)
1978	42	-	42	2 (4)	0	2 (4,8)
1979	61	-	61	2 (1)	0	2 (3,3)
1980	38	-	38	0 (1)	1	1 (2,6)
1981	61	-	61	2 (1)	0	2 (3,3)
1982	35	1	36	1 (0)	2	3 (8,3)
1983	22	-	22	1 (1)	0	1 (4,5)
1984	4	3	7	0 (0)	0	0 (0,0)
1985	70	-	70	0 (1)	2	2 (2,9)
1986	27	1	28	0 (0)	0	0 (0,0)
1987	43	1	44	3 (0)	1	4 (9,1)
1988	52	-	52	1 (0)	0	1 (1,9)
1989	21	58	79	2 (2)	1	3 (3,8)
1990	60	-	60	0 (6)	1	1 (1,7)
1991	26	-	26	0 (2)	1	1 (3,8)
1992	146	6	152	0 (1)	0	0 (0,0)
1993	22	95	117	1 (1)	0	1 (0,9)
1994	45	95	140	1 (14)	0	1 (0,7)
1995	83	63	146	0 (8)	0	0 (0,0)
1996	127	36	163	4 (4)	1	5 (3,1)
1997	36	61	97	0 (0)	0	0 (0,0)
1998	81	78	159	1 (0)	0	1 (0,6)
1999	23	99	122	0 (1)	0	0 (0,0)
2000	-	100	100	3 (0)	1	4 (4,0)
2001	36	79	115	1 (2)	0	1 (0,9)
2002	26	9	35	0 (0)	0	0 (0,0)
2003	68	0	68	0 (3)	1	1 (1,5)
2004	34	12	46	0 (0)	0	0 (0,0)
2005	4	2	6	0 (0)	0	0 (0,0)
Alls:	1347	799	2146	28 (53)	13	41 (1,9)



5. mynd. Staðsetning endurheimtra stormmáfa fyrir utan þá sem fundust nærri merkingarstað skömmu eftir merkingu. Rauðu punktarnir sýna endurheimtur á tímabilinu 1. apríl til 30. september, en bláu punktarnir endurheimtur frá 1. október til 31. mars. Auk þessara staða fannst einn stormmáfur við St. John's á Nýfundnalandi, Kanada, í mars. – *The location of recovery of ringed Common Gulls in Iceland and Europe. One found in St. John's, Newfoundland, is not shown. Birds that have been found dead at the ringing location (or nearby) shortly after banding are not included. Red points show recoveries between 1st April and 30th September. Blue points show recoveries between 1st October and 31st March.*

merkingar í 30 ár, 2146 merktu fugla og 13 endurheimtur erlendis frá, má fullyrða með vissu að mikilvægar vetrarstöðvar íslenskra stormmáfa eru við Bretlandseyjar og Írland. Þeir hafa þó einnig vetursetu hér á landi í nokkrum mæli, e.t.v. upp undir helmingur stofnsins.

Einn stormmáfur merktur hér hefur sést vestanhafs, við Nýfundnaland, og fleiri stormmáfar af evrópsku deilitegundinni *L. c. canus* hafa sést þar reglulega á síðustu árum. Áframhaldandi merkingar stormmáfa gætu leitt í ljós hvort íslenskir stormmáfar hafa reglubundið vetursetu á þeim slóðum einnig.

ÞAKKIR

Fyrst og fremst vil ég þakka Sverri Thorstensen fyrir upplýsingar um allar hans merkingar og endurheimtur og fyrir yfirlestur greinarinnar og góðar ábendingar. Einnig vil ég þakka Bruce Mactavish fyrir upplýsingar um stormmáfann á Nýfundnalandi, Kristni H. Skarphéðinssyni fyrir upplýsingar um varpútbreiðslu stormmáfa á Íslandi og Guðmundi A. Guðmundssyni og Tómasi G. Gunnarssyni fyrir yfirlestur og þeim sem hafa fundið eða séð merktu stormmáfa hér og erlendis.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson 1956. Stormmáfur, nýr varpfugl á Íslandi. – Náttúrufræðingurinn 26: 87-93.
Cramp, S. & K.E.L. Simmons 1983. The Birds of the Western Palearctic. – Oxford University Press, Oxford.
van Dijk, K. & D. Hiemstra 2004. Ruim 33 jaar oude Stormmeeuw in Groningen. – Dutch Birding 26: 301-304.
Guðmundur A. Guðmundsson 1998. Fuglamerkingar á Íslandi árið 1996. – Bliki 19: 69-71.
Kristján Geirmundsson 1937. Úr árbókum fuglanna. – Náttúrufræðingurinn 7: 90-92.

Kristján Geirmundsson 1939. Úr árbókum fuglanna III. – Náttúrufræðingurinn 9: 171-176.

Mullarney, K., L. Svenson, D. Zetterström & P.J. Grant 1999. Collins Bird Guide. – HarperCollins Publishers.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar.

Olsen, K.M. & H. Larsson 2003. Gulls of Europe, Asia and North America. – Christopher Helm, London.

Ævar Petersen & Sverrir Thorstensen 2004. Vöktun stormmáfsstofnsins í Eyjafirði 1980-2000. – Náttúrufræðingurinn 72: 144-154.

SUMMARY

Thirty years of ringing Common Gulls in Iceland

Common Gull *Larus canus* is a relatively new breeding bird in Iceland. The first young were seen in 1936 in Eyjafjörður, N-Iceland, but a nest was first found in 1955 near Reykjavík, SW-Iceland (Kristján Geirmundsson 1937 & 1939, Arnþór Garðarsson 1956). Until ca. 1980 Common Gulls bred nearly only in Eyjafjörður and a few pairs near Reykjavík. The breeding population has increased slowly and Common Gull now breeds at several localities (Figure 4). The biggest colonies are still in Eyjafjörður (480 pairs in 2000), particularly at the Akureyri airport (85 pairs). The total breeding population in Iceland was considered to be about 700 pairs in 2000 (Ævar Petersen & Sverrir Thorstensen 2004). The breeding population is partly migratory. They are very rare in Eyjafjörður in winter.

The author of this article (GP) began ringing Common Gulls at Akureyri airport in Eyjafjörður in 1976 and has ringed birds there and at other localities every summer since (except one), in total 1347 birds. Sverrir Thorstensen (STh) has also ringed birds in the Eyjafjörður colonies since 1982, in total 799 birds. Together we have ringed 2146 birds, which is approximately 93% of all Common Gulls that have been ringed in Iceland (Table 1). All the birds ringed were chicks or unfledged young found in the breeding colonies, except one adult bird that came accidentally into a mist-net. The author banded 126 birds with colour rings in 1980-1982.

In total, 94 birds have been recovered (4.4 %). Of these, 53 birds, were found dead or injured at or near the ringing location shortly after banding. Therefore, 41 birds have been recovered more than 10 km away from the ringing locality or at the ringing locality after at least two months (1.9 % of ringed birds; Table 2). Of these 41 birds, 28 were recovered in Iceland and 13 outside Iceland (Table 4, Figure 5). Six of the colour-banded birds were seen, all in Iceland and three of them in winter (Table 3). The oldest bird recovered was nearly 13 years old, banded in 1978 and recovered in 1991.

As can be seen in Figure 5, the 13 birds recovered abroad were mainly from Scotland, but two were from Ireland and two from the Faroe Islands. Most of the birds were found in September to April, but one is from June and two from the beginning of August (one of them found dead on a seashore). One ringed Common Gull was seen yearly at St. John's in Newfoundland, Canada, from October 1990 to April 1996. Bruce Mactavish read the metal ring inscription in March 1996. This bird was ringed at Akureyri airport in July 1990.

A number of Common Gulls spend the winter in SW-Iceland and they have done so for 20-30 years at least. In the 1970's, when the author started ringing Common Gulls, it was not known whether the whole population was resident or not. It was only after years of ringing that it became clear that some part of the population is migratory. A few colour-ringed birds have been seen in SW-Iceland in winter and one ringed bird has been recovered. The size of the winter population in Iceland is not known, but may be a few hundreds of birds.

Gunnlaugur Pétursson, Blesugróf 24, 108 Reykjavík.

Tilvitnun:

Gunnlaugur Pétursson 2006. Stormmáfsmerkingar í 30 ár. – Bliki 27: 1-6.

Þyngdarbreytingar sandlóa á varptíma

Með þyngdarmælingum á varpfuglum var kannað hvort líkamsástandi íslenskra sandlóa hrakaði yfir varptímann og hvort að líkamsástand tengdist afkomu hreiðra. Bæði kyn léttust marktækt á tveimur athugunarsvæðum. Svæðisbundinn munur var á meðalástandi karlfugla. Ástand kvenfugla sýndi sterkari tengsl við útungunarstig en ástand karlfugla sýndi sterkari tengsl við árstíma. Þetta bendir til að varpið og álegan sjálf geri meiri kröfur til kvenfugla meðan að skyldur karlfugla eru hlutfallslega jafndreifðari yfir varptímann. Engin tengsl voru milli ástands paraðra karlfugla og kvenfugla. Líkamsástand einstaklinga spáði ekki fyrir um hvort egg klöktust eða ekki.

Inngangur

Varp fugla er orkufrekt og einstaklingar þurfa að uppfylla ýmsar skyldur (Drent & Daan 1980). Kvenfuglar þurfa t.d. orku til að mynda egg og karlfuglar verja oft talsverðri orku í ýmiss konar sýndaratferli. Þá hafa annað eða bæði kyn skyldur við álegu og óðalsvarnir (t.d. Drent & Daan 1980, Verhencamp o.fl. 1989, Bryant & Tatner 1991, Deerenberg o.fl. 1995, Kersten 1996). Þetta leiðir af sér að ástandi varpfugla hnignar oft yfir varptímann og miðla þarf málum milli afkomu unga og

lífslíkna foreldra sem hvort tveggja er háð vinnuframlagi foreldranna (Trivers 1974, Priede 1977). Breytingar á ástandi fugla yfir varptíma geta því gefið vísbendingar um takmarkandi þætti og mun á þeim kröfum sem varpið gerir til kynjanna.

Sandlóan *Charadrius hiaticula* er algengur varpfugl á Íslandi. Stærðarmunur á kynjum er hverfandi en karlfuglar hafa skarpara litamynstur á brjósti og höfði (Prater o.fl. 1977). Sandlóur verpa í N-Frakklandi, á



1. mynd. Sandlóa *Charadrius hiaticula*. – Ringed Plover. – Daníel Bergmann.

1. tafla. Mælingar á fullorðnum sandlóum í varpi og niðurstöður t-prófa sem báru saman kynin. Allar stærðir eru í mm. – *Biometrics of breeding Ringed Plovers in mm and results of t-tests that compared the sexes.*

	Kyn Sex	Meðaltal $\pm$ stfrv. Mean $\pm$ SD	N N	t t	P P
Massi – <i>Body mass</i>	♂ ♀	58,9 $\pm$ 3,65 60,0 $\pm$ 4,01	105 111	-2,182	0,030
Hægri rist – <i>Right tarsus</i>	♂ ♀	25,9 $\pm$ 1,45 25,8 $\pm$ 1,28	106 111	0,430	0,668
Hægri vængur – <i>Right wing</i>	♂ ♀	133,5 $\pm$ 2,93 133,2 $\pm$ 3,21	105 111	0,732	0,465
Höfuð – <i>Head</i>	♂ ♀	41,4 $\pm$ 1,02 41,1 $\pm$ 1,51	106 111	1,831	0,068
Nef – <i>Bill</i>	♂ ♀	14,2 $\pm$ 0,64 14,0 $\pm$ 0,62	106 111	1,655	0,099
Ennisband – <i>Forehead stripe</i>	♂ ♀	7,1 $\pm$ 1,29 5,9 $\pm$ 0,99	105 111	8,161	0,000

Bretlandseyjum, á Norðurlöndunum og við Eystrasaltið en bróðurparturinn af varpútbreiddslunni er á hánor-rænum slóðum. Auk Íslands verpa þær með ströndum Síberíu að Beringssundi, á Grænlandi og á austurhluta kanadíska eyjasvæðisins (Cramp & Simmons 1983, Kam o.fl. 2004). Sandlóur eiga langflestar vetrarstöðvar í V-Evrópu og Afríku (Wallander 2001, Kam o.fl. 2004). Flestar endurheimtur á sandlóum merktum á Íslandi eru frá fartíma og því er vetrarútbreiddsla íslenska varpstofnsins illa þekkt (Ævar Petersen 1998).

Sandlóan er með útbreiddari varpfuglum landsins og nær varpútbreiddslan frá fjöru inn á miðhálandið (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Sandlóan verpur einkum á ógrónu landi, í fjörum, á melum og á söndum og er hreiðrið yfirleitt aðeins laut, brydduð steinvölum eða skeljabrotum. Eggjin eru fjögur eins og hjá flestum öðrum vaðfuglum. Sandlóur og skyldar tegundir verpa oft þar sem afföll á hreiðrum eru há, t.d. í fjörum þar sem umferð er mikil, en þær geta lengi brugðist við með því að verpa aftur. Í Svíþjóð hafa sandlóur verið staðnar að því að verpa allt að fimm sinnum sama sumarið af þessum sökum (Wallander 2001). Það getur því teygst talsvert á varptíma sandlóu miðað við ýmsa aðra vaðfugla. Varppéttleiki sandlóu fer eftir aðstæðum og hefur mælst frá <1 varppari/km² á grænenskum melum upp í 138 pör/km² í Stokks-eyrarfjöru (Meltotte 1985, Böðvar Þórisson o.fl. 2004).

Sandlóa er einkvænisfugl og rannsóknir á erfðaeefni (DNA) í ungum sýna að sandlóur hlaupa mjög sjaldan út undan sér (Wallander 2001). Bæði karlinn og kerlingin liggja á eggjum en rannsóknir í Svíþjóð hafa sýnt að karlinn er heldur líklegri til að vera á hreiðrinu á nóttunni en kerlingin á daginn (Wallander 2001). Álegan tekur um 22 daga og ungar verða fleygir á um 24 dögum (Cramp & Simmons 1983, Wallander 2001).

Fyrstu sandlóur fara að sjást á Íslandi um miðjan apríl en flestar virðast þær koma í lok apríl og byrjun maí (Arnpór Garðarsson o.fl. 1980, Arnpór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989). Önnur bylgja af sandlóum skellur á landinu í lok maí og er talið að þar séu grænlenkar og kanadískar sandlóur á leið til varp-

heimkynna sinna í norðri (Arnpór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989). Fyrir brottför að hausti ná sandlóur hámarki í fjölda á leirum í júlí og ágúst og eru nær allar horfnar í ágústlok (Arnpór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989, Tómas Grétar Gunnarsson 2001). Þar sem sandlóur safnast saman á sendnum eyrum í Ölfusárósi er hámarkið heldur seinna, eða um miðjan ágúst og enn er nokkuð eftir af sandlóu í byrjun september (Tómas Grétar Gunnarsson 2001).

Lítið er vitað um lífshætti sandlóu á Íslandi. Hér er talinn vera stór hluti heimsstofnsins eða um 50 þúsund pör (Thorup 2006) svo mikilvægi Íslands fyrir sandlóu er ótvírætt. Sumarið 2004 hófust rannsóknir á sandlóu á tveimur athugunarsvæðum á Íslandi, öðru á Vest-fjörðum en hinu á Suðurlandi (Böðvar Þórisson o.fl. 2004). Markmiðið með rannsóknunum er að afla ýmissa grunnupplýsinga um stofn- og farvistfræði sandlóu sem líklegar eru til að leiða af sér frekari rannsóknir. Auðveldara er að eiga við sandlóur í varpi en flesta aðra vaðfugla m.t.t. nákvæmni lýðfræðilegra mælinga og þær henta því vel til stofnvistfræðirannsókna. Rannsóknirnar hafa m.a. sýnt að sandlóur á láglendi hefja að jafnaði varp um miðjan maí og algengast er að pör hefji álegu síðustu tíu dagana í maí. Þá virðast íslenskar sandlóur færar um að verpa allt að þrisvar sinnum ef varp misferst. Kvenfuglar yfirgefa varpstöðvar að meðaltali um níu dögum fyrr en makar þeirra (Böðvar Þórisson o.fl. 2004). Í þessari grein verður gerð grein fyrir þyngdarbreytingum sandlóa á varptíma, sem mælikvarða á líkamsástand þeirra.

Litlar upplýsingar liggja fyrir um breytingar á massa innri líffæra í vaðfuglum á varptíma. Hins vegar er vel þekkt að massi innri líffæra breytist mikið í kringum fartíma sem aðlögun að farflugi (Piersma 1998). Æxlunarlíffæri geta þó stækkað töluvert á varptíma og þetta er sérstaklega vel þekkt varðandi kynkirtla sem geta stækkað svo mörgum stærðargráðum munar (t.d. Welty & Baptista 1988). Þó má gera ráð fyrir að æxlunarlíffæri breytist ekki mikið í stærð yfir varptímamann sjálfan því fuglar verða að geta brugðist hratt við hugsanlegu endurvarpi. Hér er því gert ráð fyrir að þær

breytingar sem verða á massa sandlóa yfir varptímann stafi fyrst og fremst af breytingum á orkuforða (væntanlega einkum fitu en mögulegt er að fuglar gangi einnig á prótein). Þetta hefur enn fremur verið viðhorfið þegar breytingar á massa vaðfugla á varptíma hafa verið kannaðar (t.d. Tulp o.fl. 2002).

Aðferðir

Fuglar voru veiddir og mældir, 2004 og 2005, á hreiðrum eða með ungum rétt eftir klak á Vestfjörðum og á Suðurlandi (1. tafla). Nær allar sandlóurnar veiddust á álegutíma en sex veiddust fyrstu fimm dagana eftir klak. Kynin má þekkja í sundur á búningseinkennum en karlfuglar eru að jafnaði með alsvart höfuðmynstur en kvenfuglar hafa talsvert af ljósari fjöðrum í annars dökkum beltum á höfði og hálsi. Þá er svarti smekkurinn á bringunni yfirleitt stærri á karlfuglum en kvenfuglum (Cramp & Simmons 1983). Ekki voru tök á að veiða sömu fuglana aftur og aftur til að fylgjast með breytingum á þyngd einstaklinga heldur er eftirfarandi greining byggð á því að fuglar voru veiddir á mismunandi tímum yfir varptímann og líkamsástand þeirra skoðað eftir að leiðrétt hafði verið fyrir stærð. Flestir fuglar voru veiddir við Holt í Önundarfirði og við Stokkseyri í Flóa. Af þessum svæðum eru til heilsteypar gagnaseriur og voru þær notaðar til að greina þyngdarbreytingar. Nokkrar sandlóur voru veiddar í varpi á öðrum svæðum á Suðurlandi og á Vestfjörðum og voru þær einnig notaðar til að búa til líkön af stærð sandlóa (sjá að neðan).

Óviðunandi er að nota heildarþyngd eina sér sem ávita á ástand þar sem að stærri fuglar eru að jafnaði þyngri og því verður að leiðrétta fyrir stærð áður en massi gefur viðunandi vísbendingar um ástand. Líkamsástand var því ákvarðað sem leifar (e. *residuals*) af massa (í grömmum) miðað við líkamsstærð (línulegt aðhvarf, e. *regression*). Greiningin var gerð fyrir hvort kyn. Til að taka tillit til þess að fuglar gætu verið mismunandi í laginu var gerður metill á líkamsstærð út frá nokkrum mælingum. Vænglengd (hægri), rist (hægri), nef (frá fjaðurrótum að nefbroddi) og haus (frá hnakka að nefbroddi) voru sett inn í höfuðþáttagreiningu (e. *principal components analysis* eða *PCA*). Allar mælistærðirnar hlóðust jákvætt á PC1, sem skýrði 39,5% af breytileika í stærð ♂ og 39,3% af breytileika í stærð ♀, og var notaður sem vísitala á stærð fugla. Mest munaði um neflengd og haus. Jöfnur sem útskýrðu massa út frá líkamsstærð fyrir bæði kynin voru; massi ♂ = $58,9 + 0,753 \times \text{stærð}$ og massi ♀ = $60,0 + 0,828 \times \text{stærð}$.

Til að skoða áhrif mismunandi þátta á líkamsástand sandlóa voru byggð línuleg líkön (e. *general linear models*) fyrir hvort kyn um sig þar sem spáð var fyrir um þyngd út frá ýmsum þáttum. Skoðuð voru áhrif dagsetningar (fjöldi daga frá 30. apríl), útungunarstigs (dagar miðað við núllpunkt á klakdegi, mínus fyrir hreiðurskeið, plús fyrir ungaskeið þar sem stig var ákvarðað út frá vatnsprófi eggja), árs, athugunarsvæðis og stærðar fugla á þyngd. Allar breyturnar voru settar

inn í upphafi og tíndar út ein og ein uns aðeins stóðu eftir marktækar breytur (Crawley 1993). Breytur með hærri fylgni en 0,5 voru ekki notaðar í sama líkan.

Þá var athugað hvort að fylgni væri milli ástands paraðra karlfugla og kvenfugla en slíkur samanburður getur hjálpað til við að greina hvar áhrifavaldar verka. Þess var gætt að nota aðeins fugla sem veiddust sama varptímabilið og þörum þar sem karlinn og kerlingin höfðu verið vigtuð sitt hvort árið var sleppt. Þessi tengsl voru bæði skoðuð sem bein fylgni milli út-reiknaðra ástandsstuðla og einnig eftir að leiðrétt hafði verið fyrir hvenær varptímans fuglarnir veiddust með því að nota leifar af ástandsvisítölu á dagsetningu. Slíkt gefur vísbendingar hvernig þyngd fugls var miðað við tímann sem hann veiddist og þá er auðveldara að bera saman fugla sem veiddust á mismunandi tíma.


Að lokum var skoðað hvort að ástand fugla hefði áhrif á hvort egg klöktust úr hreiðrum eða ekki en örlögum allra hreiðra var fylgt að klaki með reglulegum heimsóknum. Þetta var gert með því að spá fyrir um örlög hreiðra með lógaritmísku fjölþátta aðhvarfi (e. *logistic regression*). Kynin voru greind aðskilin til að forðast gerviendurtekningu (e. *pseudoreplication*) en ef ástand er tengt aðstæðum á tilteknu óðali er þyngd paraðra fugla ekki óháð hvorri annarri. Sami háttur var hafður á meðferð breytna og við línulegu líkönin að ofan. Öll tölfræði var gerð í SPSS 12 fyrir Windows og í öllum prófum var miðað við 95% marktæknistig.

Niðurstöður

Karlfuglar mældust að jafnaði heldur stærri en kvenfuglar en munurinn var aðeins marktækur fyrir höfuð og nef. Munurinn var einnig marktækur þegar lengd nefs var dregin frá heildarlengd höfuðs. Kvenfuglar voru þrátt fyrir þetta marktækt þyngri en karlfuglar. Þá var ennisband karlfuglanna marktækt breiðara en á kvenfuglum (1. tafla).

Sandlóur af báðum kynjum við Holt og við Stokkseyri léttust marktækt yfir varptímann (2. mynd). Mest léttust karlfuglar við Holt en dagsetning skýrði 23% af línulegum breytileika í þyngd þeirra en minnst léttust kvenfuglar við Holt þar sem dagsetning skýrði 12% af breytileikanum. Línulegt aðhvarf: Holt ♂: $y = -0,0399x + 1,8185$, $R^2 = 0,23$, $P < 0,001$, frítölur (ft) = 48; Holt ♀: $y = -0,0247x + 0,9568$, $R^2 = 0,12$, $P = 0,011$, ft = 54; Stokkseyri ♂: $y = -0,0272x + 0,8326$, $R^2 = 0,14$, $P = 0,035$, ft = 32; Stokkseyri ♀: $y = -0,0302x + 1,3747$, $R^2 = 0,15$, $P = 0,017$, ft = 37. Karlfuglar við Stokkseyri voru fyrstir til að detta niður fyrir meðalástand að jafnaði (mörk við 0-gildi ástandsstuðuls á 2. mynd) en það gerðist í lok maí. Kvenfuglar við Holt voru að meðaltali komnir niður í meðalástand um 10. júní og karlfuglar við Holt og kvenfuglar á Stokkseyri um miðjan júní. Þó ber að athuga að meðatalið lýsti breytingum á þyngd misvel eftir svæðum og kynjum (2. mynd).

Línulegt líkan sem spáði fyrir um líkamsástand karlfugla var hámarktækt ($F_{2,81} = 11,6$, $R^2 = 0,23$, $P < 0,001$) og innihélt dagsetningu og stað sem marktækar



2. tafla. Niðurstöður línulegra líkana sem spáðu fyrir um ástand sandlóa. Aðeins eru sýndar þær breytur sem spáðu marktækt fyrir um ástand annars hvors kynsins. – *Results of general linear models that predicted the body condition index for breeding Ringed Plovers. Only variables that predicted condition significantly for either sex are shown.*

	Kyn Sex	β	t t	P P
Dags – Date	♂	-0,033	-4,1	<0,001
	♀	-0,020	-2,2	0,031
Staður – Place	♂	0,463	2,2	0,030
	♀	-	-	-
Útungunarstig – Incubation stage	♂	-	-	-
	♀	-0,037	-2,6	0,012


spábreytur (2. tafla) en ástand karlfugla við Holt var almennt betra en ástand karlfugla við Stokkseyri ($t_{79} = 2,7$, $P = 0,009$; leifar af ástandsvísitölu á dagsetningu eða m.ö.o. meðalástand eftir að tekið hafði verið tillit til dagsetningar). Líkanið fyrir kvenfugla var líka hámarktækt ($F_{2,87} = 11,6$, $R^2 = 0,19$, $P < 0,001$) og innihélt dagsetningu og útungunarstig sem marktækar spábreytur (2. tafla).

Engin tengsl voru milli líkamsástands paraðra fugla, hvorki þegar fylgni var skoðuð leiðrétt fyrir veiðidagsetningu, eða ekki (3. mynd). Líkamsástand sandlóa spáði ekki marktækt fyrir um líkurnar á að hreiður klektust eða ekki.

Umraða

Meðalástand sandlóa versnaði að jafnaði eftir því sem leið á varptímann en fuglar veiddir seinna voru að jafnaði léttari miðað við stærð en fuglar veiddir fyrr (2. mynd). Léttingarmynstur kynja var svipað en áhrif spábreyta á kynin benda til að einstakir þættir hafi mismikil áhrif á þau. Skyldur kynjanna eru nokkuð mismunandi hjá flestum vaðfuglum. Á meðan að kvenfuglarnir þurfa að hafa orku til að mynda egg og liggja yfirleitt heldur meira á eggjum (t.d. Byrkjedal & Thompson 1998, Wallander 2001) hafa karlfuglar flestra tegunda meira að gera með varnir óðala ásamt því að karlfuglar verja

2. mynd. Breytingar á líkamsástandi sandlóa á varptíma við Holt í Önundarfirði og við Stokkseyri í Flóa. Gögn frá 2004 og 2005 eru sameinuð. Myndin sýnir ástandsvísitölu sandlóa (leifar af massa miðað við stærð; sjá nánari umfjöllun og tölfræði í texta). – *Changes in body condition of breeding Ringed Plovers on study sites at Holt in Önundarfjörður (NW-Iceland) and at Stokkseyri in Flói (S-Iceland). Changes in the body condition index (residual mass against a PCA score of size variables) against date (days after 30 April). Both sexes on both sites showed a significant seasonal decline in body condition. Statistics in text.*



3. mynd. Tengsl milli þyngdar paraðra karlfugla og kvenfugla. Gögn fyrir bæði ár og svæði eru sameinuð en þó eru aðeins með paraðir fuglar viktaðir á sama ári. Myndin sýnir ástands-vísitölu (leifar af massa miðað við stærð, sjá nánar í texta) fyrir bæði kyn, karlfuglar á x-ás, kvenfuglar á y-ás. – *Relationship between body condition (residual mass against a PCA score of size variables) of paired males and females, combined for both years and sites but only paired birds weighed during the same season included. There was no relationship between condition of male and condition female.*

oft heilmikilli orku í að verja kvenfuglinn fyrir öðrum karlfuglum (t.d. Norton 1972, Ashkenazie & Safriel 1979, Tulp 2002). Ekki er ólíklegt að munur á svörum kynjanna endurspegli ólík hlutverk þeirra. Þá er þekkt úr þessari rannsókn (Böðvar Þórisson o.fl. 2004) að karlfuglar dvelja lengur með ungunum á varpstöðvum en kvenfuglarnir svo að kynjamunur í orkunotkun er líklega enn meiri seinna á varptímanum. Rannsóknir á tímanotkun sandlóa eru líklegar til að hjálpa við að greina betur hvaða kröfur varptíminn gerir til kynjanna.

Ferlið sem leiðir til þess að sandlóur léttast yfir áleguna og upphaf ungaskeiðs er annað hvort vegna þess að þær éta minna (minni tími í fæðuleit, minna af fæðu eða neyta orkuminni fæðu) eða að þær erfiða meira. Eftir því sem að líður á áleguna eykst „fjárfesting“ fuglanna í eggjunum og þekkt er hjá ýmsum tegundum að einstaklingar verja meiri orku í varnir hreiðra og vöktun eftir því sem að líður á útungun (sjá yfirlit í Tulp o.fl. 2002). Mjög líklegt verður að teljast að þetta eigi líka við um sandlóu. Tíðarfar hefur líka áhrif á orkunotkun en fuglar nota meiri orku í kaldara veðri (Wiersma & Piersma 1994). Þá er þekkt að smávaxnir vaðfuglar bera meiri orkuforða ef þeir verpa norðar, væntanlega sem aðlögun að stopulla veðri (Tulp o.fl.

2002). Karlfuglar við Holt voru einmitt þyngri að jafnaði en karlar suður á Stokkseyri en ekki verður fullyrt án frekari athugana að það tengist hitamun á stöðunum tveimur.

Ekki fannst marktækt samband milli ástandsstuðuls einstaklinga og klakarángurs. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því. Ekki er víst að þó svo fuglar léttist jafnt og þétt yfir áleguna að það hái þeim endilega. E.t.v. þurfa sandlóur að verða talsvert léttari en þær sem voru léttastar hér til þess að vont ástand fari að koma niður á skyldustörfum. Einnig er hugsanlegt er að léttingin hafi aðlögunargildi. T.d. er mögulegt að eftir því sem að líður á útungun þurfi sandlóur að verja minni tíma í álegu (slíkt er þekkt hjá öðrum smáum vaðfuglum, t.d. Tulp o.fl. 2002), geti því varið meiri tíma í fæðuleit og þurfi þ.a.l. ekki að bera jafn mikinn varaforða. Þá væri gagnlegt að skoða breytingar á orkuforða einstaklinga og athuga hvort að það gæfi e.t.v. tengsl við varp-árangur. Þá ræðst breytileiki í afkomu hreiðra að stórum hluta af afráni (Böðvar Þórisson o.fl. 2004) sem ólíklegt er að tengist líkamsástandi með beinum hætti.

Það gefur ákveðnar vísbendingar að engin tengsl voru milli líkamsástands paraðra karlfugla og kvenfugla, meðan bæði gættu sama hreiðurs. Ef tíminn sem tiltekinn fugl liggur á hreiðrinu takmarkar ástand hans, má búast við neikvæðu sambandi milli ástands karlfugls og kvenfugls. Það er að segja ef að annar fuglinn liggur mikið á þarf hinn að liggja minna á og öfugt. Þetta er miðað við að hvert hreiður þurfi lágmarksumhyggju sem er krefjandi fyrir parið. Það að ekki var sýnilegt neikvætt samband milli þyngdar karls og kerlingar bendir til þess að tíminn sem fuglarnir verja á hreiðrinu sé líklega ekki mjög takmarkandi. Þá bendir þetta sambandsleysi ennfremur til þess að parið sé ekki að stríða við aðra sameiginlega og orkukræfa þætti. T.d. að nýta sameiginlega og takmarkaða fæðulind þar sem inntaka annars kemur niður á inntöku hins (t.d. innan óðalsins) eða að hjara á erfiðum óðulum þar sem umferð manna og/eða dýra gerir kröfur á bæði. Atferlisathuganir sýna að bæði við Holt og Stokkseyri virðast sandlóur sækja sér æti í nálægar fjöror, a.m.k. fyrri hluta álegunnar (Böðvar Þórisson og Vigfús Eyjólfsen óbirt gögn) en það styður að fæðuframboð á óðali hafi líklega lítil áhrif á ástand parsins. Ástand sandlóa á varptíma, þegar veður er sémilegt, er því líklegt til að ráðast mikið af einstaklingsbundnum þáttum en ekki þáttum sem eru parinu sameiginlegir.

Hér hefur verið lýst í stórum dráttum breytingum á þyngd sandlóa yfir álegu og upphaf ungaskeiðs. Til að varpa frekara ljósi á tengsl massa og eiginlegs ástands, takmarkandi þátta á varptíma og áhrifa líkamsástands á varpárangur væri vænlegt að athuga breytingar á þyngd einstaklinga yfir varptímann og að bera saman tíma-notkun og atferli kynjanna. Þá væri einnig fróðlegt að skoða ástand fyrir álegu og seinna á ungaskeiði en möguleikar á slíku takmarkast nokkuð af því að auðveldast er að veiða sandlóur til vigtunar meðan hreiðrið er fasti punkturinn í tilveru þeirra.

ÞAKKIR

Verndara verkefnisins, dr. Þorleifi Eiríkssyni, er þökkun margháttuð liðveisla. Kristjana Einarsdóttir, Petrína F. Sigurðardóttir, Kristín Jónsdóttir og Kristín Hálfðánardóttir aðstoðuðu við útvinnu. Þá fær heimilisfólkið í Holti í Öfundarfirði bestu þakkir. Guðmundur A. Guðmundsson, Helga Friðriksdóttir og Ólafur K. Nielsen lásu yfir handrit og færðu margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Arnbór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen & Agnar Ingólfsson 1980. Rannsóknir í Öfundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. – Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 12.
- Arnbór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989. Fuglalíf á tveimur leirum við Reykjavík, I. Vaðfuglar. – Náttúrufr. 59: 59-84.
- Ashkenazie, S. & U.N. Safriel 1979. Time-energy budgets of the Semipalmated Sandpiper *Calidris pusilla* at Barrow, Alaska. – Ecology 60: 783-799.
- Bryant, D.M. & P. Tatner 1991. Intraspecific variation in avian energy-expenditure - correlates and constraints. – Ibis 133: 236-245.
- Byrkjedal, I. & D.B.A. Thompson 1998. Tundra Plovers. – T & AD Poyser. London.
- Böðvar Þórisson, Vigfús Eyjólfsson & Tómas G. Gunnarsson 2004. Varpvistræði sandlóu. – Veggspjald á Afmælisráðstefnu Líffræðisins og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík. Útdráttur í ráðstefnuhefti.
- Cramp, S & K.E.L. Simmons 1983. *The Birds of the Western Palearctic*. Vol 3. – Oxford University Press, Oxford.
- Crawley, M.J. 1993. *Glim for Ecologists*. – Blackwell Scientific Publications. Oxford.
- Deerenberg, C., I. Pen, C. Dijkstra, B.J. Arkies, G.H. Visser & S. Daan 1995. Parental energy-expenditure in relation to manipulated brood size in the European kestrel *Falco tinnunculus*. Zoology – Analysis of Complex Systems 99: 39-48.
- Drent, R.H. & S. Daan 1980. The prudent parent – energetic adjustments in avian breeding. – Ardea 68: 225-252.
- Kam, J., B. Ens, T. Piersma & L. Zwarts 2004. Shorebirds: An illustrated Behavioural Ecology. – KNNV Publishers, Utrecht.
- Kersten, M. 1996. Time and energy budgets of Oystercatchers *Haematopus ostralegus* occupying territories of different quality. – Ardea 84A: 291-310.
- Meltofte, H. 1985. Populations and breeding schedules of waders, Charadrii, in high arctic Greenland. – Medd. Grøn., Bioscience 16: 3-43.
- Norton, D.W. 1972. Incubation schedules of four species of calidrine sandpipers at Barrow, Alaska. – Condor 74: 164-176.
- Piersma, T. 1998. Phenotypic flexibility during migration: optimization of organ size contingent on the risk and rewards of fuelling and flight? – J. Avian Biol. 29: 511-520.
- Prater, A.J., J.H. Marchant & J. Vuorinen 1977. Guide to the Identification & Ageing of Holarctic Waders. – British Trust for Ornithology, field guide 17. Tring.
- Priede, I.G. 1977. Natural selection for energy efficiency and relationship between activity level and mortality. – Nature 267: 610-611.
- Thorup, O. (comp.) 2006. Breeding waders in Europe 2000. – International Wader Studies 14. International Wader Study Group, UK.
- Tómas Grétar Gunnarsson 2001. Fuglar í Ölfusárósi. – Bliki 22: 1-12.
- Trivers, R.L. 1974. Parent-offspring conflict. – Am. Zool. 14: 249-264.
- Tulp, I., H. Schekkerman, P. Chylarecki, P. Tomkovich, M. Soloviev, L. Bruinzeel, K.V. Dijk, O. Hildén, H. Hötter, W. Kania, M.V. Roomen, A. Sikora & R. Summers 2002. Body mass changes of

little stints at different latitudes during incubation and chick-rearing. – Ibis 144: 122-134.

Wallander, J. 2001. Reproductive tactics, mating and parental care system in the Ringed Plover. – PhD thesis, University of Göteborg, Sweden.

Vehrencamp, S.L., J.W. Bradbury & R.M. Gibson 1989. The energetic cost of display in male sage grouse. – Anim. Behav. 38: 885-896.

Welty, J.C & L. Baptista 1988. The life of birds. – 4. útgáfa, Saunders College Publishing. New York.

Wiersma, P. & T. Piersma 1994. Effects of microhabitat, flocking, climate and migratory goal on energy expenditure in the annual cycle of Red Knots. – Condor 96: 257-279.

Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. – Vaka-Helgafell, Reykjavík.

SUMMARY

Changes in body condition of Ringed Plovers in Iceland during incubation

Breeding is an energy demanding process which produces tradeoffs between adult survival and current breeding success. Changes in body condition of breeding Ringed Plovers *Charadrius hiaticula* were studied on two sites in Iceland in 2004 and 2005. At Holt in Öfundarfjörður in NW-Iceland and at Stokkseyri in Flói in S-Iceland. Breeding plovers were caught once, on the nest or brooding and a body condition index (BCI) was calculated for each bird. The BCI was residual mass on size where size was a PCA score of head, culmen, wing and tarsus lengths. The BCI was obtained for the sexes separately. Males were slightly larger for all measured characters but significantly so only for head and bill (Table 1). The BCI showed a significant seasonal decline for both sexes on both study sites (Figure 2). General linear models were used to model the BCI for each sex as a function of date (days after 30 April), incubation stage of current nesting attempt (days before {-} or after {+} hatching date as estimated by water immersion of eggs or size of chicks), place and year. Significant predictors of the BCI for males were date and place but males at Holt were on average in a better condition on any given date than males at Stokkseyri. Significant predictors for females were date and incubation stage (Table 2). This suggests that the nesting (i.e. laying and incubation) itself affects the females proportionately more than the males who's duties are spread more evenly throughout the breeding season. There was no relationship between the BCI of paired males and females which might suggest that body condition is largely determined by individual factors and not factors that are common to the pair such as predator distractions, food supplies or incubation duties. The BCI was not found to be related to hatching success (logistic regression, predicting success or failure from the BCI) in this study.

Tómas G. Gunnarsson, Háskóli Íslands, Háskólasetur Snæfellsness, Hafnargata 3, 340 Stykkishólmur.

Vigfús Eyjólfsson, Heimahaga 13, 800 Selfoss.

Böðvar Þórisson, Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík.

Tilvitnun:

Tómas G. Gunnarsson, Vigfús Eyjólfsson & Böðvar Þórisson 2006. Þyngdarbreytingar sandlóa á varptíma. – Bliki 27: 7-12.

Nýlegar breytingar á fjölda íslenskra bjargfugla

Hér greinir frá talningum á fimm tegundum bjargfugla síðastliðna tvo áratugi. Talið var með nokkurra ára millibili á sniðum í Krísuvíkurbergi og Skoruvíkurbjargi, svo og í Hafnabergi öllu. Á Snæfellsnesi og í Drangey var talið tvisvar á tímabilinu, með 22 og 16 ára millibili. Þrjú munstur komu í ljós: Langvía og álka voru í jafnvægi eða fjölgaði lítillega fram undir aldamót, en vorið 2005 hafði þeim fækkað bæði suðvestanlands og á Langanesi. Breytingar á fjölda ritu voru ekki samstiga milli landshluta. Fyl fækkaði að meðaltali um 2-3% á hverju ári, en stuttnefju um 7% á ári.

Inngangur


Óvíða er fjöldi bjargfugla meiri en hér á landi. Fjöldi fjögurra tegunda á árunum 1983-1985 var áætlaður sem hér segir: rita *Rissa tridactyla* 630.000 pör í um 190 byggðum (Arnpór Garðarsson 1996), langvía *Uria aalge* 990.000 í 59 byggðum, stuttnefja *Uria lomvia* 580.000 í 43 byggðum og álka *Alca torda* 380.000 pör í um 65 byggðum (Arnpór Garðarsson 1995). Útbreiðsla þessara tegunda er nokkuð mismunandi. Ritan verpur aðallega norðanvert á landinu, frá Látrabjargi austur á Langanes, en á því svæði voru um 70% hreiðranna á árunum 1983-1985. Svartfugla- tegundirnar þrjár voru langmest á Vestfjörðum, aðallega í Látrabjargi, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi, en þar urpu 76% af langvíunni, 91% af stuttnefjunni og 80% af álkunni. Rúmlega 300.000 fýlssetur *Fulmarus glacialis* fundust í þeim fuglabjörgum og eyjum sem talið var í 1983-1985, en sennilega er það aðeins lítill hluti varpstofnsins, því að mikið af fýl verpur í öðrum sjávarhömrum og í björgum fjarri sjó. Lundinn *Fratercula arctica*, sem eflaust er algengasti sjófugl hér við land, verður ekki talinn með þeim aðferðum sem ég beitti og er því ekki til umræðu hér.

Tilgangur könnunarinnar 1983-1985 var að afla grundvallargagna um fjölda bjargfugla sem nýtast til margvíslegra vistfræðilegra rannsókna og auðvelda meðal annars samanburð í framtíðinni. Í þessari grein verður skýrt frá niðurstöðum endurtekinna talninga á sjófuglum síðustu tvo áratugi á nokkrum stöðum (1. mynd). Föst talningasnið voru sett á fót í Krísuvíkurbergi á Reykjanesskaga, og talið þar fyrst 1985, og í Skoruvíkurbjargi á Langanesi, þar sem fyrst var talið 1986. Þessar talningar voru endurteknar 1994, 1999 og 2005. Einnig var talið í Hafnabergi á Reykjanesi sömu ár og í Krísuvík. Auk þessa hafa talningar farið fram í Drangey, 1984 og 2000, og á Snæfellsnesi, 1983 og 2005.

Sjófuglar eru almennt langlífir, viðkoman er lítill og þeir eru lengi að ná kynþroska. Því gefur augaleið að stofnbreytingar þeirra verða ekki kannaðar nema á löngum tíma og til þess þarf langtímarannsóknir (sbr. Tómas G. Gunnarsson 2002). Ýmsir fræðimenn hafa bent á að rannsóknir á vexti og viðgangi sjófuglastofna

séu líklegar til að skila mikilvægum upplýsingum um vistkerfi sjávar, upplýsingum sem erfiðara er að afla með hefðbundnum sjávarrannsóknum. Augljós ástæða fyrir þessu er að sjófuglar eru ofansjávar og sjást vel. Því er tiltölulega auðvelt að telja þá með mikilli nákvæmni og niðurstöður fást á stuttum tíma. Fiska og önnur sjávardýr er hins vegar erfitt að telja svo vel sé. Einnig má benda á að sjófuglar ferðast oft um mjög stór hafsvæði og breytingar á högum þeirra geta því gefið til kynna umhverfisbreytingar á stóru svæði, sem annars er erfitt að staðfesta með hefðbundnum líffræðilegum athugunum, en tengjast trúlega hnattrænum atburðum.

Ekki er með öllu vandalaust að telja bjargfugla og fylgjast með stofnbreytingum þeirra og umhverfis- aðstæðum. Segja má að Íslendingar standi hér bæði vel og illa að vígi. Vel af því að þeir búa í næsta nágrenni við nokkrar stærstu fuglabbyggðirnar, illa af því að þjóðin er fámenn og notar afar lítið fé til grunnrannsókna. Nágrannabjóðirnar hafa hins vegar kostað talsvert miklu til að kanna sjófuglastofna sína og ástand þeirra. Hér er allt of lítið gert til þess að kanna viðgang sjófugla og til að fylgjast sómasamlega með vistfræði sjávar almennt. Íslendingum er líka nokkur vorkunn, hér er einna hæsta hlutfall í heimi á milli stofna sjófugla og manna, íslenskir



1. mynd. Kort af Íslandi sem sýnir talningarsvæðin og 200 m dýptarlínu. – Map of Iceland and the 200 m depth contour, showing cliff sites where seabird numbers were monitored.



2. mynd. Snið nr. 17 í Skoruvíkurbjargi
3. júlí 1999 (efri myndin) og 28. júní
2005 (neðri myndin). Myndirnar sýna
að mikil fækkun varð á bjargfugli á
þessu tímabili. – *Transect 17 in the
Skoruvík cliff on 3 July 1999 (upper
photo) and on 28 June 2005 (lower
photo).*



1. tafla. Endurteknar talningar í Hafnabergi á Reykjanesi, Krísuvíkurbergi og Skoruvíkurbjargi 1982-2005. Í Hafnabergi er gefin heildartalning fyrir 1300 m bjargs, en fyrir Krísuvík og Skoruvík er gefinn meðalfjöldi á 100 m bjargs ± staðalskekkja. – Repeated counts of cliff breeding seabirds at Hafnaberg, Krísuvík and Skoruvík in 1982-2005. Figures for Hafnaberg are total counts for 1300 m of cliff, whereas numbers for Krísuvík and Skoruvík are averages per 100 m of transects ± SE.

Ár <i>Year</i>	Dags. <i>Date</i>	Fýll <i>F.glacialis</i>	Rita <i>R.tridactyla</i>	Stuttnefja <i>U.lomvia</i>	Langvía <i>U.aalge</i>	Álka (bjarg) <i>A.torda</i>	Hlutföll á sjó – <i>Sea ratios</i>		
							<i>A.torda/</i> <i>U.aalge</i>	<i>A.torda</i> (<i>n</i>)	<i>U.aalge</i> (<i>n</i>)
Hafnaberg ¹									
1982	15.07.	20	2720	158	833	104	0,732	259	354
1985	25.06.	–	2120	119	855	103	0,631	529	838
1994	12.07.	–	2280	102	647	135	0,459	304	663
1999	28.06.	13	3584	32	985	124	0,495	203	410
2005	13.06.	17	1784	6	500	63	0,722	254	352
Krísuvík ²									
1985	26.-27.06.	28±5	226±38	28±7	496±65	187±47	0,440	1129	2567
1994	05.-06.07.	25±4	280±64	14±4	543±109	127±27	0,637	1308	2054
1999	13.-14.07.	31±5	441±60	6±2	587±100	258±38	0,499	399	800
2005	04.-05.07.	20±4	475±57	3±2	262±48	73±14	0,465	459	987
Skoruvík ³									
1986	30.06.-02.07.	143±21	2250±272	803±151	1989±427	161±37	0,145	280	1932
1994	29.-30.06.	127±16	2428±286	667±139	2733±506	122±26	0,123	191	1548
1999	02.-03.07.	108±19	2008±217	441±76	3114±629	142±36	0,089	208	2338
2005	27.-28.06.	64±10	607±76	245±52	1513±252	68±10	0,187	152	815

¹ Hafnaberg: heildartalning, á alls 1300 m strönd. – Hafnaberg total count on 1300 m coastline.

² Krísuvík: alls 15 snið, lengd 591 m. – Krísuvík 15 transects, total length 591 m.

³ Skoruvík: 15 snið, lengd alls 265 m, en rituhreiður á talin á 19 sniðum sem hvert um sig var 10m breitt. – Skoruvík 115 transects, total length 265 m, except for Kittiwake nests counted on 19 transects, each 10m wide.

sjófuglar eru kringum 15 milljónir, en þjóðin er um þrjúhundruð þúsund. Þetta gerir hlutfallið 50 sjófuglar á móti hverjum Íslendingi. Í Noregi er hlutfallið 1 á móti 1, og einnig í Skotlandi, en séu Bretlandseyjar allar teknar með í reikninginn verður hlutfallið um 0,1 sjófugl á hvern íbúa. Við þetta bætist að margar tegundir sjófugla hér á landi búa við mikið þéttbýli í stærstu björgunum, þar sem afar erfitt er að fylgjast vel með. Fyrir utan þessa staðbundnu erfiðleika er víðast hvar mikill skortur á reglubundnum mælingum á langtíma-breytingum í lífríki, en túlkun takmarkaðra gagna getur orðið hæpin þegar mælingar vantar.

Aðferðir

Talningaraðferðir voru í stórum dráttum þær sömu og áður hefur verið lýst (Arnþór Garðarsson 1995, 1996). Talningar fóru fram seint í júní og fyrri helming júlí. Jafnan var talið að degi til, milli kl. 8 og 19. Fyrir fyl er stuðst við setur sem einn eða tveir fuglar sátu, fyrir ritu er notað fullgert og setið hreiður. Talningar-einingin fyrir svartfugl var einstakur fugl, en hægt er að meta fjölda para með því að margfalda þá tölu með 0,7. Álka er talin í bjargi, en það gefur of lága tölu vegna þess hve állkan er felugjörn, og því er jafnan kannað hlutfall álku á móti langvíu í stórum úrtökum á sjónum undir bjarginu og er þá gengið út frá því að þessar tvær tegundir séu hlutfallslega jafnmikið á sjó og í bjargi. Þetta þarfnast þó nánari athugunar því að

ekki er víst að atferli þessara tegunda sé alltaf sambærilegt þegar skilyrði breytast frá ári til árs.

Krísuvíkurbjarg og Skoruvíkurbjarg eru bæði fremur stór björg þar sem hentugt er að beita talningum á mældum, nokkurra metra breiðum, lóðréttum sniðum sem staðsett eru með ljósmyndum og GPS staðsetningar-tækni.

Í Skoruvíkurbjargi er auðvelt að telja, vegna þess að bjargið er allt með þröngum víkum, og því hægt að ganga fram á tanga og telja og mynda bjargið á móti. Auk þess er bjargið að mestu úr fremur þétu blágrýti þar sem rof er fremur hægt, og má því þekkja einstaka steina aftur á myndum, þótt ár eða áratugir líði milli athugana (2. mynd). Þar er fuglavarpið mjög þétt og bjargið hefur verið svo þétt setið rituhreiðrum að erfitt hefur verið að telja á sniðum. Var því gripið til þess ráðs að ljósmynda sniðin og telja rituhreiður af myndum á 10 m breiðum sniðum, en það gefur mjög nákvæmar tölur. Upphaflega voru mörkuð 24 snið á 3,4 km bjargs til þess að telja ritu og 18 snið á 2,3 km fyrir svartfugl og fyl í Skoruvíkurbjargi. Rituhreiður voru ljósmynduð á 19 endurteknum sniðum en aðrar talningar voru endurteknar á 15 sniðum sem af ýmsum ástæðum var auðvelt að komast að á stuttum tíma.

Krísuvíkurbjarg (3. mynd) reyndist allerfitt til talninga. Það er fremur lítið vogskorið og því stundum óljóst hvernig afmarka ber snið. Rofof er alltaf mjög mikið í Krísuvíkurbjargi og algengt að stórir bjarghlutar detti

burt og hverfi. Þetta var sérstaklega áberandi eftir jarðskjálfta sumarið 2000. Þá grófst Austarilækur í bjargbrúnina og hvarf fossinn ofan til, en stórar sprungur mynduðust meðfram bjargbrúninni, þannig að ekki varð alls staðar árennilegt að ganga um. Í upphafi voru 38 snið í Krísuvíkurbergi, en ekki tókst að endurtelja nema 15, og eru þau öll í austanverðu bjarginu, frá vitanum og austur úr. Hafnaberg (sjá 9. mynd) er lítið og aðgengilegt og þar hefur jafnan verið talið í öllu bjarginu um svipað leyti og í Krísuvíkurbergi.


Hér er einnig minnst á fjölda á tveimur öðrum stöðum. Á Snæfellsnesi eru nokkur lítil björg sem auðvelt er að telja og voru þau könnuð allitarlega bæði

1983 og 2005 (Bornaechea & Arnþór Garðarsson 2006). Þar fengust alls staðar heildartölur og voru allar tegundir bjargfugla teknar með. Drangey á Skagafirði var mynduð úr lofti 2. júlí 1984 og könnuð á vettvangi 5. júlí 1985. Niðurstöður fyrir langvíu og stuttnefju í Heiðnavík voru teknar út úr þessari athugun og bornar saman við talningu sem gerð var á staðnum 6. júlí 2000.


Fækkun stuttnefju frá miðjum áttunda áratugnum gefur tilefni til þess að kanna nánar hvort líkur séu á að hún sé framhald á lengra ferli. Grein Þorsteins Einars-sonar (1979) er eina heimildin um fjölda stuttnefju og langvíu í íslenskum fuglabjörgum á fyrri áratugum. Áður hefur verið bent á erfiðleika sem eru á því að



3. mynd. Krísuvíkurberg yfirlit: séð til vesturs frá Austaralæk, júlí 1999. – *Krísuvík, general view of the cliff, July 1999.*



4. mynd. Fjöldi fýllsetra á sniðum í Krísuvíkurbergi og Skoruvíkurbjargi 1985-2005 sýnd sem vísitala fjölda, sem er miðuð við meðalfjölda (=1) á athugunartímabilinu. Einnig er sýnd staðalskekkja. – Number of Fulmar *Fulmarus glacialis* sites (AOS) in Krísuvíkurborg, SW-Iceland, and Skoruvíkurbjarg, NE-Iceland, shown as index of number, the index is based on the mean number (=1) during the observation period. Error bars show standard error.



5. mynd. Fjöldi rituhreiðra á sniðum í Krísuvíkurbergi og Skoruvíkurbjargi og í nokkrum öðrum fuglabjörgum 1982-2005. Vísitala og skekkja: sjá skýringar við 4. mynd. – Number of Kittiwake *Rissa tridactyla* nests (AON) in Krísuvíkurborg, SW-Iceland, and Skoruvíkurbjarg, NE-Iceland, and some other sites in 1982-2005. For index and error, see Fig. 4.

nota tölur Þorsteins fyrir stærstu björgin til samanburðar við síðari talningar (Arnbór Garðarsson 1995). Þrátt fyrir þetta, má ætla að talningar í flestum smærri björgum gætu gefið sambærilegar niðurstöður og hef ég sett þær tölur fram hér til glöggvunar.

Niðurstöður

Niðurstöður endurtekinna talninga á sniðum í Krísuvík og Skoruvík og heildartalninga í Hafnabergi eru sýndar í 1. töflu. Þessar tölur eru yfirleitt umreiknaðar sem heildartölur og ýmiss konar hlutföll í textanum hér á eftir. Um talningar á Snæfellsnesi vísast í Bornaechea og Arnbór Garðarsson (2006).


Fýll

Í Krísuvíkurbergi var heildarfjöldi fýllsetra áætlaður 2800 árið 1985, árið 1994 var reiknaður fjöldi nokkru minni, eða 2100, og 1999 var hann aftur meiri, eða 2400. Veruleg fækkun, í innan við 1800 setur, hafði orðið 2005. Í Skoruvíkurbjargi fækkaði fýll hægt í fyrstu, eða úr 3600 setrum árið 1985 í um 2800 árið 1999, en árið 2005 var talan komin í aðeins 1600 setur. Niðurstöðurnar í Krísuvík og Skoruvík eru mikið til samstiga (4. mynd) og benda til þess að fýll hafi fækkað að meðaltali um 2,6% á ári þessa tvo áratugi.

Rita

Fjöldi rituhreiðra í Krísuvíkurbergi var áætlaður kringum 30.000 um miðjan áttunda áratuginn og var í lágmarki, um 21.000, árið 1985 (Arnbór Garðarsson 1996). Eftir það fór ritu fjölgandi og árið 2005 voru áætluð rúmlega 40.000 hreiður í berginu. Líkt og í Krísuvík var fjöldinn í Hafnabergi í lágmarki árið 1985, 2100 hreiður alls, en hámarkið var síðan árið 1999

(alls 3600 hreiður), en ekki 2005, og kann það að tengjast því að varp hafi farið seint af stað, en talið var fremur snemma árið 2005. Á Snæfellsnesi var fjöldi ritu svo til sá sami árið 2005 og 1983, rúmlega 16.000 hreiður, en hafði sennilega gengið í gegnum fjölgun um 1992 þegar hreiðrin voru um 22.000 (Ævar Petersen



6. mynd Fjöldi stuttnefju á sniðum í Krísuvíkurbergi og Skoruvíkurbjargi og í nokkrum öðrum fuglabjörgum 1982-2005. Vísitala og skekkja: sjá skýringar við 4. mynd. – Number of Thick-billed Murres *Uria lomvia* in Krísuvíkurborg, SW-Iceland, and Skoruvíkurbjarg, NE-Iceland, and some other sites in 1982-2005. For index and error, see Fig. 4.


1993). Í Skoruvíkurbjargi voru 70.000 - 80.000 rituhreiður á tímabilinu 1986-1999, en sumarið 2005 hafði orðið gríðarleg fækkun, í um 20.000 hreiður. Samkvæmt þessu breyttist fjöldi ritu á Suðvesturlandi og Norð-austurlandi ekki í takt (sbr. 5. mynd).

Stuttnefja

Stöðug og jöfn fækkun stuttnefju varð á öllum talningastöðunum og nam fækkunin tæplega 7% á ári (6. mynd). Samanburður á áætluðum fjölda stuttnefju í nokkrum björgum, þar sem telja verður líklegt að talningar okkar Þorsteins Einarssonar (1979) séu sam-bærilegar, bendir til þess að fækkun hafi orðið milli 1950-1960 og 1985 en verið hægari, innan við 2% á ári (2. tafla). Í Krísuvíkurbergi var fjöldinn áætlaður um 2600 pör árið 1985, 1994 hafði fækkað í 1350 pör, 1999 í 650 og árið 2005 voru þau aðeins rúmlega 200. Í Hafnabergi fækkaði úr 80 pörum í um fjögur á sama tímabili. Í Þúfubjörgum á Snæfellsnesi var fækkunin úr um 240 pörum 1983 í um 100 árið 2005 og í Svörtuloftum fór fjöldinn úr 840 í 180 á sama tíma. Í Heiðnavík í Drangey voru áætluð um 6700 stuttnefjupör árið 1984 en aðeins 4300 árið 2000. Í Skoruvíkurbjargi fór heildarfjöldinn úr 12.000 pörum 1986 í 6600 árið 1999 og loks í 3700 (30% af upphaflegri tölu) árið 2005.

Langvía

Fjöldi langvíu breyttist á svipaðan hátt í þeim björgum sem skoðuð voru (7. mynd). Hægfara fjölgun, að meðaltali um 1% á ári, varð frá því kringum 1985 til aldamóta, en um helming fækkun var orðin 2005 og svarar það til 9% árlegrar fækkunar 1999-2005. Samanburður við tölur Þorsteins Einarssonar (1979) bendir til fjölgunar frá miðri 20. öld. Í Krísuvíkurbergi var heildarfjöldinn kringum 20.000 pör 1985 og jókst



7. mynd Fjöldi langvíu á sniðum í Krísuvíkurbergi og Skoruvíkurbjargi og í nokkrum öðrum fuglabjörgum 1982-2005. Vísitala og skekkja: sjá skýringar við 4. mynd. – Number of Common Murres *Uria aalge* in Krísuvíkurberg, SW-Iceland, and Skoruvíkurbjarg, NE-Iceland, and some other sites in 1982-2005. For index and error, see Fig. 4.

2. tafla. Fjöldi svartfugla (pör) í nokkrum fuglabjörgum á árunum 1954-1961 (Þorsteinn Einarsson 1979) borinn saman við 1983-1985 (Arnþór Garðarsson 1995). Meðal-breyting (%) milli ára í sviga. – Estimated numbers (pairs) on some cliffs in 1953-1960 compared with 1983-1985. Mean annual change in parentheses.

	Ár Year	Stuttnefja <i>Uria lomvia</i>	Langvía <i>Uria aalge</i>
Eldey	1960	650	1500
Eldey	1984	500 (-1)	2700 (+2)
Hafnaberg	1959	300	600
Hafnaberg	1985	80 (-5)	600 (0)
Þúfubjörg	1954	275	700
Þúfubjörg	1983	240 (-0)	1400 (+2)
Svörtuloft	1954	1000	250
Svörtuloft	1983	840 (-0)	1100 (+5)
Drangey	1954	50000	100
Drangey	1984	21000 (-3)	6000 (+14)
Rauðinúpur	1959	500	700
Rauðinúpur	1984	760 (+2)	2100 (+4)
Papey	1961	150	1500
Papey	1985	50 (-5)	2000 (+1)
Meðalbreyting á ári (%)			
– Mean annual change (%)		-2	+4


síðan lítið eitt þar til 1999 (um 24.000 pör), en 2005 var hann kominn niður í 11.000 pör. Í Hafnabergi var fjöldinn kringum 600 pör í fyrstu, árið 1994 sáust aðeins 450 pör (en þá var talið fremur seint), en mestur varð fjöldinn, 690 pör, árið 1999. Árið 2005 voru svo aðeins 350 langvíupör í Hafnabergi. Á Snæfellsnesi var einnig um helmingi minna af langvíu sumarið 2005 en 1983. Í Heiðnavík í Drangey var heldur meira (2900 pör) af langvíu árið 2000 en 1984 (2600 pör). Í Skoruvíkurbjargi virtist langvíu fara hægt fjölgandi, úr um 30.000 pörum árið 1986 í 47.000 árið 1999, en síðan fækkaði í 23.000 pör 2005.

Álka

Miklu erfiðara er að meta fjölda álku en langvíu eða stuttnefju og vísitölur sýna töluverðan breytileika (8. mynd). Álkan var talin bæði sem fuglar í bjargi og sem hlutfallslegur fjöldi á sjónum undir bjarginu, miðað við langvíu. Báðar tölurnar benda til þess að fjöldi álku hafi breyst á svipaðan hátt og fjöldi langvíu og mikil fækkun orðið árið 2005. Sjávarhlutfallið undir Skoru-víkurbjargi hélst þó hátt og jafnt öll árin.

Umraða

Sjófuglar eru margir áberandi útlits og háværir, þannig að fólk tekur eftir þeim. Þær tegundir sem verpa í björgum eru oft í þéttum byggðum sem mönnum eru vel kunnar, og hér á landi eru margar tegundir nytjaðar á varpstað. Svartfuglinn er auk þess töluvert mikið skotinn á sjó á veturna og snemma vors. Dauða



8. mynd. Fjöldi álku í Krísuvíkurbergi, Hafnabergi 1982-2005. Efra línuritið sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda sem sást í bjargi. Neðra línuritið er byggt á hlutfalli álku og langvíu á sjó undir bjarginu. Vísitala og skekkja: sjá skýringar við 4. mynd. – Number of Razorbills *Alca torda* in Krísuvíkurborg and Hafnaberg, SW-Iceland, and Skoruvíkurborg, NE-Iceland, in 1982-2005. Upper graph shows relative number seen on the cliff. Lower graph based on ratio Razorbill/Common Murre loafing on the sea at the cliff. For index and error, see Fig. 4.

sjófugla rekur oft og safnast þeir þá fyrir í flóðfarinu (sjá t.d. Ólaf K. Nielsen & Ólaf Einarsson 2004). Allt gerir þetta að verkum að einhverjir eru líklegir til að taka eftir því þegar breytingar verða á högum þessara stofna. Stór áföll og skyndilegar uppkomur eru þó líklegri til þess að vekja eftirtekt heldur en hægfara breytingar, sem erfitt er að meta nema með nákvæmum talningum.

Til þess að meta breytingar á sjófuglastofnum og útskýra af hverju þær verða, er nauðsynlegt að fylgjast vel með tegundunum og umhverfi þeirra, með öðrum orðum að stunda svokallaðar langtímarannsóknir. Lágmarkið er að meta fjölda og viðkomu, helst á hverju ári, en það þarf líka að fylgjast með umhverfisbreytingum, einkum fæðuskilyrðum, veðráttu, ástandi sjávar og áhættuþáttum af mannavöldum, svo sem mengun, fuglaveiðum og áhrifum af völdum fiskveiða og veiðarfæra. Sumt af þessum upplýsingum er hægt

að nálgast frá stofnunum og rannsakendum bæði hér á landi og erlendis, en í öðrum tilvikum þarf að safna nýjum gögnum og mæla. Langtímarannsóknir af þessu tagi hafa ekki alltaf átt upp á pallborðið hjá þeim sem deila út fé til rannsókna, enda falla þær illa að útbreiddum hugmyndum um vísindalegar tilgátur og prófun. Árangurinn er ekki bara óviss og ófyrirséður (eins og vera ber í rannsóknum), heldur er hann líka langt undan og oft ekki í sjónmáli eftir áratuga langa gagnasöfnun.

Í þeirri athugun sem hér er lýst komu í ljós þrjú allglögg munstur og verður gerð nánari grein fyrir þeim hér á eftir. Rétt er að benda á að þessi munstur hafa verið að koma smám saman í ljós á 10-20 árum og eftir fyrstu 20 árin er ljóst að bæði þarf að auka tíðni mælinga og fjölga þeim þáttum sem mældir eru og er brýnt að setja sem fyrst saman áætlun sem miði að því að tengja slíka vöktun við vöktun á sjónum við Ísland.

Rita – staðbundnar breytingar

Breytingar á fjölda ritu voru ekki samstiga milli landshluta. Á Reykjanesskaga var ritu enn að fjölga upp úr aldamótunum eftir lögð sem þar var um 1985. Á Snæfellsnesi var fjöldinn svipaður og 20 árum áður. Svo virðist sem ritan hafi komist af á Suðvesturlandi þrátt fyrir loðnuleysi vorið 2005. Þar gat hún líka aflað nægilegs ætis um sumarið til að fódra ungana og var afkoma þar bærileg (Arnþór Garðarsson 2006). Ritunni hafði hins vegar fækkað mjög mikið í síðustu talningu á Langanesi. Austanlands virðist hafa ríkt algert átualeysi bæði um vorið og sumarið 2005 og það hefur orðið til þess að ritan skilaði sér ekki í varpið eða hvarf á varptíma. Ungafraðleiðsla hjá ritu var nær engin á austanverðu landinu sumarið 2005 (Arnþór Garðarsson 2006).

Langvíu og álka – skortur á loðnu og síli á landgrunninu

Langvíu og álka voru í jafnvægi, eða fjölgaði lítillega, frá því kringum 1985 og fram undir aldamót en vorið 2005 hafði þeim fækkað bæði suðvestanlands og á Langanesi. Báðar þessar tegundir eru að miklu leyti staðfuglar á íslenska landgrunninu (Ævar Petersen 1998, CAFF 2004). Stofnar þeirra ættu því að ráðast af atburðum í sjónum hér við land og ástand átu kemur þar sterklega til greina. Vetrarfæða álku og langvíu er fjölbreytt og virðist allbreytileg milli svæða og e.t.v. í tíma. Fæðan er einkum sandsíli *Ammodytes* spp. og loðna *Mallotus villosus*, ljósáta, aðallega *Thysanoessa* spp., og síld *Clupea harengus*. Sandsíli og loðna voru aðalsmarfæða beggja tegundanna (Kristján Lillendahl & Jón Sólmundsson 1998). Veturinn 2001-2002 varð mikið vart við hungurdauðan, sjórekinn svartfugl, einkum norðanlands (Ólafur K. Nielsen & Ólafur Einarsson 2004). Á hverjum vetri upp frá því hefur mikið verið um hordauðan og rekinn fugl (Ólafur K. Nielsen, munnl. uppl.). Eins og um getur annars staðar í þessu riti (Arnþór Garðarsson 2006) hegðaði loðnugangan sér óvenjulega vorið 2005, og sandsíli virtist

vanta við mestallt landið. Líklegasta skýringin á stofnþróun langvíu og álku virðist vera sú að þær hafi ekki skort fæðu frá því upp úr 1980 fram til aldamóta. Síðan hafi það gerst, og með fullum þunga veturinn 2004-2005, að margir helstu fæðustofnarnir hafi meira og minna brugðist samtímis. Erfitt er að spá um framhaldið, en vegna þess að nokkuð margar fæðutegundir koma við sögu, virðist sennilegt að núverandi stofnlægð álku og langvíu vari stutt.

Fýll og stuttnefja – víðtækar langtímabreytingar

Fýll fækkaði að meðaltali um 2-3% á hverju ári, en stuttnefju um 7% á ári. Fækkun fýls er nýtilkomin en hún virðist gerast á sama tíma og á Bretlandseyjum (Tasker 2004). Fýlnum hafði áður fjölgað öldum saman bæði hér á landi og á Bretlandi, og er fjölgunin oft talin hafa byrjað á 18. öld (sjá t.d. Fisher 1952, Finnur Guðmundsson 1952). Fjölgun fýlsins hefur verið vandlega skráð, sérstaklega á Bretlandseyjum, en skýringar á þessari fjölgun hafa aldrei verið neitt sérlega vel undirbyggðar, enda lítið um beinharðar staðreyndir í þeirri sögu. Bjarni Sæmundsson (1934, 1936) taldi ekki ólíklegt að hvalveiðar fyrr á öldum og síðar stórauðnar fiskveiðar hefðu valdið fjölgun fýlsins í N-Atlantshafi. James Fisher (1952) komst að sömu niðurstöðu, en Wynne-Edwards (1962) stakk upp á að

erfðabreyting hefði átt sér stað og breytt eiginleikum í lífsferli stofnsins. Salomonsen (1965) tók undir þessa skoðun en lagði einnig áherslu á þátt umhverfisbreytinga og það gerði líka Brown (1970). Allt fram á síðasta áratug litu menn á fjölgun fýlsins sem eins konar náttúrulögmál, óhjákvæmilega framvindu. Nú, þegar fyrstu merki fækkunar virðast vera að koma í ljós, er kannski tímabært að reyna að skýra orsakasamhengið í stofnvistfræði fýlsins. Fýllinn er ein af þeim fugla- tegundum sem hafa getað nýtt hvalveiðar, fiskveiðar og úrgang til fæðuöflunar, en hann nýtir einnig sjófang sem hann aflar sjálfur án milligöngu manna, bæði uppsjávarfisk og svífdýr. Á síðustu árum hafa komið í ljós langtímabreytingar á magni rauðátu *Calanus finmarchicus* sem sýna fylgni við svonefnda Norður-Atlantshafs sveiflu (NAO, North Atlantic Oscillation) sem er veðurfarsvísitala byggð á loftþrýstingsmun milli Íslands og Asíeyja. Rauðátan hefur minnkað stórlega á síðustu áratugum um leið og NAO talan hefur hækkað (sjá t.d. Reid o.fl. 1998). Jafnframt sýnir langtímarannsókn á Orkneyjum neikvætt samband milli NAO og fýlastofnsins, bæði fjölda í varpi og varpárangurs (Thompson & Ollason 2001). Nú er ekki vitað til að fýllinn éti rauðátu, en hins vegar er hún það mikilvæg undirstaða í fæðuvefnum, að viðgangur rauðátu hlýtur að hafa mjög víðtæk áhrif á aðra stofna, bæði dýr sem



9. mynd. Hafnaberg úr suðvestri, mynd tekin úr flugvél í júlí 2006. Í baksýn má greina Hafnir og Keflavíkurflugvöll. – Hafnaberg, aerial view from the Southwest, July 2006.

nýta hana beint, eins og ljósátu (*Euphausiacea*) og uppsjávarfiska, og einnig stærri fiska og önnur dýr, sem eru ofar í fæðuvefnum. Þótt tölfræðilegar upplýsingar bendi sterklega til að þarna geti verið samband á milli, verður samt að hafa í huga að enn vantar beinar athuganir sem sýna hvernig tengslunum er háttað.

Fækkun stuttnefju síðastliðin 20 ár er mikil, allt að 7% á ári hverju. Vísbendingar eru um að fækkun hafi einnig orðið frá miðri 20. öld (Þorsteinn Einarsson 1979) til 1985 en verið hægari, innan við 2% á ári (sbr. 2. tafla). Stuttnefjan er norðlægur fugl og því freistandi að benda á hlýnun loftslags sem orsök fækkunar hér á suðurmörkum útbreiðslunnar. Á Grænlandi og í austanverðu Kanada hefur löngum verið talið að stuttnefju færi fækkandi. Þeir Nettleship og Birkhead (1985 og margar heimildir þar) tóku saman stöðuna og áætluðu að fuglunum hefði fækkað um 20-40% á árunum 1955 til 1980, en það svarar til 1-2% fækkunar að meðaltali á ári, sem er álíka fækkun og hægt er að áætla fyrir íslenska stofninn á svipuðu tímabili. Einkum var bent á tvær orsakir fyrir fækkun stuttnefju: þær færust unnvörpum í reknetjum, einkum laxanetjum sem síðar voru bönnuð, og væru ofveiddar, bæði á Grænlandi og á veturna við Labrador og Nýfundnaland. Fækkun stuttnefju á V-Grænlandi hefur haldið áfram (Evans & Kampp 1991, Kampp o.fl. 1994). Sú skoðun að stuttnefju fækki af völdum ofveiði á V-Grænlandi kemur einnig fram í nýlegri grein þar sem bornar eru saman gamlar tölur frá 1905-1920 í fuglabjörgum á 70-72°N við nýlegar tölur frá árinu 2000 (Burnham o.fl. 2005). Niðurstöðurnar eru nokkuð ógnvekjandi: í björgum þar sem áður voru kringum 500.000 stuttnefjupör alls var nú engin, og engar spurnir voru af þessari tegund á svæðinu eftir 1984. Í Kanada hefur hins vegar orðið fjölgun á stuttnefju á síðari árum, bæði á eyjum fyrir mynni Hudsonflóa (63°N) og norður fyrir Baffinsland á 74°N (Gaston & Hipfner 2000), en varp syðst á svæðinu er nú fyrr á ferðinni og er það rakið til hlýnandi loftslags (Gaston o.fl. 2005). Merkingar og vandaðar rannsóknir á stuttnefju í austurhluta Kanada benda til þess að vetrarveiðar hafi ekki haft teljandi áhrif á breytingar á fjölda stuttnefju á Coats-eyju við Hudsonflóa. Þó er talið líklegt að fjöldi í þessari byggð og einnig þeirri nyrstu (Prince Leopold-eyju) ráðist á vetrarstöðvunum (Gaston 2002).

Stuttnefja er sennilega algengasti svartfuglinn að vetrinum í ísröndinni norðvestan og vestan við Ísland, en frá því svæði eru engar endurheimtur og því ekki víst hvort eitthvað er þar af íslenskum fuglum að vetrinum. Merktar íslenskar stuttnefjur hafa endurheimtst að vetrinum bæði við V-Grænland og Nýfundnaland og skarast því útbreiðsla þeirra við grænlenkskar og kanadískar stuttnefjur. Merktar stuttnefjur ættaðar frá heimskautalöndum N-Evrópu hafa komið fram við Norðurland og einnig við Grænland og vestur um til Kanada (CAFF 2004). Íslenskar stuttnefjur eru þannig a.m.k. að nokkru á ferð vestan Grænlands þar sem veiðiálág er talið vera mikið. Hins vegar virðist ekki

líklegt að það álag nægi til að skýra fækkun hér á landi síðustu áratugina. Sennilegra virðist að fækkun stuttnefju hérlandis stafi af breyttum lífsskilyrðum, einkum breytingum á átu sem rekja má til loftslagsbreytinga (sbr. Reid o.fl. 1998, Planque & Taylor 1998).

Næstu skref

Ég hef hér að framan lýst niðurstöðum vöktunar sem var skipulögð til þess að fylgjast með ástandi nokkurra algengra sjófuglastofna á einfaldan og ódýran hátt og til þess að þróa frekari aðgerðir sem miða að því að hægt sé að skilja hvað er að gerast þegar fækkun eða fjölgun verður í þessum stofnum og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þurfa þykir. Á þessu stigi er eðlilegt að íhuga næstu skref. Í fyrsta lagi á enn eftir að endurtaka talningar í stærstu fuglabjörgunum og komast að því hvort hliðstæðar breytingar á fjölda hafa orðið þar. Í öðru lagi ætti að auka vöktunartíðnina. Í þriðja lagi þarf að auka rannsóknir á fæðu og fæðuframboði og þeim þarf að halda áfram árum saman. Í fjórða og síðasta lagi ætti að fylgjast náið með líkamsástandi, viðkomu og líftölu íslenskra sjófugla, meðal annars með því að stórauка merkingar á völdum stöðum.

ÞAKKIR

Þessar rannsóknir hafa notið styrkja úr Vísindasjóði, Fiskimálasjóði og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Ég vil einnig þakka fjölmörgum aðstoðarmönnum og hjálparhellum sem hafa tekið þátt í talningum og stutt mig með ráðum og dád og of langt mál yrði upp að telja hér. Þó vil ég þakka sérstaklega þeim Árna Einarssyni og Tómasi G. Gunnarssyni fyrir skemmtilega umræðu um langtímabreytingar og fyrir að lesa yfir handrit og færa margt til betri vegar. Kristjáni Lilliendahl er þakkað fyrir vandaðan yfirlestur á þessari grein. Þorsteinn Einarsson (1911-2001) var upphafsmaður að því að kasta tölu á íslenska bjargfugla og hvatti mig til þess að halda áfram því verki. Hann lagði auk þess til mikilsverðar frumupplýsingar sem gögnuðust til þess að bera saman tölur yfir langan tíma.

HEIMILDIR

- Arnpór Garðarsson 1995. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum. – Bliki 16: 47-65.
- Arnpór Garðarsson 1996. Ritubyggðir. – Bliki 17: 1-16.
- Arnpór Garðarsson 2006. Viðkoma ritu sumarið 2005. – Bliki 27: 23-26.
- Bjarni Sæmundsson 1934. Zoologiske Meddelelser fra Island XVI. – Vidensk. Medd. Dansk. Naturhist. Foren. 97: 25-86.
- Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. – Bókaverslun Sigfúsar Ey-mundssonar. xiv+699 bls.
- Bornaechea, P.G. & Arnpór Garðarsson 2006. Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005. – Bliki 27: 51-54.
- Brown, R.G.B. 1970. Fulmar distribution: a Canadian perspective. – Ibis 112: 44-51.
- Burnham, W., K.K. Burnham & T.J. Cade 2005. Past and present assessments of bird life in Uummannaq district, West Greenland. – Dansk. Orn. Foren. Tidsskr. 99: 196-208.
- CAFF 2004. Distribution of murre outside the breeding season. "Circumpolar murre banding program". – CAFF Technical Report 13. Akureyri. 23 bls.
- Evans, P.G.H. & K. Kampp 1991. Recent changes in Thick-billed Murre populations in West Greenland. – Bls. 7-14 í Gaston, A.J. & R.D. Elliot (ritstj.) Studies of high latitude seabirds. Vol. 2: conservation biology of the Thick-billed Murre in the Northwest Atlantic. Can. Wildl. Serv., Ottawa.
- Finnur Guðmundsson 1952. Íslenskir fuglar IV. Fýll (*Fulmarus glacialis* (L.)). – Náttúrufr. 22: 177-180.

- Fisher, J. 1952. The Fulmar. – Collins, London. 496 bls.
- Gaston, A.J. 2002. Studies of high-latitude seabirds. 5. Monitoring Thick-billed Murres in the eastern Canadian Arctic, 1976-2000. – Canadian Wildlife Service, Occasional Paper 106. 50 bls.
- Gaston, A.J. & J.M. Hipfner 2000. Thick-billed Murre (*Uria lomvia*). – Í Poole, A & F. Gill (ritstj.) The Birds of North America, Nr. 497. The Birds of North America, Inc., Philadelphia.
- Gaston, A.J., H.G. Gilchrist & M. Hipfner 2005. Climate change, ice conditions and reproduction in an Arctic nesting marine bird: Brunnich's guillemot (*Uria lomvia* L.). – J. Anim. Ecol. 74: 832-841.
- Kampp, K., D.N. Nettleship & P.G.H. Evans. 1994. Thick-billed Murres of Greenland: status and prospects. – Bls. 133-154 í Nettleship, D.N., J. Burger & M. Gochfeld (ritstj.) Seabirds on islands: threats, case studies, and action plans. Birdlife Int., Cambridge.
- Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson 1998. Fæða sex tegunda sjófugla við Ísland að sumarlagi. Bliki 19: 1-12.
- Nettleship, D.N. & T.R. Birkhead 1985. The Atlantic Alcidae. – Academic Press, London.
- Ólafur K. Nielsen & Ólafur Einarsson 2004. Svartfugladauðinn mikli veturinn 2001-2002. – Náttúrufr. 72: 117-127.
- Planque, B. & A.H. Taylor 1998. Long-term changes in zooplankton and the climate of the North Atlantic. – ICES Journal of Marine Science 55: 644-654.
- Reid, P.C., B. Planque & M. Edwards 1998. Is observed variability in the long-term results of the Continuous Plankton Recorder survey a response to climate change? – Fish. Oceanogr. 7: 282-288.
- Salomonsen, F. 1965. Geographic variation of the Northern Fulmar (*Fulmarus glacialis*) and zones of the marine environment in the North Atlantic. – Auk 85: 327-355.
- Tasker, M.L. 2004. Northern Fulmar *Fulmarus glacialis*. – Bls. 49-62 í Mitchell, P.I., S.F. Newton, N. Ratcliffe & T.E. Dunn, Seabird populations of Britain and Ireland. T & AD Poyser, London.
- Thompson, P. & J.C. Ollason 2001. Lagged effects of ocean climate change on fulmar population dynamics. – Nature 413: 417-420.
- Tómas G. Gunnarsson 2002. Gildi langtíma stofnrannsóknna. – Náttúrufr. 70: 223-230.
- Wynne-Edwards, V.C. 1962. Animal dispersion in relation to social behaviour. – Oliver & Boyd, Edinburgh.
- Þorsteinn Einarsson 1979. Fjöldi langvíu og stuttnefju í fuglabjörgum við Ísland. – Náttúrufr. 49: 221-228.
- Ævar Petersen 1993. Rituvörp á utanverðu Snæfellsnesi. – Bliki 13: 3-10.
- Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. – Vaka-Helgafell, Reykjavík.

SUMMARY

Recent changes in numbers of cliff-breeding seabirds in Iceland

Numbers of five common species of cliff-breeding seabirds were monitored at 5-10 year intervals between the mid-eighties and 2005, on two cliffs, Krísuvíkurborg (15 transects) and Hafnaberg (whole cliff), in SW-Iceland, and one cliff, Skoruvíkurbjarg (19 transects for Kittiwake *Rissa tridactyla*, 15 transects for other species), in NE-Iceland. The cliffs were selected for accessibility and because they are at opposite sides of Iceland, separated by 600 km along the coast, and surrounded by boreal Atlantic and cold Arctic waters, respectively. These counts were supplemented by repeated counts at Snæfellsnes, W-Iceland, and Drangey, N-Iceland. Three patterns emerge from the counts: Numbers of Kittiwake varied regionally, they trended up in the SW where unusually low levels had been noted in 1985, but at Skoruvík in the NE Kittiwake numbers were at first relatively high and crashed in 2005 to about a quarter of previous levels. Common Murre *Uria aalge* and Razorbill *Alca torda* were stable or increased slowly up to 1999, but in 2005 both were at very low levels both on the SW and NE cliffs. The low numbers of Common Murre and Razorbill in 2005 coincided with a curtailed migration of capelin *Mallotus villosus* and an apparent crash in sandeel *Ammodytes* spp. Fulmar *Fulmarus glacialis* and Thick-billed Murre *Uria lomvia* decreased in both regions throughout the period, the Fulmar at a rate of 2-3% per annum, the Thick-billed Murre at nearly 7%. The long-term decreases of these two species are presumably caused by large scale changes in their food supply associated with global climatic change.

Arnbór Garðarsson, Líffræðistofnun háskólans / Institute of Biology, Askja, University of Iceland, IS-101 Reykjavík, Iceland (arnthor@hi.is).

Tilvitnun:

Arnbór Garðarsson 2006. Nýlegar breytingar á fjölda íslenskra bjargfugla. – Bliki 27: 13-22.

Viðkoma ritu sumarið 2005

Afkoma rituunga var könnuð víða um land sumarið 2005. Afkoman var best á Snæfellsnesi og yst á Reykjanesi en þar komst að meðaltali um einn ungi upp úr hverju hreiðri og fjöldi hreiðra í varpi var í meðallagi eða meiri. Annars staðar á vestanverðu landinu komust um 0,2-0,7 ungar upp. Á austanverðu landinu varð nær alger viðkomubrestur. Í Skoruvíkurbjargi á Langanesi var fjöldi rituhreiðra aðeins fjórðungur þess sem verið hefur síðustu tvo áratugi og aðeins örfáir ungar komust á legg.

Inngangur


Árið 2005 varð vart við ýmiss konar óáran meðal sjófugla hér við land og komu fram teikn um að ekki væri allt með felldu. Upp úr áramótum fór að bera á svartfugladauða norðanlands. Loðnan *Mallotus villosus* gekk suður með austanverðu landinu að venju en fór ekki lengra vestur með suðurströndinni en að Ingólfshöfða um vorið. Einkennilega lítið var af svartfugli uppi við björgin á Reykjanesskaga snemma um vorið. Þegar á leið og bjargmenn bjuggust til eggjatöku, kom í ljós að varp var lítið og lélegt, bæði austur á Langanesi og vestur í Látrabjargi. Seinna um sumarið kom í ljós

að allt í kringum land hafði varp kríu *Sterna paradisaea* brugðist nær algerlega.

Þessar óvenjulegu aðstæður urðu til þess að afráðið var að framkvæma yfirlitskönnun á afkomu bjargfugla og nota fjölda stálpaðra unga í rituhreiðrum til þessa. Ritan *Rissa tridactyla* varð fyrir valinu vegna þess að hreiðrin eru áberandi og afmörkuð, og ungarnir eru lengi í hreiðrinu og sjást vel þegar þeir eru orðnir fiðraðir. Viðkoma ritu hefur þar að auki verið mikið rannsökuð (t.d. Coulson & Thomas 1984, Harris & Wanless 1997, Gill & Hatch 2002). Mun erfiðara er að



1. mynd. Ritur *Rissa tridactyla* með hálfstálpaða unga í Skrúð 1984. – Kittiwake with young in Skrúður 1984.



2. mynd. Ritubyggðir sem kannaðar voru 2005 og meðalfjöldi unga í hreiðri. – Average number of young per nest in the Kittiwake colonies studied 2005.

kanna varpárangur hjá svartfuglum, vegna þess að þar er engin hreiðurgerð og svartfuglsungar eru mjög stutt á syllunum. Fýllinn *Fulmarus glacialis* virðist allt að því jafnauðveldur viðfangs og ritan og kæmi sterklega til greina ef haldið yrði áfram á þessari braut.

Aðferðir

Athugunartíminn var seint í júlí og fram í byrjun ágúst 2005. Valdir voru staðir í björgum, sem auðvelt er að skoða, og reynt að telja stálpaða rituunga (yfirleitt fiðraða en ófleyga) í sem flestum hreiðrum. Ritan verpur að meðaltali um tveimur eggjum, sjaldan þremur, og eitt egg kemur einnig fyrir. Foreldrarnir eru mikið við hreiðrið og jafnan gætir að minnsta kosti annað foreldrið ungans alveg fram undir það að hann flýgur. Ef hreiðrið misferst, sitja fullorðnu fuglarnir samt oftast á því eða við það fram eftir sumri. Reyndar getur verið erfitt að

finna yfirgefin hreiður innan um hin, auk þess sem ritur fjarlægja gjarnan hreiðurefni úr slíkum hreiðrum. Það var áberandi austanlands sumarið 2005 að varpfuglarnir yfirgáfu björgin á varptímanum, og sátu þá eftir tóm og ófullgerð hreiður í stórum stíl. Af þessu leiddi að ég miðaði afkomu á öllu vestanverðu landinu við fjölda unga á setið hreiður þ.e. hreiður þar sem annað eða bæði foreldrin voru viðstödd, enda voru engin yfirgefin hreiður sjáanleg á þessum stöðum. Á austanverðu landinu var hins vegar miðað við öll hreiður.

Ungar voru taldir í eftirfarandi ritubyggðum - númer vísa í skrá yfir ritubyggðir (Arnþór Garðarsson 1996): Dyrhólaey (5), Háidrangur (6), Krísuvíkurbjarg (36), Valahnúkur (38), Hafnaberg (42), Arnarstapi (58), Þúfubjarg (60), Svalþúfa (61), Svörtuloft (62), Vallnabjarg (64), Látrabjarg (103), Bjargastapi (115), Drangey (117), Skeglubjörg (129), Skoruvíkurbjarg (143) og Árhöfn í Papey (184), eða 16 af 191 ritubyggð (1. mynd). Valið réðst af því annars vegar að fá grófa heildarmynd af ástandinu sem víðast og hins vegar að heimsækja þá staði sem auðvelt var að komast að.

Niðurstöður

Á vesturhluta landsins var afkoma ritu best á Snæfellsnesi og yst á Reykjanesskaga, en þar komst að meðaltali um 1 ungi upp á hvert hreiður og 70-80% hreiðra gáfu af sér unga (1. tafla). Þegar kom út fyrir þetta svæði, fór afkoman minnkandi, í Krísuvíkurbergi sunnan á Reykjanesskaga komst 0,7 ungi upp á hvert hreiður og í Látrabjargi 0,5. Í Dyrhólaey var talan kringum 0,3 og í Drangey var hún 0,25. Á vestanverðu norðurlandi og sunnanlands framleiddu um 20-40% hreiðranna einhverja unga.

Á vesturhluta landsins sáust fá merki um fækkun ritu. Fjöldinn stóð nokkurn veginn í stað á Snæfellsnesi (Bornaechea & Arnþór Garðarsson 2006) og var með mesta móti, 44 þúsund hreiður, í Krísuvíkurbergi, en

1. tafla. Varpafkoma ritu á vesturhellingi landsins sumarið 2005. Byggt á setnum hreiðrum skoðuðum 20. júlí - 12. ágúst. – Breeding success of Kittiwake *Rissa tridactyla* in the western half of Iceland in 2005. Based on occupied nests observed on 20 July to 12 August.

	Dags. Date	Fjöldi hreiðra Number of nests	Ungar á hreiður Mean brood	Fjöldi unga í hreiðri (%) Brood size (%)			
				0	1	2	3
Dyrhólaey (Háidrangur)	27.07.	66	0,39	62	37	1	0
Dyrhólaey	27.07.	87	0,20	81	19	0	0
Dyrhólaey	12.08.	96	0,39	61	39	0	0
Krísuvíkurbjarg	25.07.	120	0,72	41	47	12	0
Valahnúkur, Reykjanesi	25.07.	76	1,01	30	38	32	0
Hafnaberg	25.07.	192	0,90	34	43	22	1
Arnarstapi, Snæfellsnesi	20.07.	82	1,12	26	39	33	2
Þúfubjarg og Svalþúfa	20.07.	82	1,15	21	45	33	1
Svörtuloft	20.07.	83	0,98	31	40	29	0
Vallnabjarg, Snæfellsnesi	20.07.	121	1,00	26	47	26	0
Látrabjarg (Ritugjá)	03.08.	156	0,48	59	34	7	0
Bjargastapi, Skaga	27.07.	145	0,38	63	36	1	0
Drangey	28.07.	130	0,25	75	25	0	0

2. tafla. Varpafkoma ritu á austurhellingi landsins sumarið 2005. Byggt á auðum og setnum hreiðrum skoðuðum 6.-9. ágúst. – *Breeding success of Kittiwake Rissa tridactyla in the eastern half of Iceland in 2005. Based on deserted and occupied nests observed on 6 - 9 August.*

	Dags. Date	Fjöldi hreiðra Number of nests	Þar af yfirgefin Deserted	Setin Occupied	Ungar á hreiður Brood size	Fjöldi unga í hreiðri, tíðni Brood size frequency		
						0	1	x
Skeglubjörg Saltvík	09.08.	–	–	0	0	–	–	–
Skoruvíkurbjarg	06.08.	1624	1576	48	0,013	27	21	6
Papey	11.08.	763	763	0	0	763	–	–

þar hefur fjöldi ritu tvöfaldast síðastliðin 20 ár (Arnþór Garðarsson 2006). Í Hafnabergi voru hins vegar óvenjufá hreiður, aðeins um 1800, sem er 72% af meðalfjölda tímabilsins 1982-2005 (Arnþór Garðarsson 2006).

Þær þrjár ritubyggðir sem skoðaðar voru á austanverðu landinu voru að mestu yfirgefnar af fullorðnum fuglum þegar þær voru kannaðar og þar stóð mikið eftir af auðum og yfirgefnum hreiðrum (2. tafla). Skeglubjörg í Saltvík við Skjálfanda voru könnuð 9. ágúst og þar voru mörg tóm hreiður en engin rita sást, og reyndar sást engin rita um þetta leyti á svæðinu frá Tjörnesi vestur yfir flóann til Flateyjar. Í Skeglubjörgum voru talin 772 rituhreiður í júní 1984 (Arnþór Garðarsson 1996), tóm hreiður voru ekki talin árið 2005 en þau skiptu hundruðum.

Í Skoruvíkurbjargi fór fram talning dagana 27. og 28. júní 2005 og var áætluð heildartala 21.000 rituhreiður í notkun (Arnþór Garðarsson 2006), en talsvert þar á yfirgefnum hreiðrum. Þetta eru miklu færri hreiður en þar hafa verið á sama árstíma síðustu áratugi: árið 1986 voru rituhreiðrin 78 þúsund, árið 1994 voru þau 84 þúsund og 1999 voru hreiðin um 70 þúsund. Þann 6. ágúst voru könnuð 15 snið í Skoruvíkurbjargi þar sem 1630 hreiður höfðu verið talin fyrr um sumarið. Nú stóðu 1570 hreiður eftir yfirgefin en fullorðnar ritur voru við 54, 27 þeirra tóm, stakur ungi í 21 og í 6 hreiðrum var ekki hægt að telja. Framleiðsla unga, 0,013 á hreiður, var reiknuð út frá þessum tölum en hefur í raun verið mun minni því að bjargið mátti heita ritulaust. Tvö önnur björg fyrir austan, Rauðanúpur á Sléttu og Skrúður, voru skoðuð á færi, en aðstæður leyfðu ekki nánari könnun. Á báðum stöðum sáust einungis fáeinar ritur sem bendir til þess að ástandið hafi verið svipað eins og í Skoruvíkurbjargi.

Í björgunum Góðabjargi og Skálm, sitt hvoru megin við Árhöfn í Papey, var talið 11. ágúst og töldust þar alls 763 tóm rituhreiður. Engin rita sást við Papey, og engin á leiðinni milli Djúpavogs og Papeyjar.

Til þess að staðfesta að tömu og yfirgefnu rituhreiðrin austanlands væru merki um að ungar hefðu ekki komist upp, var talið aftur í Dyrhólaey 12. ágúst, hálfum mánuði eftir fyrri talningu og reyndist fjöldi unga og fullorðinna á hreiðrum þar enn nokkurn veginn óbreyttur frá 27. júlí (sbr. 1. tafla).

Umræða

Lítið er um rannsóknir á ritu hér við land, en þó hefur fæðan verið könnuð nokkuð (Kristján Lillien-dahl & Jón Sólmundsson 1997, 1998). Um afkomu ritu hérlandis hefur hins vegar ekkert verið birt. Ritan hefur mikið verið rannsökuð á Bretlandseyjum, enda hæg heimatökin sums staðar á austurströndinni þar sem byggðirnar eru í gluggum pakkhúsa. Þar um slóðir fjölgaði ritu mjög fram eftir 20. öldinni, árleg fjölgun var um 3-4% á tímabilinu 1910 til 1969 en síðan dró úr fjölguninni (Coulson 1983) og jafnframt varð viðkoman minni (Coulson & Thomas 1985, Harris & Wanless 1997). Áhrif fæðu á viðkomu ritunnar hafa verið mikið könnuð og má þar nefna að sandsílaveiðar í Norðursjó hafa af sumum verið bendlaðar við hrun og viðkomubrest hjá stofnum ritu og fleiri sjófugla (sjá yfirlit Harris & Wanless 1997). Fjöldi og viðkoma ritu er nú víða notuð sem áviti á ástand sjávar, bæði í Atlantshafi og Kyrrahafi. Tengsl viðkomu við fæðuna hafa og verið rannsökuð með tilraunum sem sýndu að hægt var að bæta afkomu ritunga með því að færa þeim aukafæðu (Gill & Hatch 2002).

Á síðustu árum hefur fjölgunin á Bretlandseyjum stöðvast (Heubeck 2004) og meðal annars hefur orðið viðkomubrestur og mikil fækkun á Hjaltlandi (Heubeck o.fl. 1999). Við Noreg, Spitsbergen og Bjarnarey hefur ritu fækkað mikið á síðustu árum (Lorentsen 2003). Hér á landi liggja miklu minni upplýsingar fyrir, en svo virðist sem svipuð aukning hafi orðið á ritu á 20. öld hér við land og á Bretlandi, og var fjölgunin seint á öldinni metin í kringum 1% á ári (Arnþór Garðarsson 1996).

Nærri liggur að álykta að viðkomubrestur á austurhellingi landsins tengist átuskorti. Þeir Kristján Lillien-dahl og Jón Sólmundsson (1997, 1998) töldu að sumarfæða ritunnar hér við land væri að mestu loðna og sandsíli *Ammodytes marinus*, en norðan við land var loðnan yfirgnæfandi. Þessar athuganir voru gerðar 1994 og 1995 en ekkert er vitað um breytileika í fæðuvali ritunnar frá ári til árs. Engu að síður virðist mega álykta að viðkoma ritu sé líklegast háð framboði á loðnu og sandsíli.

Vestan til á landinu virtist viðkoman nálægt því sem gerist og gengur annars staðar í heimkynnum ritunnar

(t.d. Coulson & Thomas 1985), og bæði á Snæfellsnesi og Reykjanesi verður hún að teljast góð. Sumarið 2005 brást kríuvarp að mestu allt í kringum land og virðist mjög líklegt að sá viðkomubrestur tengdist skorti á sandsíli. Riturnar á vestanverðu landinu hafa bjargað sér án þess að verða fyrir sams konar hrellingum og krían. Ekki voru gerðar athuganir á því 2005 hvernig riturnar björguðu sér og hvort sandsíli eða loðna koma þar yfirleitt við sögu, en benda má á að þessar tegundir nota ólíkar aðferðir til þess að bera fæðu í ungana, krían ber eitt síli í einu í goggnum, en rita ber fæðuna í kokinu og getur því væntanlega fyllt kokið af fiski eða smærri átu, t.d. ljósátu, og borið í ungana. Þetta þýðir líka að ritan getur borið æti til ungans lengri leið.

ÞAKKIR

Ég þakka Pablo G. Bornaechea fyrir talningar á Reykjaneskaga, Snæfellsnesi, Skaga og í Drangey. Einnig þakka ég Guðrúnu Sveinbjarnardóttur, Halldóri Halldórssyni, Þorkeli Lindberg Þórarinsyni og Þórdísi V. Bragadóttur fyrir aðstoð á vettvangi og upplýsingar. Kristján Lillendahl er þakkað fyrir að lesa yfir handrit og færa margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1996. Ritubyggðir. – Bliki 17: 1-16.
 Bornaechea, P.G. & Arnþór Garðarsson 2006. Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005. – Bliki 27: 51-54.
 Coulson, J.C. 1983. The changing status of the Kittiwake in the British Isles. – Bird Study 30: 9-16.
 Coulson, J.C. & C.S. Thomas 1984. Changes in the biology of the Kittiwake *Rissa tridactyla*: a 31-year study of a breeding colony. – J. Anim. Ecol. 54: 9-26.
 Gill, V.A. & S.A. Hatch 2002. Components of productivity in black-legged kittiwakes *Rissa tridactyla*: response to supplemental feeding. – J. Avian Biol. 33: 113-126.
 Harris, M. P. & S. Wanless 1997. Breeding success, diet, and brood neglect in the Kittiwake (*Rissa tridactyla*) over an 11-year period. – ICES Journal of Marine Science 54: 615-623.
 Heubeck, M. 2004. Black-legged Kittiwake *Rissa tridactyla*. – Bls. 277-290 í P.I. Mitchell, S.E. Newton, N. Ratcliffe & T.E. Dunn (ritstj.), Seabird populations of Britain and Ireland. Poyser, London.

- Heubeck, M., R.M. Mellor, P.V. Harvey, A.R. Mainwood & R. Riddington 1999. Estimating the population size and rate of decline of Kittiwakes *Rissa tridactyla* breeding in Shetland 1981-97. – Bird Study 46: 48-61.
 Kristján Lillendahl & Jón Sólmundsson 1997. An estimate of summer food consumption of six seabird species in Iceland. – ICES Journal of Marine Science 54: 624-630.
 Kristján Lillendahl & Jón Sólmundsson 1998. Fæða sex tegunda sjófugla við Ísland að sumarlagi. – Bliki 19: 1-12.
 Lorentsen, S.-H. 2003. Det nasjonale overvåkingsprogrammet for sjøfugl. Resultater til og med hekkesesongen 2003. – NINA Oppdragsmelding 803, 34 bls. Trondheim.

SUMMARY

Breeding success of Kittiwake in Iceland in 2005

The breeding success of Kittiwake *Rissa tridactyla* in 16 of a total of 190 Icelandic colonies was surveyed during 20 July to 12 August 2005. The year 2005 was a year of low numbers of auks (Alcidae) on Icelandic bird cliffs. The migration of capelin *Mallotus villosus* along the east coast early in the year showed an unusual pattern. Breeding failure of Arctic Terns *Sterna paradisaea*, generally associated with lack of sandeels *Ammodytes* spp., was noted all around the coasts of Iceland. The breeding success of Kittiwakes varied. It was highest on the outer Snæfellsnes and Reykjanes peninsula on the southwest coast, where about one young per nest was raised. Numbers of Kittiwake nests in colonies in southwest Iceland were generally at average or high levels. Elsewhere in the western half of Iceland, success was lower, averaging about 0.2-0.7 young per nest. In eastern Iceland, breeding failed widely; at Skaruvík, a colony of 70 to 80 thousand nests in 1986-1999, only 21 thousand nests were estimated and very few young (average 0.013, n = 1624) were raised.

Arnþór Garðarsson, Líffræðistofnun háskólans/ Institute of Biology, Askja, University of Iceland, IS-101 Reykjavík, Iceland (arnthor@hi.is).

Tilvitnun:

Arnþór Garðarsson 2006. Viðkoma ritu sumarið 2005. – Bliki 27: 23-26.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2003

Í þessari skýrslu eru birtar allar tiltækar upplýsingar um 112 tegundir flækingsfugla, sjaldséðra vetrargesta og varpfugla sem sáust hér á landi og innan íslenskrar efnahagslögsögu árið 2003. Fjórar nýjar tegundir sáust að þessu sinni, holudúfa, stúfgreipur, elrigreipur og grænskrikja. Einnig sást ein ný undirtegund, austræn korpönd.

Inngangur

Þetta er 25. skýrslan um sjaldséða fugla hér á landi og sú 23. í Blika. Þær hafa verið gefnar út síðan 1979. Flækingsfuglanefnd hefur yfirfarið allar athuganir sem hér birtast. Nefndin er sjálfstæður fulltrúi fuglaskoðara líkt og í öðrum löndum Evrópu og á tvo fulltrúa í ritnefnd *Blika*.

Í þessari skýrslu er getið 110 tegunda flækingsfugla sem sáust á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 2003. Auk þess eru upplýsingar um tvær undirtegundir margæsar (austræna og vestræna margæs) og bretaerlu. Samtals sáust því 112 tegundir sjaldgæfra fugla hér á landi árið 2003 sem talið er að séu hingað komnar af sjálfsdáðum. Þetta er með því mesta sem gerist og einungis þremur tegundum færra en árið 2002, sem var metár. Einnig er getið svartsvana (E-flokkur). Í skýrslunni er auk þess getið flatnefs frá 1998 og nokkurra annarra viðbóta frá fyrri árum.

Lýsingar og gögn

Almennt gildir sú regla að ekki þarf að lýsa eftirfarandi tegundum, nema þær komi fyrir utan hefðbundins tíma eða á óvenjulegum stöðum: brandönd, ljóshöfðönd, rákönd, taumönd, skeiðönd, æðarkóngur, kynblendingur æðarkóngrs og æðarfugls, hvinönd, gráskrofa, gráhegri, sefhæna, bleshæna, grálóa, vepja, rúkragi (aðeins karlfuglar í sumarþúningi), skógarsnípa, lappajaðrakan, fjöruspói, ískjóí, fjallkjóí, hringdúfa, snæugla, múrsvölungur, landsvala, bæjasvala, silkitoppa, glóbrýstingur, hettusöngvari, gransöngvari, laufsöngvari, glókollur, gráspör á Hofi í Örfæm, fjallafinka, barrfinka og krossnefur. Undantekningar eru kvenkyns ljóshöfðændur, rákendur, taumendur og kynblendingar æðarkóngrs og æðarfugla. Einnig ískjóar og fjallkjóar sem ekki eru fullorðnir. Öðrum flækingsfuglum þarf að lýsa eitthvað og þeim mun meira þess sjaldgæfari sem tegundin er eða torgreindari frá skyldum tegundum.

Árið 2003 voru ekki dæmdar athuganir á þeim tegundum sem getið er hér að framan. Ekki voru heldur dæmdar athuganir á söngþröstum, netlusöngvurum, garðsöngvurum, og bókfinkum. Dómnefndin fór yfir 271 athugun (tegundagreiningar) og voru 190 þeirra samþykktar (70%). Einnig fór nefndin yfir 12 undirtegundagreiningar (58% samþ.), 66 kyngreiningar (70%

samþ.) og 100 aldursgreiningar (77% samþ.). Nefndin fékk ekki allar upplýsingar um hami sem bárust Náttúrufræðistofnun Íslands árið 2003.

Nefndin

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefndinni: Gunnar Þór Hallgrímsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson, Hallgrímur Gunnarsson, Hlynur Óskarsson, Yann Kolbeinsson og Örn Óskarsson. Á hverju ári er einn nýr maður kosinn í nefndina í stað þess sem lengst hefur starfað í henni samfelld og tveir varamenn að auki.

Yfirlit 2003

Sjaldgæfir varpfuglar. Óvenju margar sjaldgæfar tegundir urpu hér á landi árið 2003, þar af fjórar nýjar. Varp brandandar eykst hægt og örugglega. Allnokkur pör urpu í Borgarfirði og a.m.k. átta pör og 55 ungar sáust. Tvö til þrjú pör og a.m.k. 16 ungar sáust við Gáseyri í Eyjafirði og þar varp við Dagverðareyri. Við Djúpavog varp a.m.k. eitt par svo og við Höfn í Hornafirði. Pör og stakir fuglar sáust víðar. Skeiðönd er sjaldgæfur varpfugl hér og að þessu sinni sást kvenfugl með unga á Víkingavatni í Kelduhverfi og stakir fuglar og pör víðar. Bleshænur urpu á þremur stöðum, við Kristnes í Eyjafirði (hreiður yfirgefið), við Fífutjörn í Suðursveit (fjórir ungar séðir) og þrjú pör við Víkingavatn í Kelduhverfi, samtals með sjö unga. Bleshænur höfðu einungis orpið hér þrisvar sinnum áður, síðast árið 1954. Vepja varp í Garði á Reykjanesskaga og þrír ungar komust úr eggjum. Skógarsnípa sást með hálf-fleygan unga í Ásbyrgi í Kelduhverfi, en þær hafa sést þar áður og jafnvel verið grunaðar um varp. Þetta er í fyrsta sinn sem skógarsnípuvarp er staðfest hér á landi. Fjallkjóapar varp í Bárðardal í fyrsta skipti hér, en eggin misfórust. Dvergmáfur varp hér einnig í fyrsta sinn, en hreiður með þremur eggjum fannst við Sandvatn í Mývatnssveit. Óljóst var með varpárangur. Enn ein nýja varptegundin var eyrugla. Í Grímsnesi var þar með þrjá fleyga unga í byrjun júlí. Landsvölur hafa hins vegar orpið hér u.þ.b. 28 sinnum og nú bættust við vörp við Sogn í Kjós (fjórir ungar), Hvannabrekku í Berufirði (þar varp tvisvar og kom upp ungum í bæði

skiptin), við Seglbúðir í Landbroti (fjórir ungar í hreiðri) og á Höfn í Hornafirði sást þar með sex ungfugla. Bæjasvala varp í Vík í Mýrdal, þar sem þrír ungar komust á legg. Þetta er fimmta varp bæjasvölu hér á landi. Glókollar urpu á nokkrum stöðum og var varp staðfest í Kópavogi, Tumastöðum í Fljótshlíð og í Heiðmörk við Reykjavík. Þeir sáu þó víða um vorið og hafa án efa orpið á mun fleiri stöðum, m.a. á Vesturlandi (Róbert A. Stefánsson & Sigrún Bjarnadóttir 2005). Gráspörvastofninn við Hof í Örafum er óbreyttur, en óvíst er hve margir urpu sumarið 2003. Í síðari hluta máf sáuð syngjandi gaukur við Kvísker í Örafum og laufsöngvari í Steinadal í Suðursveit. Í júní voru syngjandi hettusöngvari á Höfn og fjallafinkur á Egilsstöðum og Hallormsstaðarskógi. Óvíst er þó að um varpfugla hafi verið að ræða í þessum tilvikum.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingar. Fjöldi æðarkóna og hvinanda var svipaður og undanfarin ár. Fjöldi rákanda var í hærra lagi, en fremur fáir ljóshöfðar sáuð. Nærri sextíu gráskrofur sáuð, sem er með því mesta og hettuskrofur voru tvær. Fjöldi gráhegra slær öll fyrri met, liðlega 150 fuglar. Tíu keldusvína varð vart sem er með því mesta og rúmlega þrjátíu bleshænur er langt fyrir ofan allt sem áður hefur sést á einu ári. Tæplega fjörutíu vepjur sáuð og er það nærri meðaltali síðustu 25 ára. Rúmlega tuttugu dvergsnípur sáuð og hafa aldrei verið jafn margar á einu ári. Tæplega þrjátíu skógarsnípur er svipað og árið áður og talsvert meira en meðaltal síðustu 25 ára. Lappajaðrakannar voru níu, sem er heldur minna en síðustu tvö ár þar á undan. Fjöruspóar voru hins vegar liðlega sjötíu, sem er það mesta síðan 1989. Ískjóar voru fremur fáir, en fjallkjóar hafa ekki verið fleiri síðan 1987, sem var metár. Dvergmáfar voru sextán og það er það mesta sem nokkru sinni hefur sést á einu ári. Sama er að segja um þernumáfa, þeir voru sex og hafa ekki verið fleiri síðan 1929. Hringdúfur slógu einnig öll fyrri met, 36 fuglar sáuð. Snæuglur voru tvær og hafa ekki verið færri síðan 1979. Landsvölur voru liðlega áttatíu og er það með mesta móti og svipað og 2002, en fjöldi bæjasvala var undir meðaltali. Fjöldi silkitoppa var í meðallagi. Sama er að segja um glóbrýstinga en söngprestir voru mun færri en bæði 2001 og 2002. Mikið af hettusöngvurum sáuð, 174 fuglar, og er það jafnmikið og 2001 og einungis nokkrum fuglum færra en metárið 1982. Fjöldi garðsöngvara og laufsöngvara var heldur undir meðallagi, en gransöngvara í meðallagi. Bókfinkur hafa ekki verið færri síðan 1999, en fjallafinkur voru hins vegar fleiri en oftast áður. Nokkrir krossnefir sáuð um vorið. Ellefu sportittlingar sáuð og er það í hærra lagi.

Undirtegundir. Fjórar austrænar margæsir fundust og þrjár vestrænar. Hér sáuð einnig ein vestræn korpönd svo og ein **austræn korpönd** *Melanitta fusca stejnegeri* í fyrsta sinn. Sá fugl var við Valþjófsstað í Núpasveit frá 6. apríl til 2. maí. Ein bretaerla sáuð. Ekki varð vart við hvítfálka, sem er fremur óvenjulegt.

Nýjar tegundir. Fjórar nýjar tegundir sáuð árið 2003. Dagana 20.-21. apríl sáuð **holudúfa** *Columba oenas* á

Hala í Suðursveit. Þessi tegund verpur í Evrópu, norður í suðurhluta Skandinavíu og austur í miðhluta Asíu. Hún er að mestu staðfugl í V-Evrópu og því fremur ólíklegur flækingur hingað til lands (Gunnlaugur Pétursson & Björn G. Arnarson 2006). Þann 6. október flaug **stúfgreipur** *Empidonax minimus* inn í hús á Stokkseyri og náðist og var sleppt daginn eftir. Þessi ameríska tegund hefur ekki sést áður hér á landi né í Evrópu (Yann Kolbeinsson o.fl. 2006). Þann 10. október sáuð **elrigreipur** *Empidonax alnorum* í skógarlundi við Seljaland undir Eyjafjöllum. Hann náðist í net og var mældur og myndaður. Þessi tegund er náskyld stúfgreipnum og hafði heldur ekki sést Evrópu áður (Yann Kolbeinsson o.fl. 2006). Bæði stúfgreipur og elrigreipur verpa í austanverðri N-Ameríku og eru afar ólíklegir flækingar til Evrópu. Áður (árið 1967) hafði sést hér náskyld tegund, mýgreipur *Empidonax virescens* (Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Þráinsson 1999). Þann 27. október sáuð **grænskrikrja** *Dendroica virens* í grenilundinum í Þorbirni við Grindavík. Hún sáuð þar einnig daginn eftir. Þetta er amerísk skríkjutegund, sem hafði einungis sést einu sinni áður í Evrópu, á eyjunni Helgoland við Þýskaland árið 1858 (Yann Kolbeinsson 2006). Grænskrikrja fannst hér á landi 1984, en sá fugl hafði að öllum líkindum borist hingað með skipi og hefur því verið hafður í D-flokki.

Äðrir sjaldgæfir flækingafuglar. Allmargar sárasjaldgæfar tegundir sáuð hér árið 2003. Skeggþerna, sedrustoppa og bláskrikrja sáuð hér í annað sinn, vatnagleða, trjástelkur og gulskrikrja í þriðja sinn, farþröstur og álmkraki í fjórða sinn og fjórði og fimmti elrisöngvarinn. Fimmti beltaþyrillinn birtist á árinu, sjötta og sjöunda kamböndin og sjötti og sjöundi brúnheiðirinn einnig. Hvorki meira né minna en níu þarapernur sáuð (sjötti til fjórtándi fuglinn). Þá má nefna sjöundu og áttundu vestrænu margæsina. Áttundi bláheiðirinn sáuð og einnig áttunda mýrerlan. Sótstelkur, lindastelkur og bretaerla sáuð hér í níunda sinn, mandarínönd í níunda og tíunda sinn og tíundi seljusöngvarinn birtist. Grastíta og laufglói sáuð hér í tíunda og ellefta sinn. Af öðrum sjaldgæfum flækingum má nefna tvo gunnfálka, hrísastelk, trjámaf, blikönd, gultittling, gulllóu, blábrýsting og tvo lyngstelka. Tveir svartsvanir sáuð, níundi og tíundi fuglinn (E-flokkur).

Skýringar við tegundaskrá

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sáuð fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 2002. (3) Fjöldi fugla sem sáuð 2003. – Þessar tölur eru **lágmarksfjöldi** einstaklinga að mati skýrsluhöfunda. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt að ákvarða fjölda einstaklinga, en lagt er nokkurt mat á það með skýringum, s.s. „e.t.v. sami fugl“ (þá talið sem tveir fuglar), „sennilega sami fugl“ eða „sami fugl“ (þá talið sem einn fugl). Við hverja tegund er getið útbreiðslusvæðis hennar og nokkur orð eru um viðburði ársins. – Nú er tegundum raðað á annan máta en áður. Röðunin

er sú sama og tíðkast í flestum, ef ekki öllum sam-
bærilegum skýrslum í Evrópu, eða samkvæmt AERC
TAC (2003). Latnesk heiti í þessari skýrslu, og reyndar
líka þeirri frá 2002, fylgja einnig AERC TAC (2003).

Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra
eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum
skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu
og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Mánuðir
eru í tölustöfum.

Fyrir hverja athugun er getið um stað (sýsla er
feitletruð, staður er skáletraður), fjölda fugla (ef fleiri

en einn), kyn (♂ = karlfugl, ♀ = kvenfugl), aldur (ef
hann er þekktur) og dagsetningu eða tímabil er fuglinn
sást. Að lokum eru finnendur innan sviga eða þeir sem
tilkynnt hafa fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir
eru upphafsstafir þeirra sem koma fyrir oftast en fimm
sinnum. Táknid □ merkir að fuglinn hafi verið ljósmynd-
aður (eða kvikmyndaður) og a.m.k. einn nefndarmaður
hafi séð myndina. Táknid ☆ merkir að fugli hafi verið
safnað, „fd“ merkir að fugl hafi fundist dauður, „fnd“
að hann hafi fundist nýdauður og „fld“ fundist löngu
dauður.

Tegundaskrá 2003

Hnúðsvanur *Cygnus olor* (0,4,0)

S-Skandinavía, M-Evrópa, M-Asía allt
til Kína. – Þessi hnúðsvanur var merktur
við Skjálftavatn sumarið 1996, þá árs-
gamall. Síðan hefur hann sést á svip-
aðum slóðum á hverju sumri, en aldrei
áður vestan Kelduhverfis.

N-Þing: Skjálftavatn og nágr í Kelduhverfi,
fullu ♂ 16.3. til loka nóv □ (GÖB ofl), 1.
mynd.

S-Þing: Kaldbakur við Húsavík, fullu ♂ 11.3. □
(GH, SG), talinn vera sami og í Kelduhverfi.

Akurgæs *Anser fabalis* (5,51,2)

N-Evrópa og N-Asía. – Annað árið í röð
finnast tvær akurgæsir.

A-Skaft: Skálafell í Suðursveit, fullu 20.4. (BB),
undirtegundin *fabalis*.

S-Þing: Skógahlíð í Reykjahverfi, 18.4. (SG). –
Laxamýri í Reykjahverfi, 4.5. (SG).

Snjógæs *Anser caerulescens* (20,133,2)
N-Kanada, NV-Grænland og NA-Síbería.
– Fyrsta veturseta snjógæsar hér-
lendis heppnaðist ágætlega.

Gull: Vífilsstaðir í Garðabæ, fullu 2002 til 31.3.
□ (CB, Kjartan R. Gíslason ofl). – *Kópavogur*,
fullu 11.-14.1. (KM, María Hafsteinsdóttir ofl).
– *Urriðakotsvatn* í Garðabæ, fullu 23.4. (RR).
– *Skógtjörn* og nágr á Álftanesi, fullu 26.-
28.4. (HIÓ ofl).

A-Skaft: Dynjandi í Nesjum, „blágæs“ 22-
26.4. □ (Aðalsteinn Aðalsteinsson ofl).

S-Þing: Sandhólar á Tjörnesi, fullu 20.-23.9.
□ (Marý A. Guðmundsdóttir ofl), hafði sést
nokkrum dögum fyrr.

Kanadagæs *Branta canadensis* (25,102,4)
Norðurhluti N-Ameríku. Verpur víða
villt og hálfvillt í Evrópu. – Mjög áhuga-
vert er að vita hvort kanadagæsir komi
frá Ameríku eða hvort þær eru af
evrópskum uppruna. Því ættu athugendur
að gera eins góðar lýsingar og hægt
er og reyna að greina þær til undir-
tegundar. Í því sambandi skiptir stærð
og neflögum mestu máli. Einnig ætti að
koma fram með hvaða gæsum þær eru.

V-Barð: Örlygshöfn, 22.6. (SR).

Rang: Borgartún í Þykkvabæ, 7.4. (ÓE).

Skag: Langamýri í Vallhólmi, 17.4. (GP), lítil
undirtegund. – *Langhús* í Fljótum, 27.-30.4.
□ (PS), lítil undirtegund.

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,32,0)
Túndrur Síberíu. Þessi undirtegund
margæsar hefur vetursetu í Danmörku,
Hollandi, SA-Englandi og Frakklandi. –
Flestar austrænar margæsir sjást stakar
eða nokkrar saman í margæsaþópum á
Vesturlandi. Margæsir eru mjög sjald-
gæfar annars staðar á landinu, en þær
fáu sem sjást reynast oft austrænar.
Fuglaskoðarar ættu því að skoða allar
stakar margæsir m.t.t. deilitegundar.

Gull: Álftanes, sáust á tímabilinu 14.4. til 15.5.
□, mest fjórar 28.4. (GAG ofl).

Margæs *Branta bernicla nigricans* (0,6,2)
Túndrur A-Síberíu, Alaska og NV-Kan-
ada. – Aldrei áður hafa fundist þrír fuglar
sama árið, en talið er að ein sé sama og
vorið 2002.

Gull: Álftanes, 14.4.-17.5. □ (GAG ofl), 2.
mynd, önnur að auki 25.4.-17.5. (RR ofl), sú
þriðja 28.4. (GAG). – *Skógtjörn* á Álftanesi,
9.9. (SÁ).

Brandönd *Tadorna tadorna* (25,83+,-)
NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-
Asíu. – Varp var að þessu sinni staðfest
í Borgarfirði, Eyjafirði, á Djúpavogi og í
Hornafirði. Að minnsta kosti 13 pör

komu upp ungum sem er svipað og
sumarið 2002. Brandendurnar eru far-
fuglar, en ekki er enn vitað hvar þær
hafa vetursetu.

Árn: Stokkseyri, par 28.4. (JÓH).

Borg: Grjóteyri í Andakíl, tólf 5.4., 31 fugl
2.5., 54 fuglar 3.5., tveir ♂ og ♀ auk pars með
sjö unga 5.6., tuttugu auk tveggja ♀ með 11
unga 30.6., 35 fuglar auk átta para með 55
unga 21.7., 44 fuglar 23.-28.9. (ýmsir).

Eyf: Akureyri, par 23.3., par 20.4. (Jón Magnús-
son ofl), tvö pör 22.-26.4. (STh ofl), þrjú pör
27.4., par 1.5. (ÓE ofl). – *Eyrarland* í Kaupangs-
sveit, par 25.4. (Þorsteinn Ingólfsson), sást í
nokkra daga. – *Gáseyri* í Kræklingahlíð, par
21.4.-1.5., tveir ♂ og ♀ 18.-23.5., þrír ♂ og ♀
27.5. (ÞSH ofl), 2-3 pör til 12.6. (Jón Magnús-
son), tvær auk pars með 16 dúnunga 13.6.
(ÞSH), fjórar 15.6., par auk pars með 14 smáa
unga □ 25.6., par 4.7. (Jón Magnússon ofl). –
Dagverðareyri í Kræklingahlíð, par með hreið-
ur 24.5. (Friðrik Traustason ofl).

Gull: Skógtjörn á Álftanesi, par 27.4., ♂ 5.5.,
10.5. (GAG, Óskar A. V. Eiríksson ofl). – *Gerðar*
í Garði, tvær 28.5. (Peter van Scheepen).

N-Ísfr: Skutulsfjörður og nágr, ♀ 9.-18.5. □
(Páll Hilmarsson ofl).

N-Múl: Skógalón í Vopnafirði, 15.5. (Anna
Benediktsdóttir).



1. mynd. Hnúðsvanur *Cygnus olor* við Litluá í Kelduhverfi, 27. júní 2003.
– Daníel Bergmann.



2. mynd. Vestræn margæs *Branta bernicla nigricans* (til vinstri) á Skógtjörn á Álfanesi, 15. apríl 2003. – Daníel Bergmann.

S-Múl: *Djúpivogur*, fimm ♂ og þrír ♀ 12.4., par 13.4., tveir ♂ og ♀ 21.4., tveir ♂ og tveir ♀ 25.4. (BB ofl), fimm ♂ og fjórir ♀ 8.5., tveir ♂ og ♀ 18.5. (BA, BB), par með nokkra unga 1.7. (JÓH), átta ungf 15.8. (BB). – *Egilsstaðir*, fullu 5.6. (AÖS).

Mýr: *Borgarvogur* í *Borgarhreppi*, tvær 7.-8.5., ♂ 5.6., tvær 16.6. (ÖE, ÖKN, Þorvaldur Björnsson ofl), par auk pars með sex unga 21.7. (SÁ).

A-Skaft: *Höfn* og *nágr*, þrjár á fyrsta vetri 31.10.2002 til 24.3. (BA, BB), ♀ 7.-8.4., par 18.4., þrettán 13.5., sextán 21.5., par með 5 unga við Stekkakeldu 20.-28.6. og tvær að auki 23.6., par með þrjá unga auk fimmtán geldfugla við Dilksnes 5.7., par með fimm unga 27.7., tvær 29.7. (BA, BB ofl).

Snæf: *Rif*, par og ♂ 30.4. □, ♂ til 20.5. og parið sást reglulega til 20.5. (SK ofl).

N-Þing: *Hringlón* á *Melrakkaslétu*, tveir ♂ og ♀ 19.4.-30.5., ♂ og ♀ 25.6. (GÖB ofl).

2002: Eyf: *Dagverðareyri* í *Kræklingahlíð*, par með hreiður sumarið 2002 (Friðrik Traustason), fuglarnir átu flesta daga við Gása.

Mandarínönd *Aix galericulata* (0,8,2) Austast í Asíu, Japan og innfluttur stofn á Bretlandseyjum (nú um 7000 fuglar að vetri). – Sjaldgæf hér á landi. Fuglar sem sjást hér eru að öllum líkingum frá Bretlandseyjum. Þetta er í þriðja sinn sem tveir steggir finnast saman.

N-Ísf: *Bolungarvík*, ♂ náðist 13.5. □ (Finnbogi Bernódusson), drapst í haldi, annar ♂ um miðjan maí (skv BP).

V-Ísf: *Suðureyri*, tveir ♂ 25.4. (skv BP), sáust í nokkra daga.

Ljósöfönd *Anas americana* (28,107,2) Norðurhluti N-Ameríku. Árviss hér á landi og víðar í Evrópu. – Övenju fáir ljósöföndar sáust að þessu sinni, tveir gamlir kunningjar halda til á Innnesjum.

Kjósarfuglinn er talinn vera annar þeirra. Að öllum líkindum hafa tveir steggir verið á Mývatni.

Gull: *Hafnarfjörður*, ♂ 18.12.2002 til 6.4. (SÁ ofl), ♂ 16.11. til 21.3.2004 (HG ofl). – *Seltjarnarnes*, ♂ 5.1.-8.3. (ÖKN ofl), ♂ 9.-28.12. (GP ofl). – *Bakkatjörn* á *Seltjarnarnesi*, ♂ 30.3. (GP), ♂ 30.8.-12.10. □ (YK ofl). – *Laxárvogur* í *Kjós*, ♂ 5.4. (BH). – *Daltjörn* á *Seltjarnarnesi*, ♂ 6.12. (YK).

S-Þing: *Mývatn*, ♂ 2.-3.5. á vestanverðu vatninu □ (Bill Zetterström, Dan Mangsbo, Fredrik Wilde, Göran Ekström), ♂ 24.5. á Vogafloa (Porkell L. Þórarinnsson), ♂ 25.5. við Nónhól (Porkell L. Þórarinnsson), ♂ við Syðri-Neslönd og ♂ við Kálfaströnd 10.6. (HD ofl), ♂ 8.-21.7. í Álfavogi (GH ofl).

Rákönd *Anas carolinensis* (5,86,8) Norðurhluti N-Ameríku. Rákönd er árviss í Evrópu og einnig hér á landi. Rákandarkollur eru nær ógreinanlegar frá urtandarkollum. – Övenjumargar rákendur fundust annað árið í röð og sjást þær nú á öllum landshornum. Tvær fundust að þessu sinni í stórum fellihópi urtanda sem heldur til í Andakíl á haustin.

Árn: *Stóra-Ármót* í *Flóa*, ♂ 25.4. □ (Tómas G. Gunnarsson).

Borg: *Grjóteyri* í *Andakíl*, ♂ 23.-28.9. (HIÖ ofl), ♂ að auki 25.9. (JÓH).

Gull: *Hafnarfjörður*, ♂ 15.2. (SÁ). – *Njarðvík*, ♂ 9.5. (GH).

N-Ísf: *Syðridalur* í *Bolungarvík*, ♂ 18.5. (BP).

V-Ísf: *Alviðra* í *Dýrafirði*, ♂ 24.5. (BP).

A-Skaft: *Fifutjörn* í *Suðursveit*, ♂ 20.4. □ (BB ofl).

N-Þing: *Sandvík* á *Melrakkaslétu*, ♂ 4.5. (GÖB). – *Brunahóll* á *Melrakkaslétu*, ♂ 6.-10.5. (GH, GÖB ofl). – *Kópasker*, ♂ 22.5. (HWS, ÖE, Ólafur H. Nielsen, ÖKN). – *Leirhöfn* á *Melrakkaslétu*, ♂ 22.5. (HWS, ÖE).

Brúnönd *Anas rubripes* (3,22,1) Norðausturhluti N-Ameríku. – Steggurinn sem hefur verið í Garði síðan 1993 heldur enn tryggð við sama svæðið en í Selvogi fannst ný brúnönd.

Árn: *Hlíðarvatn* í *Selvogi*, ♂ 4.-6.10. □ (SR ofl).

Gull: *Gerðar* og *nágr* í *Garði*, ♂ 15.9.2002 til 22.6. □, ♂ 24.8. til 2004 (ýmsir).

Skeiðönd *Anas clypeata* Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. – Aðeins tvö pör fundust með unga sumarið 2003. Annað var á Innnesjum og hitt í Kelduhverfi. Skeiðendur sáust þó á fleiri þekktum varpstöðum, t.d. í Staðarsveit og á Djúpavogi.

Eyf: *Glæsibær* í *Kræklingahlíð*, ♂ 4.5. (PSH). – *Brúnalaug* í *Staðarbyggð*, ♂ 11.5. (STH ofl). – *Akureyri*, ♂ 8.6. (HD ofl).

Gull: *Daltjörn* og *nágr* á *Seltjarnarnesi*, par 11.4.-7.5., ♀ að auki 18.4.-2.5., ♀ 9.5. (CB, Kjartan R. Gíslason ofl). – *Álfanes*, par 20.4.-20.5., ♂ að auki 29.4., ♂ 1.6., ♀ 21.6., sjö 25.7., ♀ með sjö ungf 1.8., par og ungf 5.8., fjórir ungf 7.8., þrír ungf 8.-24.8., 26.-29.8. (ýmsir). – *Bakkatjörn* á *Seltjarnarnesi*, ungf 30.8. (YK), ♀ og þrír ungf 3.-13.9. □ (BB ofl), ungf að auki 4.-13.9. (SÁ ofl), annar ungf að auki 13.9. (GP).

V-Hún: *Gauksmýri* í *Línakradal*, par 24.5.-1.6. (Birta Þórhallsdóttir, Þórhallur Jónsson ofl), tveir ♂ 13.6. (GAG ofl).

S-Múl: *Djúpivogur*, ♂ 8.5. □, tvö pör 18.5. (BA, BB).

A-Skaft: *Höfn*, ♂ 7.4. (BA, BB). – *Bjarnanes* í *Nesjum*, ♂ 26.4. (BA), par 14.-15.5. □ (BA, BB).

Skag: *Sjávarborg* í *Borgarsveit*, tveir ♂ 10.6. (GAG ofl). – *Miklavatn* í *Borgarsveit*, tveir ♂ 13.6. (GAG ofl).

Snæf: *Hofgarðar* í *Staðarsveit*, fimm ♂ og þrír ♀ 5.6., ♀ 28.9. (HD ofl).

Strand: *Kirkjuból* í *Steingrímsfirði*, ♂ 7.6. (Björk Guðjónsdóttir, Jón H. Jóhannsson).

N-Þing: *Grjótnes* á *Melrakkaslétu*, tveir ♂ 15.4.-2.5., ♂ 6.-20.5. (GH ofl), þrír ♂ 9.6. (GÖB). – *Kílsnes* á *Melrakkaslétu*, ♂ 20.5. (GH). – *Núpskatla* á *Melrakkaslétu*, þrír ♂ 6.6. (GÖB). – *Sigurðarstaðavík* á *Melrakkaslétu*, ♂ 6.6. (GÖB). – *Víkingavatn* í *Kelduhverfi*, ♂ 24.-30.5. (SG ofl), þrír ♂ 14.6. (GH, GÖB), ♀ 13.7., ♀ með fimm unga 1.8. (GÖB).

S-Þing: *Laxá* í *Mývatnssveit*, ♂ 26.5. við Helgey (Árni Einarsson). – *Kaldbakur* við *Húsavík*, ♀ /ungf 12.-13.10. (GH).

Skutulönd *Aythya ferina* (64,147,5) Miðbik Evrópu og Asíu. – Skutulönd varp síðast árið 1989, við Mývatn.

Árn: *Úllfjótuvatn*, ♂ 8.2. (EBR, SÁ).

Gull: *Bessastaðatjörn* á *Álfanesi*, ♂ 7.3.-6.4. (GP, SÁ).

A-Skaft: *Baulutjörn* á *Mýrum*, ♀ 9.-11.4. □ (BA, BB).

N-Þing: *Presthólalón* í *Núpasveit*, ♂ 24.-25.5. (GÖB ofl).

S-Þing: *Mývatn*, ♂ 25.5. (GÖB).

Hringönd *Aythya collaris* (3,37,4) N-Ameríka. – Ekki er ósennilegt að

steggirnir á Úlfjótavatni séu þeir sömu og á Elliðavatni, en hringendur hafa sést á báðum stöðunum síðustu ár. Steggurinn á Melrakkaslétu sést þar þriðja vorið í röð. Talið er að aðrir fuglar séu nýir. Í fyrsta sinn sést hringönd á Vestfjörðum.

Árn: Úlfjótavatn, ♂ 30.11. til 21.2.2004 (PeL, YK ofl), ♂ að auki 13.12. til 21.2.2004 (SÁ, YK ofl).

Gull: Elliðavatn í Kópavogi, tveir ♂ 7.-17.3., ♂ 21.3.-2.4. (GP ofl), ♂ 8.9. (GP).

V-Ísf: Seltjörn í Dýrafirði, ♂ 3.5. (BP).

A-Skaft: Þveit í Nesjum, ♂ 27.-29.7. □ (GP, SÁ ofl).

N-Þing: Grjótnes á Melrakkaslétu, ♂ 24.4. (GH, GÖB, Pétur Þorsteinsson, SÁ, TG). – Leirhafnarvatn á Melrakkaslétu, ♂ 6.5.-28.6. □ (GH, GÖB ofl), sami og við Grjótnes. – Víkingavatn í Kelduhverfi, ♂ 2.5. □ (Bill Zetterström, Dan Mangsbo, Fredrik Wilde, Göran Ekström).

S-Þing: Hólkot í Reykjadal, ♂ 22.6. (GH).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis* (174,748,26)

Nyrstu héruð N-Ameríku og Síberíu, Grænland og Svalbarði. – Að þessu sinni fundust 26 nýir æðarkóngar, en auk þess sáuust þrettán fuglar frá fyrri árum. **Árn:** Eyrbakkí, ♀ 4.5. □ (JÓH, ÓÓ).

Eyf: Krossanes við Akureyri, tveir fullu ♂ 15.2., fullu ♂ 2.-4.3., tveir fullu ♂ 8.-25.3. □ (GH ofl), fullu ♀ 16.-25.3. (PSH), ♀ að auki 25.3. □ (DB, EÖP). – Akureyri, fullu ♂ 3.6. (Hákon Óskarsson ofl).

Gull: Fossá í Kjós, fullu ♂ 26.6. (BH, Katrín Cýrusdóttir).

A-Hún: Blönduós, ♂ 29.4. □ (Bill Zetterström, Dan Mangsbo, Fredrik Wilde, Göran Ekström), ♂ 8.6. (HD ofl).

N-Ísf: Hvítanes í Skötufirði, ♂ 27.3. (BP). – Skötufjörður, fullu ♂, árgamall ♂ og ♀ 11.5. □ (Hilmar Pálsson).

V-Ísf: Höfði í Dýrafirði, ♂ 9.-11.5., tveir fullu ♂ 24.6., ♂ 2.7. □ (BP), ♂ 25.11. (BP). – Borg í Arnarfirði, fullu ♂ 14.6. (BH).

N-Múl: Sævarendi í Loðmundarfirði, ♂ um vorið (Ólafur Aðalsteinsson). – Nýpslón í Vopnafirði, fullu ♂ 29.4. (Höskuldur Haraldsson).

S-Múl: Þvottáskriður í Álfafirði, árgamall ♂ 24.6.-22.7. □ (BB).

Rvík: Örfirisey, fullu ♂ 8.3. (EBR, SÁ).

A-Skaft: Höfn, fullu ♂ 16.3. (BA), ♂ 5.-6.11., ♀ 6.11. □, ungunn ♂ 13.-26.11. □ (BB ofl), 3. mynd.

N-Þing: Buðlungahöfn og nágr í Núpasveit, ♂ 4.1.-7.6., ♂ á fyrsta vetri 17.4., tveir árgamlir ♂ 7.-28.6., árgamall og fullu ♀ 7.6. (GÖB ofl), tveir ♂ á öðru sumri og fullu ♀ 14.6. (Brendan Sloan, GH ofl), árgamall ♂ 21.8., þrír ♂ 4.9. (GÖB). – Lón í Kelduhverfi, ♂ á fyrsta vetri 30.3. (AÖS). – Kópasker, ♀ á fyrsta vetri 13.4. (GÖB, Kristinn Arnþjörnsson), þrír fullu ♀ 2.-10.5., árgamall ♂ og fullu ♀ 16.6. (GÖB ofl), ungunn ♂ og fjórir ungar ♀ 12.10. (GÖB, Pétur Þorsteinsson). – Grjótnes á Melrakkaslétu, ♂ á öðrum vetri 15.4. (GH), fullu ♂ 18.4. (GÖB, Hildur Björnsson).



3. mynd. Æðarkóngur *Somateria spectabilis*, karlfugl á fyrsta hausti við Höfn í Hornafirði, 17. nóvember 2003. – Brynjúlfur Brynjólfsson.

S-Þing: Ærvíkurbjarg og nágr í Reykjahverfi, fullu ♂ 18.1., ♂ á fyrsta vetri 9.2., tveir ♂ á fyrsta vetri síðar í feb, fullu ♂ 8.3. (GH). – Húsavík, ♂ á fyrsta vetri 20.2. (SG).

Á sjó: Faxaflói (64°12'N, 22°16'V), fullu ♂ 21.11. (KL).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóns *Somateria mollissima* × *spectabilis* (6,28,0)

Blendingur hefur sést nær árlega við Akureyri síðan 1996.

Eyf: Krossanes við Akureyri, fullu ♂ 4.-15.3. (PSH ofl). – Akureyri, fullu ♂ 5.6. □ (PSH).

Blíkönd *Polysticta stelleri* (0,13,0)

NA-Síbería og Alaska. Sjaldséð en árviss í Evrópu. – Þessi steggur hefur sést í Borgarfirði síðan 1998.

N-Múl: Ós í Borgarfirði, fullu ♂ 23.3.-8.5. □ (DB ofl), 4. mynd.

Krákönd *Melanitta perspicillata* (5,26,0) Norðurluti N-Ameríku. – Fremur sjaldgæf hér á landi og sést þá helst við Þvottáskriður eða í Mývatnssveit. Talið er að um sama fugl sé að ræða nú og sumarið 2002.

S-Múl: Þvottáskriður og nágr í Álfafirði, fullu ♂ 24.6.-22.7. □ (BB ofl).

Korpönd *Melanitta fusca* (10,52,4)

N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka. – Korpöndin í Hraunsvík sást fyrst í janúar 1999.

V-Barð: Reykjarfjörður í Suðurfjörðum, fullu ♂ 17.-27.6. □ (BH, Katrín Cýrusdóttir ofl), undirtegundin deglandi.

Gull: Hraunsvík við Grindavík, fullu ♂ 6.10. □ (YK), undirtegundin fusca.

S-Múl: Þvottáskriður í Álfafirði, ♂ 24.6.-7.7. (BB ofl), ekki greindur til undirtegundar.

A-Skaft: Hvalnesskriður í Lóni, þrír ♂ 22.8.

(Richard Hesketh), ekki greindir til undirtegundar.

N-Þing: Valbjófsstaðir í Núpasveit, fullu ♂ 6.4.-2.5. □ (GÖB ofl), undirtegundin stejnegeri.

Vestræn korpönd *Melanitta fusca deglandi* (0,5,0)

N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækíngur í Evrópu sem hefur einungis fundist hérlandis. Ýmsir líta nú orðið á þessa undirtegund sem sérstaka tegund. Fyrsta vestræna korpöndin fannst í Suðurfjörðum í júní 1993 (Arnþór Garðarsson 1997) og er ekki ósennilegt að um sama fugl sé að ræða. Sjá nánar um greiningareinkenni í *Blika* 18:65-67.

V-Barð: Reykjarfjörður í Suðurfjörðum, ♂ 17.-27.6. □ (BH, Katrín Cýrusdóttir ofl), undirtegundin deglandi.

Austræn korpönd *Melanitta fusca stejnegeri* (0,0,1)

Austur-Asía. – Mjög sjaldgæfur flækíngur í Evrópu sem hefur tvisvar áður fundist utan Íslands, í Frakklandi árið 1886 (Jiguet o.fl. 2006, í prentun) og í Finnlandi árið 1996 (Lindroos 1997). Sjá nánar um greiningareinkenni í *Blika* 18:65-67.

N-Þing: Valbjófsstaðir í Núpasveit, fullu ♂ 6.4.-2.5. □ (GÖB ofl), undirtegundin stejnegeri, 5. mynd.

Hvinönd *Bucephala clangula* (552,-,-) N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Algengur vetrargestur sem sést víða um land. Sést hér einnig á sumrin.

Árn: Sog og Úlfjótavatn, sex 1.1., tuttugu 12.1., sextán 8.2. (ýmsir), 2.11., þrjár 30.11., sextán 13.12. (ýmsir). – Ölfusárós í Flóa, tvær 2.1. (JÓH).

Gull: Járngerðarstaðir í Grindavík, 2.-7.12. (YK ofl).



4. mynd. Blikönd *Polysticta stelleri* í Borgarfirði eystra, 23. mars 2003. – Daníel Bergmann.

V-Ísf: Dýrafjörður, 25.1. (BÞ), 14.12. (BÞ).
N-Múl: Fellabær, 24.1.-29.3., önnur að auki 4.-29.3., þriðja að auki 8.-9.3. (HWS, VHJ), 16.11.-21.12. (VHJ). – Borgarfjörður, 8.5. (BA, BB).
S-Múl: Breiðdalsvík, 13.4. (BB). – Eskifjörður, 23.12. (BÞ).
Rvík: Elliðavatn og nágr, tvær 3.1., þrjár 12.1., 27.1. □, sjö 21.2., 7.3., sex 8.3., fimm 21.-28.3., sjö 29.3. (ýmsir).
A-Skaft: Höfn, 2.1., 15.1., þrjár 27.1., tvær 15.-17.3. (BA, BB). – Þinganes í Nesjum, 2.1. (BB), 19.12. (BB). – Dynjandi í Nesjum, tvær 26.2. (BB). – Þveit í Nesjum, sjö 26.2., fimmtán 7.3., sjö 25.3., tólf 2.4., tvær 9.4., tíu 12.4., fimm 21.4., þrjár 3.5., 8.5. (BB ofl). – Lón, ellefu 22.3. (DB, EÓÞ). – Krútjörn í Nesjum,

12.4. (BA). – Breiðabólstaður í Suðursveit, 18.10. (BA, HB).
N-Þing: Lón í Kelduhverfi, sjö 5.1. (GH, Gunnar Jóhannesson ofl), 20.9. (GH, Per Hirslund), þrjár 22.10. (GH), níu 7.12. (SG), ellefu 11.12. (GH). – Leirhöfn á Melrakkaslétu, 30.5.-1.6. (GH, GÖB, Lars B. Eriksson ofl).
S-Þing: Fornhagi í Aðaldal, 2.1. (GH). – Hraun í Aðaldal, tvær 31.1. (SG), 18.6. (GH), tvær 30.12. (GH, YK). – Ystihvammur í Aðaldal, 31.1. (SG). – Hamrar í Reykjadal, tvær 23.4. (ÞSH). – Mývatn, 23.5. norðan Hróteyjar (Árni Einarsson), fjórar 9.6., tvær 10.6. við Kálfaströnd (HD ofl), 29.12. á Vogafloa (YK). – Laxá í Mývatnssveit, 24.5. við Geldingey, 9.8. við Geldingey (Árni Einarsson). – Svartárvatn í Bárðardal, þrjár 24.6. (GH). – Miðhvammur í Aðaldal, 30.12. (GH, YK).

15: 1-15). – Búast má við að hrököndum fækki hérlandis á næstu árum vegna útrýmingarherferðar sem hafin er í ýmsum löndum V-Evrópu til verndar eirönd *O. leucocephala* á Spáni.

A-Skaft: Krútjörn í Nesjum, 3. 21.4.-9.6. (BA ofl), tveir 3. 28.8. (BB).

N-Þing: Núpaskatla á Melrakkaslétu, 3. 25.6. (GH), sást í einhvern tíma.

Sefgoði *Podiceps grisegena* (18,20,1) A-Evrópa, Síbería og nyrsti hluti N-Ameríku. – Þetta er í annað sinn sem sefgoði finnst að sumarlagi, en sá fyrsti var í Hrótafirði í júlí 1999.

N-Þing: Buðlungahöfn í Núpasveit, 24.-28.6. □ (AÖS ofl).

Hettuskrofa *Puffinus gravis* (26,10,2) S-Atlantshaf. Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma. – Tvær fundust á hefðbundnum fartíma tegundarinnar.

Á sjó: (64°38'N, 25°51'V), 17.8. □ (Þróstur Hreinsson ofl). – (63°59'N, 26°51'V), 3.9. (SR).

Gráskrofa *Puffinus griseus* (56,405,58) Suðurhvel. – Fjöldi tilkynninga var yfir meðallagi þetta árið en meðalfjöldi síðustu tíu ára er tæplega 32 fuglar á ári. Eins og venjan er sjást langflestar frá skipum.

Gull: Garðskagi í Garði, 21.8., 25.8., sex 30.8.



5. mynd. Austræn korpönd *Melanitta fusca stejnegeri* við Valþjófsstaði í Núpasveit, 1. maí 2003. – Dan Mangsbo.

Kambönd *Mergus cucullatus* (0,5,2) N-Ameríka. – Þriðja árið í röð finnst þessi ameríska fiskiönd, að þessu sinni tveir fuglar að vorlagi í Þingeyjarsýslum.
N-Þing: Leirhöfn á Melrakkaslétu, 3. 30.5.-1.6. (GH, GÖB, Lars B. Eriksson ofl).
S-Þing: Hamrar í Reykjadal, 3. 18.-20.4. □ (Bergþóra Kristjánsdóttir ofl).

Hrókönd *Oxyura jamaicensis* (2,78,3) Vestanverð N- og S-Ameríka. Flutt til Evrópu og verpur nú á Englandi og víðar í Evrópu og er talið að allir fuglar sem hér hafa sést séu komnir þaðan (*Bliki*

(Richard Ottvall), þrjár 31.8. (GPH, GP, YK), amk átta 2.9. (YK), 6.9. (SÁ, YK), fjórar 13.9. (YK ofl).

A-Skaft: *Stokksnes í Nesjum*, 26.8. (BB).

Á sjó: *Út af Ólafsvík*, 2.8. (Patric Lorgé). – *Út af Jökulsá á Breiðamerkursandi*, sex 15.8. (BA). – *Út af Hálsu í Suðursveit*, 16.8. (Helgi Ö. Kristinsson). – (64°09'N, 22°39'V), fjórar 1.9. □ (SR). – (64°17'N, 25°43'V), 2.9. (SR). – (63°59'N, 26°51'V), sex 3.9. (SR). – (63°56'N, 26°49'V), 3.9. (SR). – (63°36'N, 29°27'V), 4.9. (SR). – (61°53'N, 26°08'V), 9.9. (SR). – (63°17'N, 25°06'V), 11.9. (SR). – (63°28'N, 25°26'V), 11.9. (SR). – (63°30'N, 25°27'V), þrjár 11.9. (SR). – (63°32'N, 25°29'V), 11.9. (SR). – (64°14'N, 26°04'V), 11.9. (SR). – *Garðsjór*, þrjár 6.9. (YK). – *Út af Landeyjasandi*, 18.10. (GH).

Gráhegri *Ardea cinerea* (620,1243,155) Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Undanfarnir ár hefur fjöldi gráhegra haldist mjög stöðugur í kringum 50 fuglar á ári, en 2002 fundust fleiri en nokkru sinni áður (122 fuglar). Annað árið í röð er fjöldamæt slegið, en nú var tilkynnt um a.m.k. 155 fugla. Methópar sáust um haustið; 24 fuglar í Landbroti, nítján í Ölfusi og sextán í Hafnarfirði.

Árn: *Laugarás*, 18.10.2002 til 21.6. (Loftur Ingólfsson ofl), 30.11. □ (GAG, PeL, YK). – *Núpar í Ölfusi*, fimm frá 27.10.2002 (JÓH), tíu 4.1., átta 15.1. (EÓP, HIÓ, JÓH), sex 20.10. (JÓH), fimmtán 1.11., tíu 3.11. □ (Guðmundur Jónsson ofl), átján 20.11. (JÓH), nítján 22.11. □, sextán 30.11., þrír 27.12., sex 31.12. (HIÓ, JÓH ofl). – *Kröggólfstaðir í Ölfusi*, 4.1. (EÓP, HIÓ, JÓH). – *Laugarvatn í Laugardal*, 27.1.-5.2. (Sveinn G. Sigurjónsson). – *Sóleyjarbakki í Hreppum*, 24.2. (Jón Einarsson, Þráinn Þórhallsson), talinn vera einn fuglanna við lðu. – *Íða í Biskupstungum*, fjórir 3.3. (JÓH). – *Hlíðarvatn í Selvogi*, 1.9. (Sveinn Kjartansson). – *Selfoss*, 20.12. (ÓÓ). – *Opnur í Ölfusi*, nítján 27.12. (DB, EÓP, HIÓ, JÓH).

V-Barð: *Brjánslækur í Vatnsfirði*, 25.-28.1. (Torfi Steinsson). – *Tálknafjörður*, 18.2. (Einar Haraldsson). – *Vatnsfjörður*, 2.-5.4. (Torfi Steinsson).

Borg: *Geldingaá í Leirársveit*, 16.1. (Þórarinn Þórarinnsson). – *Skipanes í Leirársveit*, 2.4. (Daníel Hansen), tveir 19.11. (Stefán Ármannsson). – *Vogatunga í Leirársveit*, 10.4. (Elvar Jónsteinsson).

Eyf: *Laugaland í Eyjafirði*, fjórir 15.12.2002 til 2.4., 4.4. (Þorsteinn Ingólfsson ofl). – *Akureyri*, tveir 10.9. (Snævarr Ö. Georgsson), 29.11. (Bergþóra Kristjánsdóttir), tveir 3.-4.12. (Þorsteinn Ingólfsson). – *Hrísar í Svarfáðardal*, tveir 19.10., þrír 20.10. (Erlingur Aðalsteins-son). – *Krossanes við Akureyri*, tveir 18.11., 1.12. (PSH).

Gull: *Hvaleyrarlón í Hafnarfirði*, sex frá hausti 2002, níu 1.1. (SÁ), tólf 25.1., þrír 1.2. (BA, EBR, GP, SÁ ofl), fjórtán 29.11., tíu 2.12. (SÁ ofl), fimmtán 11.12. (RR), sextán 14.12., þrettán til 26.12. □, átta 28.12. (GP, YK ofl). – *Hafnir*, 5.1. (APS). – *Urriðakotsvatn í Garðabæ*, 9.1. (RR), sex 22.2., fimm 28.2. (HIÓ ofl), sjö 9.3., fimm 14.3.-18.4., 27.4. (SÁ ofl), fjórtán

21.11. □, fimm 23.11. (YK). – *Leirvogsá í Mosfellsveit*, 13.1. (Þorsteinn Tómasson), 12.-13.9. (Pétur Einarsson). – *Kúagerði á Vatnsleysuströnd*, 15.1. (Daníel Þórarinnsson). – *Hvassahraun á Vatnsleysuströnd*, 25.1. (BA). – *Meðalfellsvatn í Kjós*, 1.3.-12.4. (BH, CB, Kjartan R. Gíslason ofl). – *Vatnsendi í Kópavogi*, þrír í lok vetrar fram á vor (Óskar A. V. Eiríksson). – *Vífilsstaðir í Garðabæ*, 21.3. (BH). – *Hausastaðir á Álftanesi*, 26.-28.9., 15.11. (Gunnar Yngvason ofl). – *Sandgerði*, 15.11. (Helgi Guðmundsson).

A-Hún: *Geitaskarð í Langadal*, 21.8. (APS).

N-Ísf: *Syðridalur í Bolungarvík*, 29.4. (BP). – *Skutulsfjörður*, 20.5. (BP).

V-Ísf: *Botn í Súgandafirði*, tveir frá síðla sept 2002 til 25.1. (Helga G. Kristjánsdóttir). – *Suðureyri*, 3.2. (Helga G. Kristjánsdóttir). – *Höfði í Dýrafirði*, 26.9. (Jón F. Jóhannsson, Rannveig Þórisdóttir ofl).

N-Múl: *Fljótisdalur*, 14.9. (SP). – *Hof í Fellum*, 25.9. (Sigurður G. Björnsson).

S-Múl: *Egilsstaðir og nágr*, tveir 30.12.2002 til 1.1., þrír 4.1., fjórir 9.-13.1., einn til 20.3., annar að auki 26.1. og 11.3., einn fd 28.2. (VHJ ofl), 9.9., 9.10. (VHJ). – *Strönd á Völlum*, 25.-26.5. (Lárus Heiðarsson, Loftur Jónsson). – *Geithellar í Álftafirði*, tveir 24.9. (SP). – *Kleifarvatn í Breiðdal*, 27.9. (BB). – *Pvottá í Álftafirði*, 18.10. (BB, Pálmi S. Brynjúlfsson). – *Fáskrúðsfjörður*, 8.11. (Margrét Andrésdóttir). – *Reyðarfjörður*, sex 28.12. (Páll Leifsson ofl). **Rang:** *Oddspartur í Pykkvabæ*, 10.11. (Óskar Kristinsson). – *Grjóta og nágr í Fljótshlíð*, um haustið til 29.2.2004 (HÓ).

Rvík: *Grafarvogur*, tveir 10.9.2002 til 27.1., tveir að auki 27.1. (APS ofl). – *Ellidavatn og nágr*, fjórir frá okt 2002 til 19.2., fimm 4.-29.3., þrír 4.4., tveir 16.4., 24.-28.4. (Hafsteinn Björgvinsson ofl), 25.8., þrír 8.-12.9. □, 17.10.-29.12. (Hafsteinn Björgvinsson ofl). – *Ellidáar*, tveir 2.1. (HPH, Steinar Björgvinsson), 24.12. (GP). – *Heiðmörk*, 15.1. (HPH). – *Keldur*, fjórir 2.2., 12.-14.3., 2.4. (SÁ ofl), sömu og í Grafarvogi. – *Laxalón við Grafarholt*, 15.2. (Axl P. Ólafsson, Einar Ólafsson, ÓE). – *Rauðavatn*, 25.3. (GP), 14.4. (HIÓ). – *Lambhagi við Úlfarsá*, 4.4. (Ómar Runólfsson).

A-Skaft: *Höfn*, fjórir 17.10., 26.11. (BA). – *Stóralág í Nesjum*, 28.1. (BA, BB). – *Skaftafell í Örfæum*, fimm 29.1., 19.-25.2. (Ragnar F. Kristjánsson ofl). – *Hoffellsá í Nesjum*, 13.2. (Árni P. Ragnarsson). – *Krossbær í Nesjum*, 17.-19.2. (BB ofl). – *Hof í Örfæum*, fjórir 22.2., tveir 12.3. (HB ofl). – *Salthöfði í Örfæum*, þrír 13.3. (BA, HB). – *Hvalnes í Lóni*, 15.-20.3. (Guðný Svavarsdóttir ofl). – *Reynivellir í Suðursveit*, 5.4. (BA). – *Smyrlabjörg í Suðursveit*, 5.4. (BA). – *Bjarnanes í Nesjum*, 12.4. (BA), tveir 22.11. (YK). – *Kvisker í Örfæum*, 29.5. (HB), tveir 22.10., 9.11. til áramóta (HB ofl). – *Hólar í Nesjum*, tveir 25.9. □ (BB). – *Staðará í Suðursveit*, 4.10. (BB). – *Baulutjörn á Mýrum*, þrír 4.10. (BA), fimm 11.-17.10. (BA, BB ofl). – *Fífutjörn í Suðursveit*, 4.10., 18.10. (BA ofl). – *Brunnhóll á Mýrum*, 13.10. (BA, EÓP). – *Kríutjörn í Nesjum*, sjö 9.11. (BA).

V-Skaft: *Nýbær í Landbroti*, 17.-19.2. (BB ofl), nokkrir frá september og fjölgaði fram eftir hausti (Jóhann Ólafsson), sextán 26.11.

(Sigurður Jakobsson), tuttugu 1.12. (Jóhann Ólafsson), 24 fuglar 12.12. (BA, Ægir Olgeirsson). – *Syðri-Steinsmýri í Meðallandi*, 9.3. (GAG). – *Fljótakrökur í Meðallandi*, 14.4. (BA, HB). – *Kirkjubæjarklaustur*, 14.4. (BA, HB). – *Hrífunes í Skaftártungu*, þrír 10.10. (Hrafn Jóhannsson).

Skaft: *Hópsvatn og nágr í Fljótum*, tveir 5.-12.10., einn til 20.10. (PS).

Snæf: *Rif*, tveir frá 2002 til 14.1. (SK). – *Stykkishólmur*, fimm frá 2002 til mars (Trausti Tryggvason), 17.10. (Inga Eyþórsdóttir), fimm 24.10., byrjun des (Birgir Þórbjarnarson ofl). – *Hellissandur*, þrír 28.1. (SK), höfðu sést í nokkra daga. – *Snorrastaðir í Kolbeinsstaðahreppi*, síðla jan til 23.2. (Haukur Sveinbjörnsson). – *Mávahlíð í Fróðárhreppi*, feb (SK), hafði sést fyrr um veturinn.

Vestm: *Heimaklettur á Heimaey*, 29.8. (Freydís Vigfúsdóttir, JÓH, Óskar J. Sigurðsson). – *Vestmannaeyjabær*, 18.9. (HBS).

N-Þing: *Núpskatla á Melrakkaslétu*, frá 2002 og fram í jan þegar fd (GÖB ofl). – *Núpsvatn í Núpasveit*, frá 2002 til 4.1. (Sveinn Hreinsson ofl). – *Lón í Kelduhverfi*, tveir frá 2002 til 5.1. (AÖS ofl). – *Snartarstaðir og nágr í Núpasveit*, 27.1. fram á sumar (Helgi Árnason ofl). – *Núpur í Öxarfirði*, 2.5. (AÖS). – *Leirhöfn á Melrakkaslétu*, 16.8. (GÖB), tveir um miðjan okt, annar til 26.10. (Kristinn B. Steinarsson ofl). – *Kópasker*, 19.10. (GÖB).

S-Þing: *Kaldbakur við Húsavík*, 22.2.-28.4. (GH, SG ofl), tveir að auki 27.3. (Þorsteinn Ingólfsson), þrír 16.9. til amk 10.1.2004 □, einn að auki 23.10.-4.11. (GH ofl). – *Bakkahöfði við Húsavík*, 3.3., fundinn vængbrotinn 19.4. □ (Ómar Ö. Jónsson ofl), drapst samdægurs. – *Ófeigsstaðir í Köldukinn*, 18.10. (Ragnar Emilsson). – *Hraun í Aðaldal*, 14.11. (SG ofl).

2002: V-Ísf: *Botn í Súgandafirði*, tveir frá síðla sept 2002 til 25.1.2003 (Helga G. Kristjánsdóttir), viðbót við athugun í 2002 skýrslu.

2002: Snæf: *Rif*, þrír síðsumars 2002 fram í miðjan sept 2002, tveir til 14.1.2003 (SK).

Flatnefur *Platalea leucorodia* (3,1,0) Syðri hluti Evrópu, Asíu og N-Afríka. – Mjög sjaldgæfur flækjngur. Þetta er fyrsti flatnefurinn hérlandis frá upphafi skýrslanna um sjaldgæfa fugla. Síðast fannst flatnefur við ós Affalls í Rangárvallasýslu þann 30. september 1972.

1998: Á sjó: *Um 40 sml norður af Langanesi*, ungf 8.10. □ (Barði Ingibjartsson).

Vatnagleða *Milvus migrans* (0,2,1) Syðri hluti Evrópu, Asíu, Afríka og Ástralía. – Þetta er fyrsta vatnagleðan sem finnst að vorlagi.

V-Skaft: *Höfðabrekka og nágr í Mýrdal*, 11.-12.4. □ (Jóhannes Kristjánsson ofl), 6. mynd.

Brúnheiðir *Circus aeruginosus* (1,4,2) Evrópa, Mið-Asía og Ástralía. – Mjög sjaldgæfur flækjngur sem sést nú í fyrsta sinn síðan 1994.

A-Skaft: *Höfn*, 8.4.11. (BB). – *Dynjandi í Nesjum*, 9./ungf 30.11. (BB, Pálmi S. Brynjúlfsson).



6. mynd. Vatnagleða *Milvus migrans* við Höfðabrekku í Mýrdal, 11. apríl 2003.
– Daníel Bergmann.

Bláheiðir *Circus cyaneus* (3,4,1)
Evrópa, Asía og N-Ameríka. – Annað árið í röð sést bláheiðir. Allir búningar bláheiða, gráheiða og föllheiða eru mjög líkir. Nákvæm lýsing eða góð ljósmynd er nauðsynleg til þess að hægt sé að greina þá til tegundar.

A-Skaft: Höfn, ♀/ungf 6.-7.1. (BB).

Gunnfálki *Falco subbuteo* (1,9,2)
Mið- og S-Evrópa, V-Asía til Kyrrahafs. – Gunnfálki sást síðast 1996. Í annað sinn finnst ungfugl að hausti.

A-Skaft: Hafnarnes í Nesjum, ungf 23.9. (BB).
Á sjó: Milli Íslands og Færeyja, náðist 15.6. (Sigurður Kristjánsson), sleppt merktum í Kjarnaskógi við Akureyri 19.6. □.

Keldusvín *Rallus aquaticus* (-,108,10)
Evrópa og Asía. – Övenju mörg keldusvín sáust að þessu sinni en helmingur þeirra fannst við Húsavík.

Gull: Lundur í Kópavogi, af og til í jan til 27.2. (HÞH ofl), 10.12. (DB, YK).

Rvík: Vatnsmýri, 9.12. (GP).

N-Þing: Lundur í Öxarfirði, tvö 11.12. (GH ofl), annað sást til 7.1.2004.

S-Þing: Kaldbakur við Húsavík, 17.1. (GH), tvö 22.1.-4.2. (SG ofl), tvö fd 12.2. 2☆, fd 21.2. (GH), fd 1.3. ☆, 7.3. (Jón Gunnarsson).

Sefhæna *Gallinula chloropus* (42,44,4)
Evrópa, Asía og Ameríka. – Nær árlegur flækingur sem virðist koma bæði síðla hausts og einnig á farti á vorin.



7. mynd. Bleshæna *Fulica atra* á Tjörninni í Reykjavík, 26. janúar 2003.
– Daníel Bergmann.

Árn: Selfoss, ungf 9.-30.11. □ (Álfheiður Tryggvadóttir ofl).

N-Múl: Fellabær, fullu 19.1., fnd 26.1. ☆ (VHJ ofl).

V-Skaft: Vík í Mýrdal, ungf 17.1. □ (Sigurður Hjálmarsson), hafði sést í nokkra daga.

N-Þing: Rauðarhöfn, fullu 6.-13.3. □ (Erlingur Thoroddsen).

S-Þing: Hólar í Reykjadal, ungf 21.2. (GH). – Laugar í Reykjadal, 25.3. (EÖÞ).

Bleshæna *Fulica atra* (138,86,31)

Evrópa, Asía og Ástralía. – Aldrei áður hafa fundist svo margar bleshænur á einu ári. Áður höfðu mest sést átta fuglar árin 1977 og 1987. Eins og við var að búast eftir svona vorgöngu reyndu sumar við varp. Fjögur pör komu upp ungum en fimmta parinu mistókst. Síðast reyndu bleshænur varp árið 1954 við Mývatn.

Árn: Úlfjótstvatn, tvær 1.1. (HIÓ ofl). – Stokkseyri, 20.4.-11.5. (Þórður Guðmundsson ofl).

Eyf: Akureyri, 23.3. □, 22.4.-15.5. (Jón Magnússon ofl). – Kristnes í Eyjafirði, 22.4., par með hreiður 11.-25.5., parið yfirgef hreiðrið 26.5. og sást síðast 8.6. (STh ofl). – Grímsey, amk þrjár 27.4., tvær til 6.5. (Konráð Gylfason).

Gull: Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði, 24.-26.5. (Steinar Björgvinsson ofl). – Káranes í Kjós, fullu 5.10. (EBR, SÁ).

N-Ísf: Bolungarvík, 29.-30.4. (Guðmundur Jakobsson ofl).

S-Múl: Egilsstaðir og nágr, tvær 24.11.2002 til 1.1., 26.4.-14.6., önnur að auki 5.-7.5. (VHJ ofl).

Rvík: Tjörnin, 26.1. □, 7. mynd, 14.-18.3. (HÞH ofl). – Elliðaár, 26.-27.4. (Kristján Sveinsson ofl). – Elliðavatn, fullu 9.9. □, fullu 12.10. (YK).

A-Skaft: Fífutjörn í Suðursveit, 20.4. (BB ofl), par 21.4. (BA), þrjár 3.5. (SÁ), par með fjóra unga 29.6., par með þrjá unga 27.7., par með tvo unga 15.8., tvær 26.8. (EBR, SÁ ofl). – Þveit í Nesjum, 24.4.-5.5. □ (BA, BB). – Krútjörn í Nesjum, 8.5., 11.10. (BA, BB ofl).

V-Skaft: Hraunkot í Landbroti, tvær 28.4.-13.5., 15.8.-28.9. (Sigurlaug Jónsdóttir). – Lyngar í Meðallandi, um 7.5. (Soffía Antonsdóttir).

Skag: Framnes í Blönduhlíð, 11.5. (ÓE).

Snæf: Arnarstapi, 30.5.-7.6. (Hákon Óskarsson ofl).

N-Þing: Keldunes í Kelduhverfi, 14.2.-28.3. (GÖB ofl). – Víkingavatn í Kelduhverfi, tvær 2.5. (Bill Zetterström, Dan Mangsbo, Fredrik Wilde, Göran Ekström), þrjú pör urpu um sumarið og eru talin hafa komið upp sjö ungum □, par með fjóra unga, par með tvo unga og par með einn unga 13.7., fjórir fullu og fimm ungf 1.-17.8., tvær fullu og ungf 28.8., tvær fullu 6.9. (AÖS ofl). – Rauðarhöfn, 24.4.-22.5. □ (GH, GÖB, Pétur Þorsteinsson, SÁ, TG ofl). – Þórshöfn, 28.4.-6.5. (Ásgeir Kristjánsson ofl).

S-Þing: Laugar í Reykjadal, 4.10. (YK).

Grátrana *Grus grus* (5,28,1)

N-Evrópa og norðanverð Asía. – Einn fugl finnst nú á hefðbundum tíma.

Borg: Hvítárvellir í Andakíl, ársögmul 4.-7.6.
□ (SÁ ofl), 8. mynd.

Gulllóa *Pluvialis dominica* (0,13,1)
N-Ameríka. – Gulllóur eru orðnar nær
árvissar á Suðvesturlandi en eiga enn
eftir að sjást annars staðar á landinu.
Árn: Stokkseyri, ungf 25.9. □ (DB, EÓP ofl).

Grálóa *Pluvialis squatarola* (16,79,4)
Nyrstu héruð Síberíu og N-Ameríku. –
Eftir þrjú dræm ár fundust fjórir fuglar.
Árn: Eyrarbakki, ungf 5.-11.10. □ (EBR, GP,
SÁ ofl), 9. mynd.

Gull: Arfadalsvík í Grindavík, ungf 24.-27.9.
(YK ofl).

A-Skaft: Höfn, fullu 31.8.-1.9. (BB ofl).

Vestm: Heimaey, 22.9. (IS).

Vepja *Vanellus vanellus* (1220,937,39)
Evrópa og N-Asía. – Fjöldi vepja nú er
jafn meðaltali undanfarinna tíu ára. Par
varp í Garði og kom upp þremur ungum.
Eyf: Sauðanes við Siglufjörð, 14.3. (Sigurjón
Þórðarson). – Gröf í Kaupangssveit, 27.3.
(Þorsteinn Ingólfsson).

Gull: Álfanes, 14.4. (SÁ). – Garður, 6.5. fram
á sumar (HIÓ ofl), önnur að auki 21.5. fram á
sumar (Gerhard Ó. Guðnason ofl), parið varp
um sumarið og sást með þrjá unga um 20.6.
(skv DB), fullu og tveir ungar 22.6. til 7.9. □,
10. mynd, tvær til 26.9. (GP ofl).

N-Ísf: Bolungarvík, 4.3. (Magnús Ó. Hansson).



8. mynd. Grátrana *Grus grus* við Hvítárvelli í Borgarfirði, 7. júní 2003.
– Daníel Bergmann.

N-Múl: Njarðvík við Borgarfjörð, tvær 3.3.
(Jakob Sigurðsson). – Ós í Borgarfirði, tvær
10.3. (Skúli Sveinsson).

S-Múl: Neskaupstaður, sex 6.3. (Sp).

A-Skaft: Jaðar í Suðursveit, ungf 5.10. (BA).

Skag: Lágimúli á Skaga, 7.3. (Haraldur Ingólfs-

son). – Reykjarhöll í Fljótum, 7.3. (Sonja
Hafsteinsdóttir). – Langhús í Fljótum, 9.5. (PS).

Vestm: Heimaey, 5.7. (IS). – Breiðibakki á
Heimaey, fimm 12.11., sex 14.11. (IS, Viktor
Sigurjónsson). – Stórhöfði á Heimaey, þrjár
16.11. (HBS).



9. mynd. Grálóa *Pluvialis squatarola* við Eyrarbakka, 7. október 2003. – Daníel Bergmann.



10. mynd. Vepja *Vanellus vanellus*, ungfugl við Miðhús í Garði, 31. ágúst 2003. – Yann Kolbeinnsson.

N-Ping: Kollavík í Pistilfirði, fullu 6.3. (GG). – Sævarland í Pistilfirði, 6.3. (GG). – Þórshöfn, fjórar 6.3. (GG). – Kópasker, tvær 7.-8.3. (GÖB), önnur étin af smyrli 8.3., tvær 17.3. (GÖB). – Grjótnes á Melrakkaslétu, 18.-24.4. (GÖB ofl). – Sandvík á Melrakkaslétu, 18.4. (GÖB).

S-Ping: Kaldbakur við Húsavík, 10.3. (GH). – Hóll á Tjörnesi, 18.4. (Björn Hólmgeirsson).

2002: N-Múl: Njarðvík við Borgarfjörð, tvær í nóvember 2002 (Jakob Sigurðsson).

Rákatíta *Calidris melanotos* (2,37,3) Kanada, Alaska og NA-Síbería. – Algengasti ameríski vaðfuglinn í Evrópu en þangað berast einnig fuglar frá Síberíu. Flestar rákatítur sem finnast hérlandis sjást á haustin.

Gull: Gerðar í Garði, 24.9. (SR ofl). – Staðnes á Miðnesi, 27.9. (GP).

A-Skaft: Höfn, 25.9. (BB).

Spóatíta *Calidris ferruginea* (3,52,2) N-Síbería. – Árlegur flækingur sem sést bæði vor og haust.

Mýr: Leirulækur á Mýrum, 27.5. (HIÓ).

A-Skaft: Höfn, ungf 25.9. (BB).

Grastíta *Tryngites subruficollis* (2,7,2) Nyrstu héruð Kanada og Alaska. – Sést árlega í Evrópu en er sjaldgæf hér á landi. Nú finnast tvær á svipuðum tíma og aðrir amerískir fuglar.

Árn: Eyraðakki, ungf 25.9. (HIÓ).

Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, ungf 12.9. (KHS ofl).

Rúkragi *Philomachus pugnax* (26,68,5) N-Evrópa og Asía. – Óvenjumargir að þessu sinni og enn finnast vorfuglar í álitlegu varpkjörlandi þó ekkert hafi bent til varps þetta árið.

Gull: Gerðar í Garði, 7.9. (RR).

A-Skaft: Höfn, 28.8.-1.9., annar að auki 30.8.-1.9. (BB ofl).

V-Skaft: Langholt í Meðallandi, ♂ 9.6. (Soffía Antonsdóttir).

N-Ping: Víkingavatn í Kelduhverfi, ♂ 26.-28.6. (AÖS ofl).

Dvergsnípa *Lymnocyptes minimus* (32,119,21)

N-Evrópa og Asía. – Dvergsnípur sjást aðallega í skurðum og við læki að haust- og vetrarlagi. Aldrei áður hafa sést svo margar dvergsnípur. Áður höfðu mest sést sextán árið 2001.

Árn: Hjalli í Ölfusi, tvær 27.12. (DB, EÓP, HIÓ, JÓH). – Núpár í Ölfusi, þrjár 27.12. (DB, EÓP, HIÓ, JÓH). – Þóroddsstaðir í Ölfusi, 27.12. (DB, EÓP, HIÓ, JÓH). – Hveragerði, 28.12. (DB).

Gull: Lundur í Kópavogi, 24.1.-9.2. (SÁ), 2.11., 2.-31.12. (EBR, YK ofl), önnur að auki 31.12. (BB). – Kollafjörður, 15.4. (Christophe Pam-poulie).

Rvík: Keldur, 2.2. (SÁ). – Rauðavatn, 2.2. (GP).

A-Skaft: Höfn, 29.-31.1. (BA, BB). – Reynivellir í Suðursveit, tvær 26.12. (BA).

Skag: Langhús í Fljótum, 23.-24.1. (PS).

N-Ping: Lundur í Öxarfirði, 18.-20.1. (GÖB ofl).

S-Ping: Kaldbakur við Húsavík, 17.-25.1. (GH ofl), 1.-29.12., önnur að auki 14.12. (GH, TG ofl).

Skógarsnípa *Scolopax rusticola* (108,371,29)

Evrópa og Asía. – Fjöldinn er yfir meðallagi annað árið í röð og að þessu sinni var fyrsta varptilfellið staðfest í Ásbeygi þar sem hálfleggur ungi fannst í júlí. Skógarsnípur sáust syngjandi í Ásbeygi á árum áður og því var bara spurning um tíma hvenær varp yrði staðfest.

Árn: Selfoss, 23.-28.11. (ÖÖ ofl). – Árbær í Ölfusi, tvær 23.11. (ÖÖ). – Reykir í Ölfusi, 29.11. (ÖÖ). – Hjalli í Ölfusi, 27.12. (HIÓ). – Hveragerði, tvær 28.12. (DB).

Gull: Kópavogur, 25.6. (KM). – Dalsgarður í Mosfellssveit, 30.11. (Gísli Jóhannsson).

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, tvær 28.12. (HÓ).

Rvík: Kirkjugarðurinn í Fossvogi, 1.2. (HG). – Heiðmörk, 17.3. (Hafsteinn Björgvinsson). – Keldur, 28.12. (HÞH).

A-Skaft: Kvísker í Öræfum, 1.1. (HB), 18.11., 25.11.-6.12., 27.12. (HB). – Svínafell í Öræfum, 5.1. (JP). – Grænahraun í Nesjum, 1.10. (BA, BB). – Kálafellsstaður í Suðursveit, 15.11. (BA). – Reynivellir í Suðursveit, 15.11., þrjár 21.11.-1.12., 26.12. (BA ofl). – Höfn, 20.11. (BA, BB).

N-Ping: Lundur í Öxarfirði, 6.1., 8.2. (AÖS ofl). – Ásbeygi í Kelduhverfi, fullu og hálfleggur ungi 4.7., unginn sást á sömu slóðum til 12.7. (GÖB, Hrönn Guðmundsdóttir ofl).

S-Ping: Húsavík, 4.1. (GH), 27.-29.12. (GH ofl). – Aðaldalshraun í Aðaldal, 28.7. (SG).

Lappajaðrakan *Limosa lapponica* (71,230,9)

Skandinavía, Síbería og Alaska. – Árlegur far- og vetrargestur sem sést yfirleitt í Sandgerði og Skarðsfirði.

Gull: Sandgerði, sex 11.1., 19.-25.1., 1.3. (CB, Kjartan R. Gíslason ofl), ungf 26.9.-7.12. (SÁ, YK ofl), ungf að auki 15.11.-2.12. (YK).

A-Skaft: Skarðsfjörður í Nesjum, fimm 10.12. 2002 til 2.1., þrír 20.1.-7.3., 21.3., fjórir 3.-9.4., 2.8.4. (BB ofl), tveir 12.8.-17.10., ungf 12.8., 2.14.8.-17.10., tveir fullu 5.11., fullu 18.11.-27.12., óaldursgreindur að auki 7.12., ungf 22.-27.12. (BB ofl).

Fjöruspói *Numenius arquata* (900,1341,71)

Evrópa og Asía. – Megin vetrarstöðvar fjöruspóa eru á Rosmhvalanesi á Reykjaneskaga og við Höfn í Hornafirði. Þetta árið var fjöldinn með mesta móti en fara þar aftur til ársins 1989 til að finna fleiri skráða (102 fuglar).

Árn: Stokkseyri-Eyraðakki, þrír 29.3.-4.5. (ýmsir), fullu 7.9., tveir 14.9. (SÁ), 11. mynd, 23.9., ellefu 25.9., 8.10., sjö 20.12., þrír 28.12. (ýmsir).

Gull: Rosmhvalanes, þrettán frá 2002 til 25.1., fjórir að auki 25.1., tveir 30.3. (ýmsir), fjórir 24.-31.8., sjö 4.9., þrettán 8.9., níu 27.9., þrír 2.10., tveir 19.10., þrettán 1.11., fjórtán 15.11., tuttugu 2.12., þrettán 7.12. (ýmsir). – Hlíðsnes á Álfanesi, tveir 15.3. (GAG). – Gesthús á Álfanesi, 5.5. (GAG). – Grindavík, fjórir ungf 31.8. (GPH, GP, YK). – Staður í Grindavík, fullu 31.8. (GPH, GP, YK). – Skógtjörn á Álfanesi, 7.9. (SÁ). – Arfadalsvík í Grindavík, tveir 12.-26.9. (GP, SÁ ofl). – Álfanes, 8.10. (KM).

V-Ísf: Dýrafjörður, 25.1. (BP).

Mýr: Álfartós á Mýrum, 27.5. (HIÓ).

Snæf: Hellissandur, þrír 17.5. (SK).

A-Skaft: Skarðsfjörður í Nesjum, sextán 2.-23.1., fjórtán 24.3., tólf 31.3.-3.4., fimm 7.4., fjórir 8.-9.4., 30.4.-5.5. (BB ofl), 5.7., fimm 18.7., 20.-27.7., 11.8., fjórir 12.8., níu 14.8., ellefu 25.8., fjórtán 28.8.-1.9., fimmtán 23.9., tólf 9.-17.10., fjórtán 18.11., ellefu 7.12., tveir

27.12. (BB ofl).

N-Píng: *Reistarnes á Melrakkaslétu*, 1.5. (GÖB).

Sótstelkur *Tringa erythropus* (2,6,1)

NA-Evrópa og Síbería. – Far- og vetrargestur í Evrópu en er mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi. Hann sést nú annað árið í röð.

N-Píng: *Ærlækur í Öxarfirði*, 11.5. (GÖB ofl).

Lyngstelkur *Tringa nebularia* (2,14,2)

Skotland, Skandinavía og N-Asía austur að Kyrrahafi. – Sjaldgæfur flækingur sem sést bæði vor og haust. Þetta er fjórða árið í röð sem lyngstelkur finnst.

A-Skaft: *Hólar í Nesjum*, 30.4.-5.5. ☐ (BA, BB ofl), 12. mynd. – *Höfn*, 14.8. ☐, 29.8. (BA, BB).

Hrísastelkur *Tringa flavipes* (4,7,1)

N-Ameríka. – Sést árlega í V-Evrópu en er sjaldgæfur flækingur hér á landi. Hrísastelkur sást síðast árið 2001.

Gull: *Sandgerði*, ungf 24.9. ☐ (YK ofl), 13. mynd.

Trjástelkur *Tringa ochropus* (0,2,1)

NA-Evrópa og N-Asía. – Mjög sjaldgæfur flækingur sem sást síðast 1988. Allir hafa sést að vor- og sumarlagi.

A-Skaft: *Höfn*, 23.-24.6., 24.7. (BA ofl), talinn vera sami fugl í báðum tilvikum.

Flóastelkur *Tringa glareola* (9,21,1)

N-Evrópa og N-Asía. – Fimmta árið í röð finnst einn flóastelkur.

A-Skaft: *Höfn*, 10.5. (BA, BB).

Lindastelkur *Actitis hypoleucos* (5,3,1)

Evrópa og N-Asía. – Mjög sjaldgæfur flækingur sem sést nú annað árið í röð. Lindastelkur hefur aðeins einu sinni fundist að haustlagi, allir hinir hafa verið að vor- og sumarlagi.

A-Skaft: *Höfn*, fullu 14.5. (BB).

2002: Árn: *Flúðir*, fullu 13.7.2002 (Russ Heselden ofl).

Ískjói *Stercorarius pomarinus* (146,2974,15)

Íshafslönd N-Ameríku og Síberíu. – Hluti stofnsins fer hér um vor og haust. Sést á eða við sjó og er fjöldinn breytilegur milli ára. Heldur fáir ískjóar sáust annað árið í röð.

A-Skaft: *Höfn*, fullu 8.8. (BA).

S-Píng: Við *Lundey á Skjálfanda*, tveir fullu og tveir ungf 11.10. (SG).

Á sjó: *Út af Öskubaki*, 11.5. (Sigurður Hálf-dánarson). – *Norðaustur af Ólafsvík*, fullu 28.7. (Graeme Cresswell, Robin Chittenden). – *Húnaflói* (65°40'N, 21°20'V), fullu 19.8. (KL). – *Húnaflói* (65°51'N, 21°10'V), fullu 19.8. (KL). – *Húnaflói* (65°55'N, 21°12'V), fullu 20.8. (KL). – *Húnaflói* (65°41'N, 21°29'V), fullu 21.8. (KL). – *Húnaflói* (65°42'N, 21°11'V), fullu 22.8. (KL). – *Skjálfandi*, fullu 22.8. (GH, TG). – (64°12'N, 26°17'V), fullu og ungf 1.9. ☐ (SR).



11. mynd. Fjöruspói *Numenius arquata* við Eyrarbakka, 14. september 2003. – Daníel Bergmann.

Fjallkjói *Stercorarius longicaudus*

(100,291,54)

Nyrsti hluti N-Ameríku, N-Evrópu og Síberíu, einnig Grænland. – Sjaldsédari fargestur en ískjói hér við land og sést stundum inn til landsins. Fjöldinn er langt yfir meðaltali síðustu tíu ára en það er um 16 fuglar. Fjallkjóar hafa sést í Bárðardal síðan 2001 og nú fannst par með hreiður í fyrsta sinn hérlandis. Því miður misfórst varpið en talið er að kjói hafi rænt hreiðrið.

Gull: *Garðskagi í Garði*, tólf fullu 20.8. (Richard Ottvall).

N-Múl: *Grjótgarðsvötn á Jökuldalsheiði*, fimm fullu 18.8. (Alexa Seagrave, ÖE, Richard Hesketh).

S-Múl: *Djúpivogur*, fullu 18.5. (Graham Appleton, Jennifer A. Gill, Tómas G. Gunnarsson).

A-Skaft: *Höfn*, fullu 6.6. (BA, BB).

N-Píng: *Víkingavatn í Kelduhverfi*, fullu 20.8. ☐ (BB ofl).

S-Píng: *Bárðardalur*, stakur fullu og par með hreiður 9.6. ☐, 14. mynd, fullu fd 24.6. ☆, annar fullu 24.-27.6., tveir fullu 28.6. ☐, 15. mynd, fullu 22.7. (Dave Beumont, James How, Jamie Boyle, Malcolm Smith, Mark Aold, Mark O'Brien, Pete Ellis ofl), tvö egg voru í hreiðrinu á fundardegi en varp misfórst.

Á sjó: *Húnaflói* (65°34'N, 21°09'V), fullu 19.8. (KL ofl). – *Húnaflói* (65°37'N, 21°14'V), 19.8. (KL ofl). – *Húnaflói* (65°40'N, 21°24'V), fullu 19.8. (KL). – *Húnaflói* (65°51'N, 21°10'V), átta fullu 19.8. (KL). – *Húnaflói* (65°47'N,



12. mynd. Lyngstelkur *Tringa nebularia* (til hægri) ásamt stelk *Tringa totanus* við Hóla í Nesjum, 1. maí 2003. – Daníel Bergmann.



13. mynd. Hrísstelkur *Tringa flavipes* í Sandgerði, 24. september 2003.
– Daníel Bergmann.



14. mynd. Fjallkjóahreiður *Stercorarius longicaudus* í Bárðardal, 9. júní 2003.
– Pete Ellis.

21°15'V), fullu 19.8. (KL). – Húnaflói (65°42'N, 21°17'V), fullu 20.8. (KL). – Húnaflói (65°44'N, 21°12'V), þrír fullu 20.8. (KL). – Húnaflói (65°51'N, 21°10'V), fjórir fullu 20.8. (KL). – Húnaflói (65°54'N, 21°11'V), fullu 20.8. (KL). – Húnaflói (65°57'N, 21°11'V), tveir fullu 20.8. (KL). – Húnaflói (65°51'N, 21°13'V), fullu 20.8. (KL). – Húnaflói (65°50'N, 21°13'V), tveir fullu 20.8. (KL). – Húnaflói (65°49'N, 21°13'V), fullu 20.8. (KL). – Húnaflói (65°46'N, 21°12'V), tveir fullu 20.8. (KL). – Húnaflói



15. mynd. Fjallkjói *Stercorarius longicaudus* í Bárðardal, 28. júní 2003.
– Daníel Bergmann.

(65°43'N, 21°16'V), fullu 20.8. (KL). – Húnaflói (65°40'N, 21°34'V), fullu 22.8. (KL).

Dvergmáfur *Larus minutus* (30,141,16) Austanverð Evrópa og Mið-Asía. – Dvergmáfar sjást á öllum tímum árs en eru þó algengastir á vorin og haustin. Aldrei áður hafa fundist svo margir fuglar á einu ári en samfara því á sér stað fyrsta varptilvik hérlandis. Par varp innan um hettumáfa og kríur í Mývatnssveit en óvíst er um varpárangur.

Gull: Kársnes í Kópavogi, á fyrsta vetri 5.1. (EBR). – Álfanes, ársгамall 22.4.-13.6. (RR ofl), fullu 26.-30.4. (SÁ ofl), ársгамall að auki 11.5. (DB ofl). – Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, ársгамall 2.-8.5. (SÁ ofl), líklega einn Álfanesfuglanna. – Njarðvík, tveir ársгамlir 9.5., (SÁ ofl). – Norðurkot á Miðnesi, ársгамall 17.6. (EBR, SÁ).

A-Skaft: Höfn, fullu 12.-16.3. (BA, BB), ársгамall 3.-4.7. (BB).

Skag: Ás í Hegrnesi, fullu 14.5. (ÓE).

N-Ping: Lón í Kelduhverfi, fullu 20.5. (GH, TG), ársгамall 30.5. (GH, Lars B. Eriksson). – Víkingavatn í Kelduhverfi, ársгамall 14.-28.6. (Brendan Sloan, GH), ársгамall að auki 15.6. (AÖS).

S-Ping: Sandvatn í Mývatnssveit, par með hreiður (með 3 eggjum) 5.-18.6. (Porkell L. Þórarinnson ofl), 16. mynd, varpárangur ókunnur. – Húsavík og nágr, ársгамall 11.-24.6. (HD ofl).

Þernumáfur *Larus sabini* (16,28,6) Grænland og íshafslönd N-Ameríku og Asíu. – Fer um íslensk hafsvæði á fartíma en er þó fremur sjaldséður. Aðeins einu sinni áður hafa fundist fleiri fuglar, árið 1929, þegar a.m.k. átta sáust á sjó norðvestur af Straumnesi.

Árn: Þorlákshöfn, ungf 14.9. (EBR, GP, GP, SÁ).

Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, fullu 2.9. (HG). – Njarðvík, fullu 26.9. (SÁ, YK).

A-Skaft: Höfn, ungf 4.10. (BB).



16. mynd. Dvergmáfshreiður *Larus minutus*. Sandvatnstengur í Mývatnssveit, 18. júní 2003. – Þorkell L. Þórarinnson.

Ásjó: Húnaflói (65°43'N, 21°16'V), fullu 20.8. (KL). – (63°59'N, 26°51'V), fullu 3.9. (SR).

Trjámáfur *Larus philadelphia* (2,9,1) Kanada og Alaska. Sjaldgæfur í Evrópu. – Trjámáfur sást síðast árið 2000 og finnst nú í fyrsta sinn utan SV-lands.

A-Skaft: Höfn, á fyrsta vetri 12.-16.3. (BA ofl).

Hringmáfur *Larus delawarensis* (1,72,7) N-Ameríka. – Árlegur gestur og algengasti ameríski máfurinn hér við land sem og annars staðar í Evrópu. Hefur sést á öllum tímum árs, en er algengastur á vorin.

Árn: Eyrarbakki, ársгамall 21.4. (GP).

Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, ársгамall 19.4.-2.5. (GP ofl), fullu 18.10. (GP). – Sandgerði, á öðrum vetri 31.8.-27.9. (GPH, GP, YK).

Rvík: Tjörnin, á fyrsta vetri 10.-14.12. (DB, YK ofl), 17. mynd.

A-Skaft: Höfn, tveir fullu 7.4. (BA, BB).

Rósamáfur *Rhodostethia rosea* (11,29,1) NA-Síbería. – Sést nær árlega við strendur V-Evrópu, allt suður fyrir Bretlands-eyjar. Er nær árlegur vorgestur hérlandis. Þetta er ellefti rósamáfurinn sem finnst við Húsavík.

S-Ping: Húsavík, fullu 10.-22.6. (Thomas Augst ofl), 18. mynd.

Þaraþerna *Sterna sandvicensis* (0,5,9) Slitrótt við strendur Evrópu, Mið- og S-Ameríku. – Næstum tvöfalt fleiri þaraþernur fundust nú á sex dögum en höfðu fundist á Íslandi fyrir árið 2003.

Árn: Stokkseyri, tvær 18.-19.4. (HIÓ ofl), þrjár 20.4. (GP, DB, HIÓ), 19. mynd, fjórar 21.4. (GP).

Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, 18.4. (GPH ofl). – Hlíðsnes á Álfanesi, tvær 19.4. (Ólafur Torfason ofl).

A-Skaft: Höfn, 16.-22.4. (), önnur að auki 17.4. (BA ofl).

Skeggþerna *Chlidonias hybridus* (0,1,1) Slitrótt í S-Evrópu, miðhluta Asíu, S-Afríku og Ástralíu. – Skeggþerna hefur einu sinni áður sést á Íslandi en það var í Garði vorið 1987.

N-Múl: Vopnafjörður, fullu 22.7. (BA).

Kolperna *Chlidonias niger* (22,22,1)
Evrópa til Mið-Asíu, N-Ameríka. – Fremur sjaldgæf og ekki árviss en hefur orpið hér. Sést oftast á vorin og sumrin.
S-Ping: Kaldbakur við Húsavík, 3.-4.6. □ (GH, SG, TG).

Holudúfa *Columba oenas* (0,0,1)
Evrópa, Asía og NV-Afríka. – Holudúfa hefur aldrei áður fundist hérlandis. Talið er að um einn einstakling sé að ræða (Gunnlaugur Pétursson & Björn G. Arnarson 2006).
A-Skaft: Hali í Suðursveit, 20.-21.4. (BA ofl), 21.-23.11. □ (BA ofl), 20. mynd.

Hringdúfa *Columba palumbus* (154,220,36)
Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Langflestar hringdúfur sjást á vorin og snemma sumars. Aldrei áður hafa sést jafnmargar hringdúfur.

Eyf: Grund í Eyjafirði, 1.7. (GP).

N-Múl: Borgarfjörður, 14.7. (Steffen Gernt-holtz).

S-Múl: Kambanes í Stöðvarfirði, 12.-14.5. (Sturlaugur Einarsson). – Egilsstaðir, fullu 26.8. (VHJ).

Rang: Skógar undir Eyjafjöllum, tvær um sumarið, 27.7. (Hjálmar Jónsson ofl). – Ásólfsskáli undir Eyjafjöllum, 8.-13.11. □ (Ævar Sigurðsson ofl). – Seljaland undir Eyjafjöllum, þrjár 10.11. (SÁ, YK), fjórir fuglar sáust fáeinum dögum fyrr.

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, tvær 15.-22.11. (KM ofl). – Laugardalur, 25.11. (HÞH).

A-Skaft: Kvísker í Öreðum, 20.-24.4. (HB), 14.10., 18.10. (HB). – Hoffell í Nesjum, tvær 25.4. (BA, BB, SÁ). – Borgir í Nesjum, 27.4. (BB). – Höfn, tvær 28.-30.4. □, 10.5. (BB ofl), 8.11., fd 2.12. (BA). – Hvalnes í Lóni, 18.5. (Graham Appleton, Jennifer A. Gill, Tómas G. Gunnarsson). – Svínafell í Öreðum, tvær 21.5. (JP). – Skaftafell í Öreðum, 3.6. (Lukas van Lier). – Reynivellir í Suðursveit, 16.7. (BA, BB), 7.-10.11. (BA ofl). – Brunnhóll á Mýrum, 7.-8.11. (BA). – Brekka í Lóni, 14.11. (BA, BB). – Hof í Öreðum, 18.11. (HB).

V-Skaft: Sólheimar í Landbroti, 16.7. (GH, TG ofl).

Strand: Bakki í Bjarnarfirði syðri, 8.5. (Arnín Óladóttir).

Vestm: Vestmannaeyjabær, tvær 24.4. □ (Sigurgeir Jónsson), tvær 8.-9.11., 19.11. (YK ofl).

N-Ping: Katastaðir í Núpasveit, 19.-20.4. (GÖB). – Þórshöfn, 22.5. (GG). – Sauðanes á Langanesi, 30.5. (GH, GÖB, Lars B. Eriksson), fannst nokkrum dögum fyrr.

S-Ping: Halldórsstaðir í Bárðardal, fullu 30.7. (STh), náðist í mistnet og merkt „487903“, sást fyrst um miðjan júlí.

Tyrkjadúfa *Streptopelia decaocto* (7,21,6)
Evrópa og N-Afríka til SA-Asíu. – Ekki hafa áður fundist svo margar tyrkjadúfur á einu ári. Allar nema ein sáust á Austurlandi í júlí.

Rvík: Laugardalur, 22.4. (Sigurður Blöndal ofl).

N-Múl: Bessastaðir í Fljótsdal, tvær 9.7. (Sólrún Hauksdóttir). – Seyðisfjörður, 25.7. □ (Magnús Stefánsson ofl).



17. mynd. Hringmáfur *Larus delawarensis* á Tjörninni í Reykjavík, 10. desember 2003. – Daníel Bergmann.

S-Múl: Þingmúli í Skriðdal, byrjun júlí (Ásta Sigurðardóttir). – Egilsstaðir, tvær 6.7., 14.7., tvær 21.8.-14.9. (SP ofl). – Atlavík í Hallormsstaðarskógi, 18.7. (SP).

Turtildúfa *Streptopelia turtur* (89,108,2)
N-Afríka og Evrópa (nema Skandinavía) austur í Mið-Asíu. – Árlegur flækingur sem sést aðallega á haustin.

A-Skaft: Brekka í Lóni, 23.-24.10. □ (Bjarni Bjarnason ofl), drepin af ketti. – Gerði í Suðursveit, 27.-28.10. (BA, BB).

Gaukur *Cuculus canorus* (22,20,2)
Evrópa, Asía og Afríka. – Gaukar eru algengastir á vorin, frá miðjum maí til miðs júní, en sjást einnig á haustin.



18. mynd. Rósamáfur *Rhodostethia rosea* við Húsavík, júní 2003. – Malcolm Smith.



19. mynd. Þrjár þarþernur *Sterna sandvicensis* ásamt æðarfugli *Somateria mollissima* við Stokkseyri, 20. apríl 2003. – Daníel Bergmann.



20. mynd. Holudúfa *Columba oenas* við Hala í Suðursveit, 22. nóvember 2003. – Yann Kolbeinsson.



21. mynd. Gaukur *Cuculus canorus* á Kvískerjum í Örfum, 22. maí 2003. – Brynjúlfur Brynjólfsson.

A-Skaft: Kvísker í Örfum, syngjandi ♂ 21.-25.5. ☐ (HB ofl), 21. mynd. – Meðalfell í Nesjum, 23.5. ☐ (Gunnar Þ. Þórarnarson ofl).

Snægla *Bubo scandiacus* (173,283,2) Nyrstu héruð Evrópu, Asíu, meginland N-Ameríku og N-Grænland. – Leita þarf aftur til ársins 1979 til að rekast á jafnfáar snæuglur.

Rang: Skrokkalda á Holtamannafrétti, 9.9. (Sigurður S. Jónsson ofl).

N-Þing: Blikalón á Melrakkaslétu, fullu ♂ 15.5. (ÖKN).

2002: Rang: Efsta-Grund undir Eyjafjöllum, mánaðarmótin ágúst/sept 2002 (Karl Sigurjónsson ofl), sást við Ormskot í nokkra daga í kjölfarið.

Eyrugla *Asio otus* (80,77,4)

Miðbik N-Ameríku, Evrópa og N-Afríka til Asíu. – Um sumarið birtist mynd í Morgunblaðinu sem sögð var sýna brandugluunga. Þetta reyndist hins vera eyrugluungi og staðfestist þar með fyrsta varp tegundarinnar hérlandis (Bliki 25: 47-50). Grunur leikur á að eyruglan hafi orpið á sama stað a.m.k. árið 2002 en það er ekki staðfest.

Árn: Grímsnes, þar með þrjá fleyga unga 3.7. ☐ (JÓH ofl).

A-Skaft: Höfn, tvær 1.12.2002 til 3.1. (BA, Þórir Snorrason ofl). – Skálafell í Suðursveit, 24.4. (BA).

N-Þing: Kópasker, fnd 17.3. ☆ (Garðar Eggertsson).

Múrsvölungur *Apus apus* (108,210,4)

Evrópa og NV-Afríka til Mið-Asíu. – Árlegur flækingur sem sést aðallega á vorin og sumrin.

Gull: Hvaleyri í Hafnarfirði, 31.7. (APS).

Vestm: Vestmannaeyjabær, 2.-8.6. (Viðir

Óskarsson ofl), tveir 9.-10.6. (HBS ofl).

N-Þing: Kópasker, 19.6. (AÖS, GÖB, Pétur Þorsteinsson).

Beltapýrill *Ceryle alcyon* (1,3,1)

N-Ameríka. – Beltapýrill er mjög sjaldgæfur flækingur sem finnst nú annað árið í röð. Fyrsti fuglinn fannst í Vestmannaeyjum haustið 1901.

Vestm: Vestmannaeyjabær, ♂ 10.-12.10. (skv Kristjáni Egilssyni ofl).

Stúfgreipur *Empidonax minimus* (0,0,1)

N-Ameríka. – Þessi tegund hefur aldrei fundist í Evrópu áður (Yann Kolbeinsson o.fl. 2006).

Árn: Stokkseyri, ungf náðist 6.10., sleppt 7.10. ☐ (Katrín Jónsdóttir ofl), 22. mynd.

Elrigreipur *Empidonax alhorum* (0,0,1)

N-Ameríka. – Það hlýtur að teljast stórviðburður er tvær nýjar tegundir finnast fyrir Evrópu á innan við viku (Yann Kolbeinsson o.fl. 2006).

Rang: Seljaland undir Eyjafjöllum, ungf 10.10. ☐ (BA, EBR, EÖÞ, SÁ ofl), 23. mynd.

Sönglævirki *Alauda arvensis* (46,53,3)

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Sönglævirki er nær árlegur flækingur á haustin, frá miðjum október og fram í desember, en sést stundum síðla vetrar fram í mars en þá er fartími tegundarinnar í V-Evrópu.

Vestm: Ófanleiti á Heimaey, tveir 9.11. (HBS, YK).

N-Þing: Valþjófsstaðir í Núpasveit, 7.3. (GÖB).

Landsvala *Hirundo rustica* (543,1100,81)

Evrópa, N-Afríka, Asía og N-Ameríka. – Landsvölur voru óvenju margar þetta árið. Fjögur þör urpu á sunnanverðu landinu sem er með mesta móti.

Árn: Hlíðarvatn í Selvogi, fjórar 16.5. (Erling Ólafsson, GAG ofl). – Eyrarbakki, 15.9. (Óskar Magnússon).

Gull: Víðisstaðir í Garðabæ, tvær 5.-7.5. (BA, SÁ ofl). – Elliðaár í Kópavogi, 7.5. (RR). – Kleifarvatn á Reykjanesskaga, 16.5. (GAG). – Garðskagi í Garði, þrjár 17.5. (EBR). – Sandgerði, 25.5. (EBR, GP), 17.6. (EBR, SÁ). – Sogn í Kjós, þar frá 6.6., varp um sumarið og kom upp fjórum ungum sem sáust fram í byrjun ágúst (Snorri Hilmarrson ofl). – Kiðafell í Kjós, fjórar í annarri viku af júní (skv Þorvaldi Friðrikssyni). – Grindavík, tveir ungf 31.8. (GPH, GP, YK).

S-Múl: Hvannabrekka í Berufirði, þar varp tvisvar um sumarið, fjórir ungar komust á legg í fyrra varpi og ungar úr seinna varpi fóru á flug 15.9. (skv YK).

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, þrjár 16.5.-3.6. ☐ (HÓ). – Fagrahlíð í Fljótshlíð, 19.6. (HÓ).

Rvík: Fossvogur, 12.5. (Skúli Gunnarsson). – Grafarvogur, 12.5. (APS). – Myllulækjartjörn, tvær 13.5. (Hafsteinn Björgvinsson).

A-Skaft: Höfn, 16.-17.4. (BA), tvær 16.5. ☐, þrjár 22.5., tvær 30.5.-3.6., þrjár 5.-6.6. ☐ (BA, BB), 3.7. (BB), þar og fimm ungf 23.8., fullu og sex ungf 28.8. ☐, fimm ungf 29.8., fimm 1.9., ungf 17.9. (BB ofl), tvær fullu og ungf 30.9.-1.10. (BB). – Svínafell í Örfum, 18.4. (JP). – Fornustekkar í Nesjum, sjö 19.5. (BA). – Kvísker í Örfum, 2.6., tvær 6.6., tvær 13.6. (HB). – Skaftafell í Örfum, 11.6. (Erling Ólafsson).


V-Skaft: Hvoll í Fljótshverfi, þrjár 3.6. (Lukas van Lie). – Vík í Mýrdal, 4.6. (Lukas van Lie), ungf 16.9. (BB). – Seglbúðir í Landbroti, þar varp um sumarið og sást með fjóra unga í hreiðri 27.-31.7. (Erlendur Björnsson, Jón Helgason ofl).

Snæf: Vestan Hellna, 6.6. (HD ofl).

Vestm: Heimaey, amk tíu 9.5., tvær 15.5., fimm 16.5., tvær 17.5., fjórar 18.5. ☐, átta 19.5. (IS ofl), 6.6., tvær 8.6. (HBS).



22. mynd. Stúfgreipur *Empidonax minimus* á Stokkseyri, 7. október 2003.
– Jóhann Óli Hilmarsson.



23. mynd. Elrigreipur *Empidonax alnorum* við Seljaland undir Eyjafjöllum, 10. október 2003. – Daníel Bergmann.

N-Ping: Grjótnes á Melrakkaslétu, 18.4., 24.5. (GÖB). – Víkingavatn í Kelduhverfi, 28.5. (AÖS). – Núpskatla á Melrakkaslétu, 5.6. (GÖB). – Þórshöfn, 12.6. (GG), tvær 13.6. (HWS, ÖE, Ólafur H. Nielsen, ÖKN).

S-Ping: Reynihlíð í Mývatnssveit, tvær 19.-22.5. (Helena Óladóttir). – Geirastaðir í Mývatnssveit, 26.5. (Árni Einarsson). – Grenivík, flaug í hús 22.10. (Heimir Ásgeirsson).

Á sjó: Suður af Þorlákshöfn, 16.5. (Indriði Björnsson).

Bæjasvala *Delichon urbicum* (193,589,17) Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Fjöldinn er lítillega undir meðallagi. Þrátt fyrir það ílentist par á Vík og kom upp þremur ungum.

Gull: Hafnarfjörður, tvær 17.9. (Helgi Guðmundsson).

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, þrjár 3.6. □ (HÓ). – Barkarstaðir í Fljótshlíð, fyrri hluti júní (Daði Sigurðsson).

Rvík: Grafarvogur, 2.5. (APS ofl).

A-Skaft: Höfn, þrjár 22.5. (BA, BB).

V-Skaft: Vík í Mýrdal, 4.6. (Lukas van Lier), par varp um sumarið og kom upp þremur ungum □, sáust til 5.8., tvær 26.8. (skv JÓH ofl), 24. mynd.

Vestm: Heimaey, fjórar 1.6., 2.6. (Viktor Sigurjónsson ofl).

N-Ping: Þórshöfn, 26.4. (GG). – Skoruvíkurbjarg á Langanesi, 5.6. (GG).

Mýrerla *Motacilla citreola* (1,6,1) A-Rússland og Síbería. – Mjög sjaldgæfur flækingur sem sást síðast 1998.

A-Skaft: Jaðar í Suðursveit, ungf 4.10. (BB).

Straumerla *Motacilla cinerea* (3,22,8) Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Eins og

með margar aðrar tegundir er hér um metfjölda að ræða.

Árn: Öxnalækur í Ölfusi, 27.12. (DB, EÓÞ).

and Black-throated Blue Warbler *Dendroica caerulescens*, the 3rd records of Black Kite *Milvus migrans*, Green Sandpiper *Tringa ochropus* and Yellow Warbler *Dendroica petechia*, the 4th records of American Robin *Turdus migratorius* and Baltimore Oriole *Icterus galbula*, the 4th and 5th records of Blyth's Reed Warbler *Acrocephalus dumetorum* and the 5th record of Belted Kingfisher *Ceryle alcyon*. Very rare species include Hooded Merganser *Mergus cucullatus* (6th-7th records), Marsh Harrier *Circus aeruginosus* (6th-7th records), Sandwich Tern *Sterna sandvicensis* (6th-14th records), Black Brant *Branta bernicla nigricans* (7th-8th records), Hen Harrier *Circus cyaneus* (8th record), Citrine Wagtail *Motacilla citreola* (8th record), Spotted Redshank *Tringa erythropus* (9th record), Common Sandpiper *Actitis hypoleucos* (9th record), Pied Wagtail *Motacilla alba yarrellii* (9th record), Mandarin Duck *Aix galericulata* (9th-10th records), Marsh Warbler *Acrocephalus palustris* (10th record), Buff-breasted Sandpiper *Tryngites subruficollis* (10th-11th records), Golden Oriole *Oriolus oriolus* (10th-11th records). Other rare species with 11-20 records are Eurasian Hobby *Falco subbuteo*, Lesser Yellowlegs *Tringa flavipes*, Bonaparte's Gull *Larus philadelphia*, Steller's Eider *Polysticta stelleri*, Yellowhammer *Emberiza citrinella*, American Golden Plover *Pluvialis dominica*, Bluethroat *Luscinia svecica* and Greenshank *Tringa nebularia* (two birds). Two Black Swans *Cygnus atratus* were also seen during 2003 (the 9th-10th birds), but this species is in Category E on the Icelandic list.

Explanations: The three numbers in parentheses after the name of each species indicate respectively: (1) the total number of birds (individuals) seen in Iceland until 1978, (2) in the period 1979-2002 and (3) in 2003. In a very few cases, the number of birds have not been compiled and is then indicated by a hyphen (-) and for some very common vagrants or winter visitors no figures are given. Species order and scientific names are now according to AERC TAC (2003).

The following details are given for each record: (1) county (abbreviated and in bold), (2) locality (in italics), (3) number of birds, if more than one, (4) sex and age, if known, (5) observation date (months are in words, if exact date is unknown, and are then abbreviated), (6) observers (in parentheses, names of those appearing more than five times are abbreviated).

The following symbols, abbreviations and words are used: ♂ = male, ♀ = female, *par* = pair, *fullo* = adult, *ungf* or *ungur* = immature, *fd* = found dead (*fnd* = found newly dead, *fld* = found long dead), □ = photographed (or filmed) and identification confirmed by at least one committee member, ☆ = collected (species identification confirmed with a specimen), *amk* = at least, *oíl* = et al., *um* = about, *tíl* = until, *og nágur* = and nearby, *á fyrsta vetri* = first winter, *árgsamall* = first summer, *á öðrum vetri* = second winter, *á öðru sumri* = second summer. Number of birds is given in words, if less or equal to 20 individuals (1 = *einn*, *ein* or *eitt*; 2 = *tveir*, *tvær* or *tvö*; 3 = *þrír*, *þrjár* or *þrjú*; 4 = *fjórir*, *fjórar* or *fjögur*; 5 = *fimm*; 6 = *sex*; 7 = *sjö*; 8 = *átta*; 9 = *níu*; 10 = *tíu*; 11 = *ellefu*; 12 = *tólf*, 13 = *þrettán*; 14 = *fjórtán*; 15 = *fimmtán*; 16 = *sextán*; 17 = *sautján*; 18 = *átján*; 19 = *nítján*; 20 = *tuttugu*).

Yann Kolbeinnsson, Sólheimum 30, 104 Reykjavík (yann@internet.is).

Gunnlaugur Þráinsson, Melbæ 40, 110 Reykjavík (gunnlaugur@isam.is).

Gunnlaugur Pétursson, Blesugróf 24, 108 Reykjavík (gp@vst.is).

Tilvitnun:

Yann Kolbeinnsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2006. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2003. – Bliki 27: 27-50.

Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005

Sumarið 2005 voru sjófuglar taldir í björgum á Snæfellsnesi. Niðurstöðurnar eru bornar saman við fyrri talningar, aðallega frá 1983. Algengustu tegundirnar voru fyll (tæplega 1800 setur), rita (16.580 hreiður), langvía (1070 pör), álka (um 575 pör) og stuttnefja (280 pör). Fjöldi ritu var svo til sá sami og 1983. Svartfugli hafði fækkað og var langvía aðeins 43%, álka 49% og stuttnefja 26% af fjöldanum 1983.

Inngangur

Yst á Snæfellsnesi eru nokkur fuglabjörg sem margir kannast við. Björgin eru fremur lítil, en þau eru aðgengileg og vikótt, þannig að gott er að skoða þau og telja bjargfugla. Þess vegna er fremur auðvelt að afla þar sambærilegra talna til að meta breytingar á fjölda. Nánari túlkun á niðurstöðunum er eins og að líkum lætur erfiðari viðfangs. Til dæmis eru björgin á Snæfellsnesi aðeins 70 km frá Látrabjargi, einu stærsta fuglabjargi landsins. Svartfuglar á leið til og frá Látrabjargi sjást fljúga fyrir Snæfellsnes og virðist hugsanlegt að bjargfuglastofnar á Snæfellsnesi og Látrabjargi lifi í raun í sama eða svipuðu umhverfi. Því gætu athuganir á Snæfellsnesi orðið til þess að styrkja þekkinguna um fuglastofna Látrabjargs.

Vorið og sumarið 2005 könnuðum við fuglabjörg á utanverðu Snæfellsnesi. Markmiðið var að meta fjölda bjargfuglanna og bera saman við fyrri tölur, þannig að hægt væri að sjá hver þróunin hefði verið á síðustu áratugum. Hið kannaða svæði er að mestu innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, sem stofnaður var árið

2001 á um 170 km² lands yst á Snæfellsnesi, en að auki eru hér tekin með fuglabjörg sunnan Þjóðgarðsins, við Hellna-Arnarstapa og Sölvahamar (sem eru hluti af friðlandi, sbr. Stjórnartíðindi B 284/1988), svo og Keflavíkurbjarg og Vallnabjarg norðan á nesinu.

Helstu heimildir um fjölda bjargfugla á svæðinu eru sem hér segir: Árni Waag Hjálmarsson (1979) lýsti fuglalífinu á Snæfellsnesi í stórum dráttum. Þorsteinn Einarsson (1979 og handrit, sbr. Ævar Petersen 1993) kannaði fyrstur manna fjölda bjargfugla á þessum slóðum Arnþór Garðarsson (1995, 1996 og óbirt gögn) kannaði björgin á Snæfellsnesi vorið 1983 með aðstoð Erps Snæs Hansen. Það sama sumar gerði breskur skólaleiðangur athuganir í þessum björgum (Quinnell 1984). Loks taldi Ævar Petersen (1993) í ritubýggðum á Snæfellsnesi sumarið 1992.

Aðferðir

Talið var í níu fuglabjörgum undir Jökli, frá Sölvahamri austan Arnarstapa og þaðan kringum nesið allt í

1. mynd. Svalþúfa er móbergsbjarg í Þúfubjörgum á Snæfellsnesi. Hér má sjá ritur, langvíur og stuttnefjur sem raða sér á syllurnar, 21. júlí 2005. – Arnþór Garðarsson.



1. tafla. Fjöldi fýlssetra í björgum á Snæfellsnesi. — *Number of Fulmar (as apparently occupied sites, AOS) on sea cliffs of Snæfellsnes.*

	1983 25.-26.5.*	2005 2.-5.6.	2005 16.-20.6.
Sölvahamar	1356	620	590
Stapi	342	606	491
Púfubjarg	338	183	216
Svalpúfa	93	70	—
Lónðrangar	169	88	99
Lónsbjarg	32	—	79
Svörtuloft	109	56	65
Keflavíkurbjarg	58	68	—
Vallnabjarg	134	—	157

* Notuð eru óbirt gögn (AG) fyrir árið 1983. Lónsbjarg talið 23.7.1983, Keflavíkurbjarg og Vallnabjarg af skámyndum úr lofti frá 13.6.1983. — *Lónsbjarg counted 23 July 1983, Keflavíkurbjarg and Vallnabjarg from oblique aerial photographs taken 13 June 1983.*

Vallnabjarg við Brimilsvelli. Björgum þessum er lýst allitarlega í viðauka Ævars Petersen (1993) og notum við hér svo til sömu nöfn og skilgreiningar nema hvað björgin við Arnarstapa og Hellna eru tekin sem ein eining („Stapi“). Púfubjörgum er skipt í þrennt eftir landslagi: Púfubjarg (einnig nefnt Dagverðarárbjarg), Svalpúfu (að mestu móberg) og Lónðranga. Saxahólsbjarg og Öndverðarnesbjarg eru tekin saman undir heitinu Svörtuloft.

Algengustu bjargfuglategundir á Snæfellsnesi eru þær sömu og í flestum íslenskum fuglabjörgum: fýll *Fulmarus glacialis*, rita *Rissa tridactyla*, langvía *Uria aalge*, stuttnefja *Uria lomvia* og álka *Alca torda*. Aðrar tegundir eru miklu sjaldgæfari: toppskarfur *Phalacrocorax aristotelis*, lundi *Fratercula arctica*, teista *Cephus grylle*, svartbakur *Larus marinus*, hvítmáfur *Larus hyperboreus* og silfurmáfur *Larus argentatus*. Fáeinir hrafnar *Corvus corax* verpa einnig í björgunum. Þess skal einnig getið, að nokkur mjög stór kríuvörp *Sterna paradisaea* eru á sléttlendi norðan á nesinu.

2. tafla. Fjöldi rituhreiðra í björgum á Snæfellsnesi í júní 2005. — *Number of Kittiwake (as apparently occupied nests) on the cliffs of Snæfellsnes in June 2005.*

	Dagsetning Date	Fjöldi hreiðra Number of nests
Stapi	03.06.	5090
Púfubjarg	04.06.	567
Svalpúfa*	04.06.	1093
Svörtuloft	02.06.	2678
Keflavíkurbjarg	05.06.	567
Vallnabjarg	20.06.	6595
Alls – Total		16580

* Endurtalning 17. júní 2005, 1120 hreiður.

Talningar voru gerðar af bjargbrúnum, enda björgin lág (viðast kringum 20 m) og vikótt. Víða, sérstaklega í Svörtuloftum, eru þó hellar sem ekki sér í af brúnum og draga þeir úr gæðum talninga því að þar verpa bæði langvía og álka. Talningar fóru fram á tímabilinu 1. til 20. júní 2005, milli kl. 09:30 og 18:00 að deginum. Taldir voru allir svartfuglar sem sáust í bjargi, rituhreiður og fýlssetur (þ.e. hreiðurstæði). Rituhreiður voru yfirleitt aðeins talin í eitt skipti en aðrar tegundir, fýll og svartfuglar, voru taldar tvisvar á tímabilinu í öllum björgunum nema Keflavíkurbjargi og Lónsbjargi þar sem aðeins var talið einu sinni. Svartfuglar sem sátu á sjónum undir björgunum voru einnig taldir, til þess að meta hlutfall álku og langvíu (sbr. Arnþór Garðarsson 1995). Tölur um sjaldgæfari tegundir voru yfirleitt metnar út frá hreiðrum eða hreiðurstæðum, en lundi og teista (sem verpa eingöngu í holum) eru þó ekki í þeim hópi Talningar sem hér birtast voru bornar saman við tiltækar fyrri athuganir, sem um getur hér í Inngangi, en tölur um nokkrar tegundir frá 1983 (Arnþór Garðarsson óbirt gögn) eru birtar hér í fyrsta skipti.

Niðurstöður

Fýll

Fýllinn hefur nokkra sérstöðu því að hann verpur miklu víðar en í fuglabjörgunum, og á Snæfellsnesi verpa eflaust flestir fýllar í hömrum utan í fjöllum nokkuð frá sjó. Á athugunarsvæðinu var mest af fýll í Sölvahamri (um 600 setur), við Stapa (500-600 setur) og í Púfubjörgum (kringum 350). Hins vegar voru aðeins um 60 setur í Svörtuloftum (1. tafla). Þessar tölur má bera saman við talningar frá 1983 (1. tafla) en á þessu stigi er þó ekki ljóst hvernig ber að túlka allmikinn staðbundinn mun. Í Sölvahamri voru um 600 setur árið 2005 sem er aðeins 45% af tölunni 1983. Miðað við 1983 hafði orðið 60% fjölgun í Stapabjörgum en tilsvareandi fækkun í Púfubjörgum og Svörtuloftum, þannig að heildartalan utan Sölvahamars virðist óbreytt, nálægt 1000 setur. Bestu tölurnar um fýll 1983 koma af skámyndum teknum úr lofti af Keflavíkurbjargi og Vallnabjargi og þær gefa til kynna nokkurn veginn óbreyttan fjölda árið 2005.

Rita

Alls töldust 16.580 rituhreiður á svæðinu (2. tafla) og er það svo til sama tala og fékkst 1983 (Arnþór Garðarsson 1996). Fjöldinn í hverri byggð var og nokkurn veginn sá sami, og mismunurinn var trúlega vel innan skekkjumarka í talningum. Mest var af ritu í Vallnabjargi (6600 hreiður) og litlu færri í björgunum við Stapa og Hellna (5100). Ævar Petersen (1993) taldi rituhreiður á Snæfellsnesi 1992 og fékk yfirleitt mun hærri tölur en hér eru gefnar, eða alls um 22.000 hreiður sem er ríflega 32% yfir heildarfjöldanum 1983 og 2005. Ævar taldi að mestu af sjó en það skýrir varla þennan mismun. Hann taldi 32 rituhreiður í Sölvahamri 1992, en þar fannst engin rita hvorki 1983 eða 2005.

3. tafla. Fjöldi svartfugls á Snæfellsnesi á tímabilunum 2.-5. júní (fyrri talan) og 16.-20. júní 2005 (seinni talan). – *Numbers of large auks (individuals) at Snæfellsnes in the periods 2-5 and 16-20 June 2005.*

	Langvía <i>Uria aalge</i>		Stuttnefja <i>Uria lomvia</i>		Álka <i>Alca torda</i>	
Í bjargi – On cliff						
Sölvahamar	0	0	0	0	0	0
Stapi	99	84	1	2	100	83
Páfubjarg	216	256	11	21	63	47
Svalþúfa	298	387	76	61	24	10
Lónðrangar	78	70	71	62	2	8
Lónsbjarg	–	0	–	0	–	1
Svörtuloft	803	765	273	231	364	262
Keflavíkurbjarg	0	–	0	–	6	–
Vallnabjarg	–	0	–	0	–	0
Á sjó – On sea below cliff						
Páfubjörg alls	294	91	27	0	140	95
Svörtuloft	315	274	94	50	163	218

Varpárangur ritu á utanverðu Snæfellsnesi var kannaður 20. júlí 2005. Að meðaltali var ungafjöldinn 1,01 á hreiður, heldur meiri (1,12-1,15) í björgunum sunnan til á nesinu og heldur minni (0,99) að norðanverðu (sbr. Arnþór Garðarsson 2006b).

Svartfuglar

Tölur um svartfugl 2005 eru teknar saman í 3. töflu. Hægt er að áætla fjölda para með því að margfalda tölu séðra fugla með 0,7. Samtals sáust um 1500 langvíur í björgunum þar af um 800 í Svörtuloftum og um 650 í Páfubjörgum. Heildartala langvíu var um 1070 pör, 43% af tölunni 1983, og var fækkunin sérlega áberandi í Páfubjargi, en þar var fjöldinn 34% af fyrri tölu. Við Stapa var fjöldinn um tvöfalt meiri en 1983 og í Lónðröngum var fjöldinn aðeins lítið eitt minni (Arnþór Garðarsson 1995). Alls töldust um 400 stuttnefjur (280 pör) og er sá fjöldi aðeins um 26% af því sem fannst 1983. Um 250 stuttnefjur voru í Svörtuloftum (17% af 1983) og 150 í Páfubjörgum (34% af fjöldanum 1983).

Fjöldi álku sem sást í bjargi var alls tæplega 500 og var því um 34% af tölunni 1983, en þá fundust alls um 1200 álkur í björgunum. Fjöldinn var mestur í Svörtuloftum, rúmlega 300 (29% af tölunni 1983), en í Páfubjörgum voru álkurnar alls um 80 (25% af 1983). Sé tekið tillit til þess að álkan sést hlutfallslega illa í bjargi, en virðist sitja álíka mikið á sjónum eins og langvían, fást hærri tölur, eða um 500 í Svörtuloftum og 400 í Páfubjörgum og heildartalan (575 pör, reiknuð út frá fjölda langvíu í bjargi og hlutfalli álku og langvíu á sjó) verður 49% af fyrri tölu (3. tafla).

Hvorki lundi né teista verða talin með neinni vissu með athugunum af bjargbrún en báðar þessar tegundir virðast vera afar strjálar í snæfellsku björgunum. Fáeinir lundar sáust á eftirtöldum stöðum: Páfubjarg (9 vorið 2005, 7 vorið 1983), Lónsbjarg (1 árið 2005, 28 í júlí 1983), Svörtuloft (4 árið 2005 en 8 1983). Teista virtist

vera enn sjaldgæfari og fundust aðeins þrjár vorið 2005, allar við Stapa, en 1983 sáust einungis tvær, báðar við Lónsbjarg.

Aðrar tegundir

Alls voru skráð 17 toppskarfsheiður sumarið 2005, flest (13) í Lónsbjargi, en þrjú voru í Svörtuloftum og eitt við Stapa. Þegar björgin voru könnuð 1983 (Arnþór Garðarsson óbirt gögn) var alls skráð 61 toppskarfsheiður, þar af 44 í Svörtuloftum, sjö í Páfubjargi og 10 í Lónsbjargi. Toppskarfi virðist því hafa fækkað á þessum slóðum.

Svartbakur varp víða með brúnum og á stöpum við björgin. Flest pörin voru við Stapa (10) og í Lónsbjargi (7). Einnig voru varpstaðir í Páfubjargi (2) og Vallnabjargi (6). Veruleg aukning virtist vera á svartbaki, því að 1983 er aðeins skráð eitt varppar, í Lónsbjargi. Hvítmáfur fannst verpandi í Sölvahamri (1 par), Stapa (1 par) Páfubjargi (5 pör), Lónsbjargi (5 pör) og Vallnabjargi (5 pör). Vorið 1983 fannst hvítmáfur aðeins skráður í Sölvahamri 1983 (1 varppar). Þrjú silfur máfs-pör urpu í Vallnabjargi 2005, en vorið 1983 fannst eitt hreiður í urð undir Páfubjargi.

Hrafnshreiður fundust á þremur stöðum í sjávarbjörgum 2005: Lónðröngum, Keflavíkurbjargi og Vallnabjargi. Vorið 1983 fundust hrafnshreiður í Páfubjargi, Lónðröngum og Lónsbjargi.

Umræða

Helstu niðurstöður þessarar könnunar eru að þremur svartfuglategundum hefur fækkað verulega á Snæfellsnesi frá því fyrir tveimur áratugum. Fjöldi toppskarfs í varpi var einnig mun minni en í fyrri talningu (1983). Tvær tegundir, fýll og rita, virtust standa í stað en ritan, sem var einnig talin 1992 og var þá í hámarki, hafði þó gengið í gegnum sveiflu. Nokkuð meira kom fram af svartbaki og hvítmáfi en í fyrri talningu. Langur tími hefur liðið milli talninga á Snæfellsnesi og þyrfti

nauðsynlega að bæta úr því núna eftir að þar er kominn þjóðgarður. Fuglabjörgin þar eru mjög aðgengileg og upplýsingarnar eru sérlega áhugaverðar, bæði fyrir þjóðgarðinn sem slíkan en einnig á stærri mælikvarða.

Lítill fjöldi svartfugls á Snæfellsnesi sumarið 2005 er í samræmi við það sem hefur verið að gerast annars staðar hér á landi og víðar við strendur Norður Atlantshafs. Ástæða fækkunarinnar virðist yfirleitt vera fæðuskortur, í Barentshafi og við austurströnd Kanada hefur svartfugli fækkað þegar loðnustofnar *Mallotus villotus* hafa hrunið (Vader o.fl. 1990, Carscadden o.fl. 2001, Davoren & Montevecchi 2003) og léleg varpafkoma langvíu við Norðursjó tengist hrúni sandsíls *Ammodytes marinus* (sjá t.d. Wanless o.fl. 2005). Hér við land hefur verið fylgst með fjölda svartfugls, fýls og ritu á fárra ára fresti undanfarin 20 ár, í Krísuvíkurbergi og Hafnabergi á Reykjanesskaga og Skoruvíkurbjargi á Langanesi (Arnpór Garðarsson 1995, 1996, 2006a). Stuttnefju hefur farið fækkandi ár frá ári allan tímann frá 1985, en langvíu og álka voru í nokkurri fjölgun fram að aldamótum og fækkun þeirra er því nýtilkomin. Bágborið ástand svartfuglastofna á Snæfellsnesi 2005 virðist vera hluti af útbreiddri fækkun og tengist sennilega lélegum átuskilyrðum. Athygli vekur að varpafkoma ritu á Snæfellsnesi sumarið 2005 var þökkaleg, alla vega sú besta á landinu þetta sumar (Arnpór Garðarsson 2006b). Hins vegar virtist vera alger viðkomubrestur hjá kríunni á þessum slóðum sem annars staðar við strendur landsins, sem væntanlega stafaði af sandsílalesi.

Athuganir á Snæfellsnesi sumarið 2005 undirstrika það að ekki er nægilega mikið vitað um fjölda, viðkomu og fæðu íslenskra bjargfugla til þess að geta útskýrt snöggar stofnbreytingar. Hér þarf að taka til hendinni, sérstaklega vegna þess að líkur virðast vera því að yfirvofandi séu stórfelldar breytingar á umhverfi strandsjávarins.

ÞAKKIR

Við þökkum Árna Bragasoni forstöðumanni náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar og Guðbjörgu Gunnarsdóttur þjóðgarðsverði fyrir margháttaða fyrirgreiðslu við framkvæmd þessarar athugunar. Einnig þökkum við Ástu K. Davíðsdóttur, Karli H. Bridde, Margréti Valdimarsdóttur, Sæmundi Kristjánssyni og Presti Ólafssyni fyrir aðstoð á vettvangi. Okkur er einnig ljúft að þakka Kristjáni Lilliendahl fyrir að lesa þessa grein yfir og færa til betri vegar.

HEIMILDIR

- Arnpór Garðarsson 1995. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum. – Bliki 16: 47-65.
- Arnpór Garðarsson 1996. Ritubyggðir. – Bliki 17: 1-16.
- Arnpór Garðarsson 2006a. Nýlegar breytingar á fjölda íslenskra bjargfugla. – Bliki 27: 13-22.
- Arnpór Garðarsson 2006b. Viðkoma ritu sumarið 2005. – Bliki 27: 23-26.
- Árni Waag Hjálmarsson 1979. Fuglalíf í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. – Náttúrufr. 49: 112-125.

- Carscadden, J.E., K.T. Frank, W.C. Legget 2001. Ecosystem changes and effects on capelin *Mallotus villosus*, a major forage species. – Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences 58: 73-85.
- Davoren, G.K. & W.A. Montevecchi 2003. Signals from seabirds indicate changing biology of capelin stocks. – Marine Ecology Progress Series 258: 253-261.
- Quinnell, R. 1984. Cambridge Snæfellsnes Expedition 1983. – Cambridge University. Mimeographed report.
- Vader, W., R.T. Barrett K.E. Erikstad 1990. Differential response of common and thick-billed murre to a crash in the capelin stock in the southern Barents Sea. – Studies in Avian Biology 14: 175-180.
- Wanless, S., M.P. Harris, P. Redman, J.R. Speakman 2005. Low energy values of fish as a probable cause of major seabird breeding failure in the North Sea. – Marine Ecology Progress Series 294: 1-8.
- Þorsteinn Einarsson 1979. Fjöldi langvíu og stuttnefju í fuglabjörgum við Ísland. – Náttúrufr. 57: 163-184.
- Ævar Petersen 1993. Rituvörp á utanverðu Snæfellsnesi. – Bliki 13: 3-10.

SUMMARY

A survey of the bird cliffs of Snæfellsnes, W-Iceland, in 2005

The bird cliffs of Snæfellsnes, W-Iceland, were surveyed and counted in 2005 and the results compared with earlier results, mainly from 1983 but also 1992. These cliffs are generally small and accessible and are mostly within a national park (Snæfellsjökull) or protected seashore (Stapi-Hellnar). As in most Icelandic birdcliffs the most abundant species (2005 totals in parentheses) were Fulmar *Fulmarus glacialis* (1798 AOS), Kittiwake *Rissa tridactyla* (16580 AON), Common Murre *Uria aalge* (1528 birds), Thick-billed Murre *Uria lomvia* (405 birds) and Razorbill *Alca torda* (909 birds, estimated from ratio of Razorbills to Common Murres loafing on sea, Table 4). The numbers of Kittiwake in 2005 were nearly identical to those in 1983, but considerably lower than in 1992 when nearly 22,000 nests were counted. In 2005, reproductive success of Kittiwake on Snæfellsnes was relatively high (1.01 feathered young/nest in late July) in comparison to other sites spread around the coast of Iceland. The numbers of the three large auks were all at very low levels in 2005 compared with 1983; Thick-billed Murres were only 26%, Common Murres 43% and Razorbills 49% of the earlier numbers. These results are similar to trends observed at sites monitored at 5 years intervals in SW Iceland (Krísuvík, Hafnaberg) and in NE-Iceland (Skoruvík). Numbers of Shag *Phalacrocorax aristotelis* (total 17 nests seen) were much lower than in 1983 (61 nests). Finally, an increase of Great Black-backed Gull *Larus marinus* and Glaucous Gull *L. hyperboreus* nests seems to have taken place along these cliffs. The decrease in 2005 in the Common Murre and the Shag may be related to lack of food, presumably mainly *Ammodytes* spp. which apparently caused widespread breeding failure in Arctic Tern *Sterna paradisaea*. The frequency of censuses of the Snæfellsnes cliffs should be increased as they are relatively easy to carry out and will prove to be of interest both to the management of the national park and also on a larger scale.

Pablo Giménez Bornaechea, present address Cisne 7, 28023 Madrid, Spain.

Arnpór Garðarsson, Department of Biology, University of Iceland, IS-101 Reykjavík, Iceland.

Tilvitnun:

Bornaechea, P.G. & Arnpór Garðarsson 2006. Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005. – Bliki 27: 51-54.

Stærð sílamáfsvarps á Álftanesi á Mýrum

Sumarið 2005 var stærð sílamáfsvarps á Mýrum könnuð. Landfræðilegar aðstæður við varpið benda til þess að það geti stækkað í framtíðinni og að því leyti tilvalið til vöktunar á sílamáfum. Fyrri heimildir um varpið gefa til kynna að það hafi vaxið frá nokkur hundruð pörum um 1990 upp í nokkur þúsund pör árið 1999. Mælingar sumarið 2005 benda til að varpið sé rúmlega 750 pör og því mun minna en búist hafði verið við.

Inngangur

Sílamáfs *Larus fuscus* (1. mynd) varð fyrst vart verpandi hérlandis á Suðurlandi á þriðja áratug síðustu aldar (Finnur Guðmundsson 1955). Svo virðist sem þessum landnema hafi ekki fjölgað mikið fyrr en á sjötta áratug aldarinnar þegar tegundin náði fótfestu á Suðvesturlandi. Varp sílamáfa á Miðnesheiði í Gullbringusýslu hefur verið leiðandi í fjölgun tegundarinnar hérlandis en þar er langstærsta varp sílamáfs hérlandis og taldi um 37 þúsund pör sumarið 2004 (Gunnar Þór Hallgrímsson & Páll Hersteinsson 2004). Ekki er önnur

sílamáfsvörp af svipaðri stærðargráðu að finna hérlandis en þó má geta þess að á eyjum á Sundunum utan Reykjavíkur urpu nokkur þúsund sílamáfspör á árunum í kringum 1990 (Páll Hersteinsson o.fl. 1990). Ekki er líklegt að þeim fjölgi mikið þar bæði vegna þess að svæðin virðast nánast fullsetin (t.d. Engey) og mikið afrán er þar af mannavöldum (Viðey).

Sílamáfsvarpið við Hólsvatn á Álftanesi á Mýrum hefur verið talið með stærri vörpum hérlandis. Stærð þessa varps hefur þó verið nokkuð á huldu en í grein



1. mynd. Biðilsleikur sílamáfa. Atferlið felst í því að fuglarnir hneygja höfuð þannig að goggur fer á milli fóta (sbr. fugl til vinstri) en rétta síðan snögglega úr sér og teygja hálsinn fram (fugl til hægri). Þessu atferli fylgja einkennandi köll. – *Lesser Black-backed Gulls making long calls.* – Daníel Bergmann.

1. tafla. Skipting hreiðra eftir hreiðurstigi í sílamáfsvarpi við Hólsvatn á Mýrum, 24. júlí 2005. – *Nest status in a Lesser Black-backed Gull colony at Mýrar (W-Iceland) on 24 July 2005.*

	Hreiðurstig* – Nest status*			
	1	2	3	4
Fjöldi hreiðra – Number of nests	5	2	55	128
Hlutfall af heild (%) – Percent of all	2,6	1,0	28,9	67,4
Hlutfall af stigum 1-3 (%) – Percent of status 1-3	8,0	3,2	88,7	-

* Hreiðurstig: 1 = egg, 2 = ungar, 3 = ungar farnir, 4 = tóm. – Nest status: 1 = eggs, 2 = juveniles, 3 = juv. gone, 4 = unoccupied.

Kristins Hauks Skarphéðinssonar (2000), sem fjallaði um fuglalíf í Mýrasýslu, kemur fram að vorið 1999 hafi eggjataka numið 7000 eggjum og hluti þeirra verið tekin úr seinna varpi. Ekki er ljóst hversu stór hluti hreiðra fannst og því erfitt að áætla fjöldann en ljóst má vera að pörin hljóta að hafa skipt þúsundum. Þetta er mikil aukning frá því á árunum rétt eftir 1990 þegar áætlaðir voru um 600 fuglar á svæðinu (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, munnl. uppl.). Þar sem hér er um afmarkað sílamáfsvarp að ræða, og landfræðilegar aðstæður til þess fallnar að það geti stækkað, var ákveðið að mæla stærð og legu sílamáfsvarpsins við Hólsvatn á Mýrum sumarið 2005 til að geta fylgst með hugsanlegum breytingum á fjölda sílamáfa þar í framtíðinni.

Aðferðir

Þann 23. júlí 2005 var farið að sílamáfsvarpinu og útlínur þess dregnar. Það var gert með því að ganga umhverfis varpið með GPS-staðsetningartæki. Þá var tölva látnin velja 20 tilviljanakennda punkta innan varpsvæðisins. Þessir punktar voru síðan heimsóttir þann 24. júlí 2005. Þegar komið var að hverjum punkti var hæl stungið niður í jörðina og út frá honum var strengt 25,23 m langt band. Lengd bandsins er radíus hrings sem samsvarar 2000 m². Öll hreiður innan þess flatar sem hringurinn markaði voru talin og þeim skipt niður í flokka; 1) með eggjum, 2) með ungum, 3) ungar farnir, 4) tóm (ófullgerð, rænd eða gömul). Hreiður sem báru merki þess að egg hefðu klakist s.s. með skurnabrotum í botni, skít og tröðkuðum hreiðurbörmum voru skilgreind í flokki 3 en annars í flokki 4.

Við útreikninga á stærð varpsins voru hreiðurflokkar 1, 2 og 3 notaðir til grundvallar. Forritið NEGBINOM (Krebs 1989) var notað til að reikna út þéttleika með skekkjumörkum auk þess að athuga hvort varpið væri hnappdreift samkvæmt kí-kvaðrat prófi. Fyrir útlistanir á útreikningum er bent á Krebs (1989). Flatarmál svæðisins var reiknað í forritinu ArcMap.

Niðurstöður

Fjöldi hreiðra á hverju stigi er sýndur í 1. töflu. Varp var vel á veg komið og sást það vel á háu hlutfalli hreiðra þar sem ungar voru farnir úr hreiðri. Meðalþéttleiki hreiðra innan hvers mælipunkts var 3,1

(staðalfrávik 7,6). Tíðni hreiðra í hverjum mælipunkti fylgdi ekki normaldreifingu og voru hreiðrin marktækt hnappdreifð skv. kí-kvaðrat prófi ($\chi^2 = 145,81$, $df = 33$, $P < 0,001$). Vegna þessa varpaði forritið gögnunum á tvennan hátt. Annars vegar var um svokallaða andhverfa breiðbogásínus vörpun (e. *Inverse hyperbolic sine transformation*) að ræða og þá reiknaðist meðalfjöldi hreiðra á mælipunkti vera 2,10 (neðri mörk 1,16 og efri mörk 3,47). Hins vegar var notuð log (x+1) vörpun og þá reiknaðist meðaltalið 2,17 (neðri mörk 1,19 og efri mörk 3,58).

Flatarmálið varpsins mældist 0,72 km². Samkvæmt því er varpstofninn á þessu svæði 757 pör (neðri mörk 419 og efri mörk 1250) skv. andhverfum breiðbogásínus en 780 pör (neðri mörk 429 og efri mörk 1289) skv. log (x+1) vörpuninni.

Umræða

Ljóst er að sílamáfsvarpið við Hólsvatn á Mýrum stækkaði mikið frá 1990 til 1999 eins og áður kom fram. Hins vegar hefur vöxtur þess ekki haldið áfram ef marka má stærð varpsins árið 2005 og óhætt að fullyrða að töluverð fækkun hafi átt sér stað á þessu tímabili ef marka má fjölda eggja sem tekin voru um aldamótin.

Þeim sem fylgdust með sjófuglum sumarið 2005 ber flestum saman um að víða hafi varp verið með allra lélegasta móti (sjá t.d. Bornaecchia & Arnþór Garðarsson 2006). Þar sem um allnokkrar tegundir sjófugla er að ræða bendir margt til þess að sameiginleg fæðuauðlind (t.d. síli *Ammodytes* spp.) hafi verið óaðgengileg eða af skornum skammti. Á Miðnesheiði í Gullbringusýslu gekk sílamáfsvarp mjög illa sumarið 2005 og kríur tóku að hverfa úr vörpunum í stórum hópum upp úr miðjum júní (Gunnar Þór Hallgrímsson, óbirt). Í ljósi þessa vaknar sú spurning hvort sílamáfsvarpið á Álftanesi á Mýrum hafi verið óvenju lítið sumarið 2005 miðað við árin á undan. Það vekur athygli hversu stór hluti hreiðra í varpinu voru tóm, eða rúm 67% (hreiðurstig 4; 1. tafla), en í þeim flokki eru tóm hreiður sem ungi klaktist ekki úr á árinu, þ.e. gömul, ófullgerð eða rænd hreiður. Til að geta spáð betur í þessa tölu þurfum við viðmið. Hlutfall hreiðra í flokki 4 á Miðnesheiði sumarið 2005 var nánast það sama eða 69% (Gunnar Þór Hallgrímsson, óbirt). Spurning er hvort þetta hlutfall sé óvenjulega hátt. Það er þekkt að í sumum vörpum sílamáfa erlendis

er ávallt nokkuð hátt hlutfall af tónum hreiðrum. Sem dæmi má nefna að það voru að meðaltali 54,3% (staðalfrávik 1,9) hreiðra tóm í sílamáfsvarpi í Tarnbrook Fell í Englandi á árabílinu 1981 - 1994 (O'Connell o.fl. 1997). Í þeirri rannsókn fór hlutfall tóma hreiðra mest upp í 63%. Í samanburði við þessa rannsókn telst því hlutfall tóma hreiðra á Mýrum og Miðnesheiði sumarið 2005 hátt og gæti stafað af óvenju lélegum varpárangri þetta sumarið.

Landfræðilega hefur sílamáfsvarpið á Álftanesi burði til að stækka og að því leyti ákjósanlegt til vöktunar á sílamáfum. Hins vegar er okkur ekki ljóst hversu mikið álag er á varpinu t.d. vegna eggjatöku og skotveiða. Við stærðarmat í varpinu fundust tvö minkagreni (*Mustela vison*) og voru á annan tug dauðra sílamáfsunga í kringum þau. Ekki er vitað hversu mikil áhrif minkar geta haft á varp sílamáfa en þekkt er að áhrif þeirra geta verið umtalsverð meðal annarra máffugla (Clode & Macdonald 2002).

Aðferðafræðin sem notuð var við stærðarmatið er vel þekkt. Hér hefði þó þurft allmiklu fleiri mælipunkta til að þrengja skekkjumörkin. Spurning er hvort beita hefði mátt öðrum aðferðum innan sama tímaramma til þess að auka nákvæmni niðurstaðna. Heildartalningar á fuglum á svæðinu ættu að geta gefið einhverja mynd af ástandinu. Þar koma þó inn skekkjur eins og breytileg viðvera varpfugla og fjöldi fugla sem ekki er verpaði. Fyrir viðveru ætti að vera hægt að leiðrétta með athugunum í varpi sílamáfa þar sem fjöldi hreiðra er þekktur. Okkur er ekki kunnugt um að slíkur leiðréttingarstuðull sé til fyrir sílamáfa. Önnur aðferð sem ætti að vera mögulegt að nota er DISTANCE aðferðafræðin (Buckland o.fl. 2003). Sú aðferð yrði þá notuð á hreiðrin sjálf og líklegt að þéttleiki varpsins yrði að vera nokkuð mikill til að aðferðin hentaði. Þá væri áhugavert að prófa nokkrar aðferðir samhliða og kanna samræmi á milli þeirra. Það gæti gefið vísbendingar um hvaða leið væri hentugust í framtíðinni.

ÞAKKIR

Kristinn Haukur Skarphéðinsson veitti upplýsingar um sílamáfsvarpið á Mýrum og Regína Hreinsdóttir reiknaði út flatarmál varpsvæðisins. Tómas Grétar Gunnarsson og Guðmundur A. Guðmundsson lásu pistil þennan yfir og var það til bóta.

HEIMILDIR

- Bornaecchia, P.G. & Arnþór Garðarsson 2006. Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005. – Bliki 27: 51-54.
 Buckland, S.T., D.R. Anderson, K.P. Burnham & J.L. Laake 2003. Distance Sampling. Estimating abundance of biological populations. – Chapman & Hall, London.
 Clode, D. & D.W. Macdonald 2002. Invasive predators and the conservation of island birds: the case of American Mink *Mustela*

vison and terns *Sterna spp.* in the Western Isles, Scotland. – Bird Study 49: 118-123.

- Finnur Guðmundsson 1955. Íslenskir fuglar XII. Sílamáfur (*Larus fuscus*). – Náttúrufr. 25: 215-226.
 Gunnar Þór Hallgrímsson & Páll Hersteinsson 2004. Varpstofn sílamáfs á Miðnesheiði sumarið 2004 – könnun á stærð og útbreiðslu varpsins. – Skýrsla til Flugmálastjórnar. 8 bls.
 Krebs, C. 1989. Ecological Methodology. – HarperCollins, New York.
 Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2000. Fuglalíf í Mýrasýslu. – Bliki 21: 15-30.
 O'Connell, M.J., J.C. Coulson, S. Raven & S. Joyce 1997. Nonbreeding and nests without eggs in the Lesser Black-backed Gull *Larus fuscus*. – Ibis 139: 252-258.
 Páll Hersteinsson, Arnór Þórir Sigfússon & Þorvaldur Þ. Björnsson 1990. Varpstofn sílamáfs og tilraunaveiðar á máfum á Suðvesturlandi árið 1990. – Sérarit Veiðistjóraembættisins 1: 1-20.

SUMMARY

Size of the Lesser Black-backed Gull colony at Álftanes on Mýrar (W-Iceland) in 2005

The size of a Lesser Black-backed Gull *Larus fuscus* colony at Álftanes, Mýrar in W-Iceland was estimated in summer 2005. This colony increased from a few hundred pairs around 1990 to a few thousand in 1999. The surroundings of this colony seem to allow increase and is therefore ideal for monitoring. Outlines of the colony were estimated on 23 July, using GPS tracking. On 24 July the colony was revisited and nests were counted on 20 random plots. All nests within a radius of 25.23 meters (area of 2000 m²) were counted. Nests were grouped into four categories according to status; 1) eggs, 2) juveniles, 3) juveniles departed and 4) unoccupied. Only the first three categories were used to calculate the number of nests in the colony.

The program NEGBINOM (Krebs 1989) was used to calculate density and the program ArcMap was used to calculate the area of the colony. The size of the colony was estimated using two different transformations of densities, inverse hyperbolic sine and log (x+1). The estimated size of the colony was, according to method of transformation, 757 pairs (range 419 - 1250) and 780 pairs (range 429 - 1289), respectively. This was much lower than expected and might be partly due to an apparently difficult summer for seabirds in general, possibly due to a collapse of food resources.

Gunnar Þór Hallgrímsson, Náttúrustofa Reykjaness / Reykjaness Environmental Research Institute, Garðvegi 1, 245 Sandgerði og Líffræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (gunnih@hi.is).

Hallgrímur Gunnarsson, Víðihlíð 22, 105 Reykjavík (hallgrimur@glborg.is).

Páll Hersteinsson, Líffræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (pher@hi.is).

Tilvitnun:

Gunnar Þór Hallgrímsson, Hallgrímur Gunnarsson & Páll Hersteinsson 2006. Stærð sílamáfsvarps á Álftanesi á Mýrum. – Bliki 27: 55-57.



Fulldorðinn sílamáfur *Larus fuscus*. – Daníel Bergmann.

Kyngreining fleygra sílamáfsunga út frá stærðarmælingum

Hér er greint frá niðurstöðum athugunar á því hvort mögulegt sé að kyngreina fleyga sílamáfsunga á stærð. Fleygir sílamáfsungar voru skotnir í varpi á Miðnesheiði í Gullbringusýslu síðsumars 2004. Fuglarnir voru mældir og síðan kyngreindir með krufningu. Með aðskilnaðargreiningu tókst að kyngreina rúmlega 92% fuglana í sýninu rétt út frá stærðarmælingum. Jafna til að kyngreina fleyga sílamáfsunga er gefinn upp í greininni, fuglamerkingamönnum til hagsbóta.

Inngangur

Upplýsingar um kyn einstaklinga eru mikilvægar í mörgum rannsóknum í þróunar- og vistfræði. Kyngreiningar eru miserfiðar á meðal hinna ýmsu hópa fugla. Til að mynda er útlitsmunur anda og sumra ránfugla mjög greinilegur. Meðal ættbálks strandfugla (Charadriiformes) er kynjamunur venjulega fremur lítill. Hjá

máfum er t.d. enginn litamunur milli kynja (Grant 1982) en hins vegar eru karlfuglarnir nokkuð stærri en kvenfuglarnir (Ingolfsson 1969). Allmargar greinar hafa verið ritaðar um hvernig þekkja meg sundur kyn hinna ýmsu máfategunda út frá stærðarmælingum og eiga þær það nær allar sammerkt að ná einungis til



1. mynd. Ungur sílamáfur *Larus fuscus* á flugi yfir Sandgerðisfjöru í september 2005. – A juvenile Lesser Black-backed Gull in Sandgerði, September 2005. – Daníel Bergmann.

1. tafla. Mælingar á fleygum sílamáfsungum af Miðnesheiði, Gullbringusýslu, í ágúst 2004. t-próf ber saman mun á mælingum milli kynja. – *Biometrics of Lesser Black-backed Gull fledglings from Miðnesheiði (SW-Iceland) in August 2004. t-test compares the difference between the sexes.*

Ytra einkenni <i>Biometric measure</i>	Karlfluglar – Males				Kvenfluglar – Females				t-próf <i>t-test</i>
	Meðaltal <i>Mean</i>	Staðalfrávik <i>SD</i>	Bil <i>Range</i>	Sýnastærð <i>Sample size</i>	Meðaltal <i>Mean</i>	Staðalfrávik <i>SD</i>	Bil <i>Range</i>	Sýnastærð <i>Sample size</i>	
Höfuðlengd – <i>Skull length (mm)</i>	112,1	5,5	101,0-122,0	24	103,8	3,0	98,0-108,0	28	P< 0,001
Nefhæð við hak – <i>Gonys depth (mm)</i>	13,8	1,0	12,0-16,0	24	12,6	0,6	12,0-14,0	28	P< 0,001
Nefhæð við nefrót – <i>Bill base depth (mm)</i>	15,8	1,0	14,0-17,6	24	13,9	0,8	12,0-16,0	28	P< 0,001
Ristarlengd – <i>Tarsus length (mm)</i>	67,3	2,1	64,0-72,0	24	61,9	2,1	59,0-66,0	28	P< 0,001
Ristarþykkt – <i>Tarsus thickness (mm)</i>	4,8	0,3	4,0-5,5	24	4,5	0,3	4,0-5,0	28	P< 0,01
Þyngd – <i>Body mass (g)</i>	825	104,5	625-1000	24	630,0	67,1	550-750	28	P< 0,001
Fitueinkunn – <i>Fat score</i>	4,4	1,4	1,0-6,0	24	3,8	1,4	1,5-6,0	28	P=0,165

fullorðinna fugla (t.d. Mills 1971, Coulson o.fl. 1983, Chochi o.fl. 2002). Leit okkar að grein um hvernig kyngreina mætti á ytri einkennum fleyga máfsunga á fyrsta hausti bar ekki árangur.

En hvers vegna ættu menn að hafa áhuga á kynjahlutföllum máfa á fyrsta hausti? Í rituðum heimildum má finna ályktanir um að lífslíkur karlkyns máfsunga séu lægri en kvenkyns unganna þegar lítið er um fæðu (Griffiths 1992). Einnig hafa rannsóknir á klapparmáfum sýnt að kvenfluglar í lélegu líkamsástandi verpa fremur

kveneggjum en karleggjum. Þessu er síðan öfugt farið sé kvenfluglinn í góðu líkamsástandi (Alonso-Alvarez & Velando 2003). Þetta bendir til þess að erfiðara sé að koma karlfluglum á legg og því gætu kynjahlutföll verið breytileg eftir ástandi varpstofnsins t.d. í tengslum við fæðuframboð.


Í þessari rannsókn var leitast við að kanna hvort kyngreina mætti fleyga sílamáfsunga (1. mynd) út frá stærðarmælingum. Auk þess var kannað hvort samræmi væri á milli líkamsástandsmælinga þar sem annars vegar er notuð fitueinkunn en hins vegar þyngd þar sem leiðrétt er fyrir stærð.

Aðferðir

Í ágúst 2004 var 52 fleygum sílamáfsungum safnað í sílamáfsvarpi á Miðnesheiði í Gullbringusýslu. Þar sem útungunartíminn er all dreifður á Miðnesheiði geta ungarnir í sýninu verið allt frá því að vera nýfleygir í að vera búnir að vera á flugi í allt að einn og hálfan mánuð. Hræin voru fryst samdægurs. Við úrvinnslu voru máfarnir þíddir og stærðarmál eftirfarandi útlitsþátta tekin í mm með skíðmáli að næsta 0,1 mm:

- höfuðlengd (frá hnakka að nefbroddi)
- nefhæð við nefrót
- nefhæð við hak á neðra skolti (gonys)
- ristarlengd
- ristarþykkt á fram-aftur öxli á miðri rist

Allir fuglarnir voru vigtaðir að næstu 25g með hengivog. Kyn fuglanna var síðan ákvarðað eftir því hvort eggjaklasar eða eistu voru til staðar. Þegar borinn var saman munur á einstökum málum milli kynja var notast við t-próf. Aðskilnaðargreining (e. discriminant analysis) var notuð til þess að finna út hvaða ytri



2. mynd. Boxrit af ristarlengdum fleygra sílamáfsunga af báðum kynjum. Kvenfluglar eru til vinstri. – *A boxplot of the tarsus length of Lesser Black-backed Gull fledglings. Females are to the left.*

2. tafla. Hlutfall sílamáfa í sýninu sem aðskilnaðargreiningin kyngreindi rétt út frá einstökum ytri einkennum. – Accuracy of sexing Lesser Black-backed Gull fledglings obtained by discriminant analysis using single measurements.

Ytra einkenni Biometric measure	Hlutfall kyngreindra fugla (%) Percent of sexed birds
Ristarlengd – Tarsus length	88,5
Nefhæð við nefrót – Bill base depth	86,5
Höfuðlengd – Skull length	84,6
Nefhæð við hak – Gonys depth	78,8
Ristarþykkt – Tarsus thickness	71,2

einkenni helst aðgreindu kynin. Þannig fæst mat á hversu hátt hlutfall einstaklinga er hægt að greina út frá þeim einstöku ytri mælingum sem gerðar voru. Einnig var athugað hvaða mælingar var hægt að leggja saman til að kyngreina sem flesta einstaklinga.

Líkamsástand var kannað með tveimur aðferðum. Annars vegar var fita innan á ham og við líffæri metin samkvæmt sex þrepa fitueinkunnargjöf Náttúrufræðistofnunar Íslands (byggð á McCabe 1943). Hins vegar var líkamsástand fugla metið með því að deila þyngdinni á höfuðlengdina. Hér er höfuðlengdin því notuð sem mælikvarði á stærð fuglsins líkt og Verboven o.fl. (2003) gerðu. Tengsl fitueinkunnar og útreikninga m.t.t. stærðar og þyngdar voru síðan könnuð með aðhvarfsgreiningu fyrir bæði kynin. Allir tölfræðiútreikningar voru framkvæmdir í forritunum SYSTAT 9 og SPSS.


Niðurstöður

Karlfuglar voru stærri en kvenfuglar í öllum málum sem tekin voru og var sá munur tölfræðilega marktækur. Þeir voru þó ekki betur á sig komnir en kvenfuglarnir samkvæmt fitueinkunnargjöf (1. tafla).


Samkvæmt aðskilnaðargreiningunni var ristarlengd besti einstaki þátturinn til að kyngreina máfsungana og náðist að greina 88,5% fuglanna rétt. Meðaltöl, staðalfrávik og útgildi ristarlengda milli kynja má sjá á 2. mynd. Næst á eftir komu nefhæð við nefrót (86,5%), höfuðlengd (84,6%) og nefhæð við gonys (78,8%). Með því að mæla ristarþykkt greindust 71,2% fuglanna í sýninu til kyns (2. tafla).

Samkvæmt aðskilnaðargreiningunni var hægt að ráða í kyn allt að 92,3% fuglanna í sýninu. Það er gert með jöfnunni $KYN = (0,586 * \text{nefhæð við nefrót}) + (0,358 * \text{ristarlengd}) - 31,701$, þar sem $KYN > 0$ er karlfugl og $KYN < 0$ er kvenfugl. Þessi jafna greindi 95,8% karlfuglanna og 89,3% kvenfuglanna rétt. Punktarit af stærðum þessara tveggja megin útlitsþátta, ristarlengd og nefhæð við nefrót, má sjá á 3. mynd.

Marktæk fylgni var á milli fitueinkunnar og útreikninga á líkamsástandi út frá stærð og þyngd (kvenfuglar: $F=19,519$, $R^2=0,429$, $P<0,001$, $N=28$; karlfuglar: $F=19,815$, $R^2=0,474$, $P<0,001$, $N=24$). Þetta samband má sjá á 4. mynd.



3. mynd. Punktarit af ristarlengd og nefhæð við nefrót á fleygum sílamáfsungum. Blátt á við karlfugla en rautt við kvenfugla. – A scatter diagram of tarsus length and bill depth at base, of Lesser Black-backed Gull fledglings. Blue filled circles represent males while red empty circles represent females.



4. mynd. Punktarit sem sýnir samband á milli tveggja aðferða sem notaðar eru til að mæla líkamsástand (sjá texta). Rauður á við kvenfugla en blár við karlfugla. Aðhvarfslínur hafa verið dregnar í gegnum punktana til að sýna fylgni á milli aðferðanna. – A scatter diagram showing correlation between two estimators of body condition. Red represents females and blue represents males.

Umræða

Greinilegur stærðarmunur fannst á milli kynja hjá fleygum sílamáfsungum á öllum mældum ytri útlitsþáttum og voru karlfuglarnir ætíð stærri. Þótt sýnið sé lítið gefa afgerandi niðurstöður til kynna að aðferðin er nothæf. Þetta býður upp á þann möguleika að hægt verður að fylgjast með kynjahlutfalli og líkamsástandi sílamáfsunga að varptíma loknum. Eins og að framan greinir benda niðurstöður erlendra rannsókna til þess að kynjahlutföll unga endurspegli líkamsástand kvenfugla í varpi. Einnig virðast karlkyns ungar eiga erfiðara í mögnum árum en kvenkyns ungar, líklega vegna stærðar. Því má gera ráð fyrir að vöktun á kynjahlutfalli unga geti gefið vísbendingar um hvernig varp hafi gengið.

Hingað til hafa flestar rannsóknir á sílamáfum snúið að varpháttum þeirra. Sílamáfar hverfa að mestum hluta frá N og NV-Evrópu að varpi loknu og oft halda ungar til á vetrarstöðvum þar til varpaldri er náð (Rock 2002). Ekki fundu höfundar rannsóknir um hvort munur er á dreifingu kynjanna hjá sílamáfum á vetrarstöðvum eða hvort lífslíkur eru breytilegar eftir kynjum. Það að geta kyngreint fleyga sílamáfsunga við merkingu gefur vonir um að varpa megi ljósi á þessi atriði.

ÞAKKIR

Við þökkum Guðmundi Óskarssyni og veiðihundinum Kasper fyrir góða hjálp við sýnaöflun. Tómas Grétar Gunnarsson og Guðmundur A. Guðmundsson lásu yfir handritið og er þeim þakkað fyrir gagnlegar ábendingar.

HEIMILDIR

- Alonso-Alvarez, C. & A. Velondo 2003. Female body condition and brood sex ratio in Yellow-legged Gulls *Larus cachinnans*. – *Ibis* 145: 220-226.
- Chochi, M., Y. Niizuma & M. Takagi 2002. Sexual differences in the external measurements of Black-tailed Gulls breeding on Rishiri Island, Japan. – *Ornithological Science* 1: 163-166.
- Coulson, J.C., C.S. Thomas, J.E.L. Butterfield, N. Duncan, P. Monaghan & C. Shedden 1983. The use of head and bill length to sex live gulls Laridae. – *Ibis* 125: 549-557.
- Grant, P.J. 1982. Gulls: A Guide to Identification. – T & A.D. Poyser, London.
- Griffiths, R. 1992. Sex-biased mortality in the Lesser Black-backed Gull *Larus fuscus* during the nestling stage. – *Ibis* 134: 237-244.
- Ingólfsson, A. 1969. Sexual dimorphism of large gulls (*Larus* spp.). – *The Auk* 86: 732-737.

- McCabe, T.T. 1943. An aspect of collectors' technique. – *Auk* 60: 550-558.
- Mills, J.A. 1971. Sexing Red-billed Gulls from standard measurements. – *New Zealand Journal of Marine and Freshwater Research* 5: 326-328.
- Rock P. 2002. Lesser Black-backed Gull. – Bls. 365-368 í: Wernham, C., M. Thoms, J. Marchant, J. Clark, G. Siriwardena & S. Baillie (ritstj.): *The Migration Atlas - Movements of the Birds of Britain and Ireland*. T&A.D. Poyser, London.
- Verboven, N., P. Monaghan, D.M. Evans, H. Schwabl, N. Evans, C. Whitelaw & R. Nager 2003. Maternal condition, yolk androgens and offspring performance: a supplemental feeding experiment in the lesser black-backed gull (*Larus fuscus*). – *Proceedings of the Royal Society B* 270: 2223-2232.

SUMMARY

Sexing of Lesser Black-backed Gulls fledglings from standard measurements

A total of 52 Lesser Black-backed Gull *Larus fuscus* fledglings were collected at Miðnesheiði, SW-Iceland during August 2004. According to time of sampling the birds could have been on the wings for a few days up to one and a half month. External measurements including skull length, bill depth at gonys and base, tarsus length and tarsus thickness were obtained. All birds were weighed and then dissected for sexing. Fat content was estimated using the fat scale of Icelandic Institute of Natural History.

It was possible to sex 92.3% of the birds using the formula $D = (0.586 * \text{billbase depth}) + (0.358 * \text{tarsus length}) - 31.70$, $D > 0$ being male and $D < 0$ being female.

Gunnar Þór Hallgrímsson, Náttúrustofa Reykjaness / Reykjaness Environmental Research Institute, Garðvegi 1, 245 Sandgerði og Líffræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (gunnih@hi.is).

Romero Roig Martín, Centre d'Estudis Avançats de Blanes (CEAB), Accés Cala St. Francesc, 14, 17300 Blanes (Girona), España (cucastro@hotmail.com).

Páll Hersteinsson, Líffræðistofnun Háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík (pher@hi.is).

Tilvitnun:

Gunnar Þór Hallgrímsson, Romero Roig Martín & Páll Hersteinsson 2006. Kyngreining fleygra sílamáfsunga út frá stærðarmælingum. – *Bliki* 27: 59-62.

Tveir nýir greipar berast til Íslands og Evrópu

Tveir amerískir greipar nýir fyrir Ísland og Evrópu, stúf- og elrigreipur, fundust á Suðurlandi 6. og 10. október 2003 samfara komu fjölda annarra amerískra flækingsfugla. Fjallað verður um báðar tegundirnar og þau atriði sem greina þær frá öðrum nauðalíkum greipum. Aðeins einu sinni áður hefur greipur af ættkvíslinni Empidonax fundist í Evrópu, en það var mýgreipur á Selfossi haustið 1967.

Inngangur

Það þykir tíðindum sæta þegar tvær tegundir nýjar fyrir landið finnast með stuttu millibili, ekki síst þegar báðar tegundirnar hafa aldrei áður sést í Evrópu. Þetta gerðist í október 2003 en þá fundust hér tvær tegundir amerískra greipa (Tyrannidae). Um er að ræða stúfgreip *Empidonax minimus* sem fannst á Stokkseyri þann 6. október (1. mynd), en hann markaði upphaf göngu afar sjaldsæðra amerískra spörfugla á suðurhluta landsins (Yann Kolbeinsson o.fl. 2006). Í lok fyrrnefndrar göngu, þann 10. október, fannst elrigreipur *E. alnorum* (áður kallaður aldingreipur) í Kverkinni undir Eyjafjöllum (2. mynd). Aðrir sjaldsæðir amerískir fuglar sem fundust á þessu tímabili voru beltapýrill *Ceryle alcyon*, sedrus-toppa *Bombcilla cedrorum*, farþröstur *Turdus migratorius* og álmkraki *Icterus galbula*.

Stúfgreipur á óvenjulegum stað

Að kvöldi 6. október 2003 hringdi Katrín Jónsdóttir á Stokkseyri í Jóhann Óla Hilmarsson og tilkynnti honum um óþekktan fugl sem hún hafði fundið í baðherberginu

hjá sér. Jóhann Óli tók við fuglinum og sá strax að þarna var um afar óvenjulegan gest að ræða. Hann taldi fullvíst að um stúfgreip væri að ræða og lét fuglaáhugamenn strax vita og flyktust þeir heim til hans þótt áliðið væri. Fuglinn var mældur og myndaður í bak og fyrir og greining Jóhanns Óla staðfest. Þarna var á ferðinni fyrsti stúfgreipurinn í Evrópu. Fuglinum var sleppt á Stokkseyri næsta morgun, 7. október, og sást ekki aftur.

Elrigreipur baðar sig í sólinni

Föstudaginn 10. október 2003 voru þeir Björn G. Arnarson, Edward B. Rickson, Einar Ó. Þorleifsson og Sigmundur Ásgeirsson á leið á Landsmót fuglaskoðara á Höfn í Hornafirði. Á leiðinni austur ákváðu kapparnir að líta eftir flækingsfuglum á fáeinum stöðum og var Kverkin undir Eyjafjöllum fyrst fyrir valinu. Ekki leið á löngu þar til Björn hrópaði upp yfir sig að hann væri búinn að finna amerískan greip. Ferðafélagarnir sýndu engin viðbrögð í fyrstu því þeir héldu að Björn væri að reyna að gabba þá. Þegar öskrin urðu ákafari leyndi sér



1. mynd. Stúfgreipurinn *Empidonax minimus* á Stokkseyri, 7. október 2003. – *The Least Flycatcher Empidonax minimus at Stokkseyri, S-Iceland, 7 October 2003.*
– Jóhann Óli Hilmarsson.



2. mynd. Elrigreipurinn *Empidonax alnorum* í Kverkinni undir Eyjafjöllum, 10. október 2003. – *The Alder Flycatcher Empidonax alnorum at Kverkin, S-Iceland, 10 October 2003.*
– Daníel Bergmann.



3. mynd. Fuglaskoðarar fylgjast með elrigreipnum við fæðuöflun í Kverkinni, 10. október 2003. – *Birders observing the feeding Alder Flycatcher at Kverkin, 10 October 2003.* – Daníel Bergmann.

ekki að Björn hafði fundið eitthvað verulega markvert. Strax var hringt í fuglaskoðara á höfuðborgarsvæðinu og mættu margir á staðinn innan fárra stundarfjórðunga. Fuglinn gaf gott færi á sér þar sem hann var við skordýraveiðar á sólríkum bletti í brekkunni. Athugendur voru ekki lengi að átta sig á því að þarna var um aðra tegund en stúfgreip að ræða, en mjög erfitt getur verið að greina hinar greipategundirnar í sundur utan varptíma. Því var ákveðið að veiða fuglinn í slæðunet til að tryggja örugga greiningu. Mælingar bentu eindregið til þess að fuglinn væri elrigreipur, önnur nýja tegundin fyrir Ísland og Evrópu í sömu vikunni! Fuglinum var síðan sleppt og var hann innan skamms kominn aftur á sama blettinn að veiða skordýr. Fjórtán manns náðu að skoða fuglinn þennan eina dag sem hann sást í Kverkinni (3. mynd).

Útbreiðsla

Varpútbreiðsla elrigreips nær yfir barrskógabelti N-Ameríku, frá Alaska í vestri til Nýfundnalands í austri. Einnig verpur tegundin í fylkjum norð-austurhluta Bandaríkjanna. Farleiðin liggur suðaustur yfir Bandaríkin (að mestu austan við slétturarnar) og um Mið-Ameríku til vetrarstöðva í S-Ameríku, en þar má finna tegundina allt suður til Argentínu. Stúfgreip er að finna í barrskógum Kanada, austan Klettafjalla, og flestum fylkjum í norðurhluta Bandaríkjanna. Á fartíma má rekast á stúfgreip víðast hvar í Bandaríkjunum austan Klettafjalla, en aðalvetrarsvæði er í Mið-Ameríku suður til Nígaragúa (sjaldgæfari sunnar). Stöku fuglar hafa vetursetu syðst á Flórídaskaganum (Sibley 2000, Smithsonian Migratory Bird Center 2005).



4. mynd. Stúfgreipurinn á Stokkseyri. Takið eftir smæð fuglsins, vængbeltum og mjög greinilegum hvítum augnhring. – *The Least Flycatcher at Stokkseyri. Notice the small appearance, obvious wing bars and bold, white eye-ring.* – Jóhann Óli Hilmarsson.



5. mynd. Elrigreipurinn í Kverkinni. Takið eftir kámugum enda neðri skolts og litaskilum ofan á fuglinum. – *The Alder Flycatcher. Note the darker tip of the lower mandible and bicoloured upperparts which can be used to tell this species apart from Acadian Flycatcher E. virescens.* – Daníel Bergmann.

1. tafla. Mælingar á fimm tegundum greipa af ættkvíslinni *Empidonax* (Pyle 1997). Öll mál eru í mm og N táknar sýnastærð. Mælingar þar sem íslenski elrigreipurinn fellur inn í eru feitiletraðar (nema við gul- og stúfgreip) en skáletraðar þar sem stúfgreipurinn fellur inn í (á bara við um gul- og stúfgreip). – *Measurements of five species of Empidonax flycatchers from Pyle (1997). All measurements are in mm and N denotes sample size. Bold figures refer to measurements that fit the Icelandic Alder Flycatcher (excluding Yellow-bellied and Least Flycatchers). Italic figures refer to measurements that fit the Icelandic Least Flycatcher (only for Yellow-bellied and Least Flycatcher).*

Tegund Species	Vænglengd (Wg) Wing length (Wg)	N N	Stéllengd (Tl) Tail length (Tl)	N N	Wg-Tl Wg-Tl	Neflengd ** Bill length **	Nefbreidd Bill width
<i>Empidonax flaviventris</i>	60-72	134	46-55	40	12-19	7,0-9,4	4,8-5,6
<i>E. virescens</i>	65-80	200	52-62	62	12-21	9,2-10,1	5,3-6,3
<i>E. alnorum</i>	66-77	40+	50-61	40+	12,4-20,3	7,64-9,24	5,0-6,1
<i>E. traillii campestris</i>	63-74	40+	48-59	40+	11,2-20,1	8,06-9,96	5,0-6,1
<i>E. minimus</i>	56-67	200	49-61	88	6-13	6,3-8,4	4,4-5,1
<i>E. alnorum</i> *	75	1	59,5	1	15,5	8,0	5,7
<i>E. minimus</i> *	65	1	56	1	9	6,8	4,4

* Íslensku fuglarnir – *The Icelandic birds.*

** Neflengd frá nösum – *Bill from nares.*

2. tafla. Mælingar á fimm tegundum greipa af ættkvíslinni *Empidonax* (Pyle 1997). Öll mál eru í mm. Mælingar þar sem íslenski elrigreipurinn fellur inn í eru feitiletraðar (nema við gul- og stúfgreip) en skáletraðar þar sem stúfgreipurinn fellur inn í (á bara við um gul- og stúfgreip). – *Measurements of five species of Empidonax flycatchers from Pyle (1997). All measurements are in mm. Bold figures refer to measurements that fit the Icelandic Alder Flycatcher (excluding Yellow-bellied and Least Flycatchers). Italic figures refer to measurements that fit the Icelandic Least Flycatcher (only for Yellow-bellied and Least Flycatcher).* Nei = no, já = yes, breytilegt = variable.

Tegund Species	Lengsta p - p6 Longest p - p6	p10 - p5 p10 - p5	p6 - p10 p6 - p10	p9 - p5 p9 - p5	Skerðing á p6 Emargination on p6	Formúla R** Formula R**
<i>Empidonax flaviventris</i>	2,2-6,7	0,8-5,1	1,9-6,3	5,8-11,5	<i>breytilegt</i>	
<i>E. virescens</i>	5,2-9,3	–	-2,9-1,7	8,6-14,4	nei	
<i>E. alnorum</i>	4,0-7,4	0,0-5,8	-1,4-3,3	7,2-11,6	nei	2,41-4,68
<i>E. traillii campestris</i>	3,1-5,9	-1,9-2,9	0,9-4,5	6,3-10,2	nei	1,77-2,91
<i>E. minimus</i>	0,8-3,7	–	2,7-7,0	3,4-7,8	<i>já</i>	
<i>E. alnorum</i> *	6,0	4,4	1,0	11,6	nei	3,68
<i>E. minimus</i> *	–	–	–	–	<i>já</i>	

* Íslensku fuglarnir – *The Icelandic birds.*

** Formúla R = [(lengsta p - p6) + (p9 - p5) + (Wg - Tl)] / [(p6 - p10) + neflengd]; Gildir aðeins fyrir elri- og víðigreipa. – *Formula R (Pyle 1997) = [(longest p - p6) + (p9 - p5) + (Wg - Tl)] / [(p6 - p10) + bill length]; The formula R is only valid for Alder and Willow Flycatchers.*

Um íslensku greipana

Greipaættin (Tyrannidae) telur tæplega 440 tegundir sem allar er að finna í Ameríku, þá einkum í hitabeltinu (Clements 2000). Þar skipa þeir svipaðan sess og grípar (Muscicapidae) í gamla heiminum en þessir tveir hópar eru ekki náskyldir. Greipar eru margir hverjir nauðalíkir og í sumum tilvikum er ekki hægt að greina á milli tegunda nema heyra sönginn eða hafa fuglinn í hendi. Auðvelt reyndist að greina stúfgreipinn. Stúfgreipur er með minni *Empidonax* tegundum í N-Ameríku. Hann hefur mjög áberandi, hvítan augnhring og vængir eru fremur stuttir. Annað gott einkenni er að tegundin er sú eina í austanverðri N-Ameríku sem er alltaf með skerðingu á 6. handflugfjöður (P6; 4. mynd, 1.-2. tafla). Gulgreipur *E. flaviventris* er stundum með þessa

skerðingu en sú tegund er nokkuð frábrugðin stúfgreip, m.a. með gulleitan kvið og mjórri augnhring.

Greining elrigreipsins reyndist erfið, en stuðst var við Pyle (1997) til að komast að niðurstöðu. Til skamms tíma voru elri- og víðigreipar *E. traillii* taldir vera ein og sama tegundin (e. *Traill's Flycatcher*) en síðan hefur þeim verið skipt í tvær tegundir. Það gefur því auga leið að tegundirnar geta verið nauðalíkar og í mörgum tilfellum óaðgreinanlegar, þó svo menn hafi fugl í hendi. Auk þess þarf að taka tillit til mýgreips *E. virescens* sem svipaður er að stærð og fyrrnefndar tvær tegundir. Í samanburði okkar við víðigreip er miðað við austrænu undirtegundina *E. traillii campestris* sem verpur m.a. í suðaustanverðu Kanada og suður eftir norðaustan-



6. mynd. Elrigreipurinn í Kverkinni, 10. október 2003. – *The Alder Flycatcher at Kverkin, S-Iceland, 10 October 2003.*
– Daníel Bergmann.

verðum Bandaríkjunum, en hún þykir „líklegust“ til að flækjast hingað til lands.

Ef við byrjum á því að bera elri- og víðigreip saman við mýgreip þá eru nokkur útlitseinkenni sem útiloka

mýgreip. Mýgreipur er gjarnan einlitur (grænleitur eða ólífugrænleitur) frá höfði aftur á bak, en eins og sést á 5. mynd er íslenski elrigreipurinn með greinileg litaskil milli baks og háls. Auk þess er mýgreipur gjarnan með alveg ljósan neðri skolt (gulbleikur), en það er ekki tilfellið á okkar fugli. Augnhringur er svipaður á öllum þessum tegundum, þó er mýgreipur gjarnan með skýrari og alveg samfelldan augnhring. Stundum getur elrigreipur verið nær mýgreipi í útliti en víðigreipi, en í þeim tilfellum má styðjast við neflengd sem er mun styttri á elrigreip (1. tafla) og á það við um íslenska greipinn. Þá er að greina á milli elri- og víðigreips en til þess er vísað í 1. og 2. töflu þar sem allar mælingarnar er að finna. Í mörgum tilfellum passa mælingarnar betur við elrigreip og loks var stuðst við formúlu R (sjá skýringar í 2. töflu) sem útilokaði víðigreip með vissu. Í kjölfarið var haft samband við fuglafræðinga í N-Ameríku sem studdu niðurstöður okkar um að hér væri um elrigreip að ræða (6. mynd).

Greipar í Evrópu

Nú hafa þrjár tegundir *Empidonax* greipa fundist á Íslandi. Mýgreipur fannst nýdauður á Selfossi þann 4. nóvember 1967 og er hamurinn [RM4063] geymdur á Náttúrufræðistofnun Íslands (7. mynd). Þetta var jafnframt fyrsti fundur fugls af þessari ættkvísl í Evrópu (Erling Ólafsson 1993). Enn hefur enginn *Empidonax* greipur fundist í Evrópu utan Íslands. Aftur á móti hefur fógetafugl (e. *Eastern Phoebe*) *Sayornis phoebe*, sem einnig er af greipaætt (Tyrannidae), fundist einu sinni á Bretlandi í apríl 1987 (Lewington o.fl. 1991).

Umræða

Að vissu leyti kemur ekki á óvart að allir *Empidonax* greipar sem sést hafa í Evrópu hafi fundist á Íslandi. Skýringin er líklega skógleysi landsins sem gerir það að



7. mynd. Mýgreipur *Empidonax virens* sem fannst nýdauður á Selfossi 4. nóvember 1967. Ljósmynd tekin á Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík, desember 2006. – *Acadian Flycatcher Empidonax virens found dead at Selfoss, S-Iceland, on 4 November 1967. Photographed at the Icelandic Institute of Natural History, Reykjavík, December 2006.* – Guðmundur A. Guðmundsson.

verkum að auðveldar er að finna þessa eindregnu skógarfugla hér á landi en á meginlandi Evrópu þar sem þeir væntanlega hverfa í skógum og kjarri. Sömuleiðis er ljóst að þegar næsti greipur berst hingað þurfa fuglaskoðarar að vera vel undirbúnir til að geta greint fuglinn, sérstaklega ef um er að ræða mýgreip, elrigreip eða víðigreip. Aðrar tegundir má greina með nokkurri vissu úti í náttúrunni gefi þeir gott færi á sér. Óhætt er að fullyrða að amerískir greipar munu ætíð vera afar ólíklegir flækingar, sem stafar m. a. af því að farleiðir greipa liggja yfir meginland N-Ameríku.

ÞAKKIR

Ólafur K. Nielsen fær þakkið fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Gunnlaugur Þráinsson aðstoðaði við öflun heimilda. Michel Gosselin, umsjónarmaður hryggdýradeildar náttúrugripasafnsins í Ottawa, Kanada, yfirfór góðfúslega með aðstoð annarra reyndra manna gögnin um báða íslensku greipana og staðfesti greiningu. Ljósmyndarar fá bestu þakkið fyrir lán á myndum.

HEIMILDIR

- Clements, J.F. 2000. Birds of the World: A Checklist (5. útgáfa). – Ibis Publishing Company, Temecula, California.
- Erling Ólafsson 1993. Flækingsfuglar á Íslandi: Hranar og skyldar tegundir, spætur og greipar. – Náttúrufr. 62: 63-76.
- Lewington I., & P. Alström & P. Colston 1991. A field guide to the rare birds of Britain and Europe. – HarperCollins, London.
- Pyle, P. 1997. Identification Guide to North American Birds. Part I. – Slate Creek Press. Bolinas, California.
- Sauer, J.R., J.E. Hines & J. Fallon 2005. The North American Breeding Bird Survey, Results and Analysis 1966-2004. – Útgáfa 2005.2. USGS Patuxent Wildlife Research Center, Laurel, Maryland. <http://www.pwrc.usgs.gov> (skoðað 24.11.2005).
- Smithsonian Migratory Bird Center 2005. Winter Distribution of Neotropical Migratory Birds. – Zoological Park, Washington, District of Columbia. http://nationalzoo.si.edu/ConservationAndScience/MigratoryBirds/Bird_Lists/winter_range.cfm (skoðað 18.11.2005).
- Yann Kolbeinnsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2006. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2003. – Bliki 27: 27-50.

SUMMARY

Two *Empidonax* flycatchers new to Iceland and the Western Palaearctic

This article discusses the discovery of a Least Flycatcher *Empidonax minimus* and an Alder Flycatcher *E. alnorum* (Tyrannidae) in southern Iceland during 6-10 October 2003. Both records constitute the first record for the Western Palaearctic. The Least Flycatcher was found inside a family house at Stokkseyri in the evening of 6 October and was brought to local photographer Jóhann Óli Hilmarsson who identified the bird as a Least Flycatcher. The bird was released the following morning, never to be seen again. The identification was rather straightforward, mainly because of its small size, obvious wing-bars and bold, white eye-ring. Yellow-bellied Flycatcher *E. flaviventris* is also a small-sized flycatcher in N-America but has a yellow wash on its underparts and a less clear eye-ring. Emargination on P6 confirmed that the bird was indeed a Least Flycatcher.

The Alder Flycatcher was discovered at the tree plantation Kverkin at Eyjafjöll on 10 October by Björn G. Arnarson, Edward B. Rickson, Einar Ó. Þorleifsson and Sigmundur Ásgeirsson. It was observed the whole day as it was feeding in willows *Salix* sp. Identifying this bird was not easy and it proved necessary to set up a mist-net to catch the bird. After precise measuring of various morphological parameters (see Tables 1 and 2) it was concluded that the bird was an Alder Flycatcher. Excluding Acadian Flycatchers *E. virescens* and especially Willow Flycatchers *E. traillii campestris* can be very difficult if not impossible in the field outside the breeding season.

There is only one previous record of an *Empidonax* flycatcher in the Western Palaearctic, an Acadian Flycatcher found newly dead at Selfoss, S-Iceland, on 4 November 1967. In addition there has been a record of an Eastern Phoebe *Sayornis phoebe* (Tyrannidae) in England in April 1987.

Yann Kolbeinnsson, *Sólheimum 30, 104 Reykjavík (yann@internet.is)*.

Björn G. Arnarson, *Júllatúni 5, 780 Höfn í Hornafirði*.

Jóhann Óli Hilmarsson, *Símonarhúsum, Sólvöllum 10, 825 Stokkseyri*.

Tilvitnun:

Yann Kolbeinnsson, Björn G. Arnarson & Jóhann Óli Hilmarsson 2006. Tveir nýir greipar berast til Íslands og Evrópu. – Bliki 27: 63-67.

Holudúfa sést á Íslandi

Þann 20. apríl 2003 fannst holudúfa við Hala í Suðursveit. Það var í fyrsta sinn sem þessi dúfategund sést hér á landi. Í síðari hluta nóvember 2003 sást holudúfa aftur við Hala, en talið er líklegt að þar hafi verið um sama einstakling að ræða.

Inngangur

Þann 20. apríl 2003 var Björn Arnarson að skoða fugla við Hala í Suðursveit. Kom hann þá auga á einkennilega dúfu, sem við nánari skoðun reyndist vera holudúfa *Columba oenas*. Fuglinn var mjög stýggur og flaug upp á 100-200 m færi ef reynt var að nálgast hann. Þó tókst að taka nokkrar fremur lélegar myndir til staðfestingar á tegundinni. Fuglinn sást einnig daginn eftir.

Uppruni og útbreiðsla

Holudúfur verpa í Evrópu frá suðurhluta Skandinavíu suður að Miðjarðarhafi. Þær hafa vetursetu í suður- og vesturhluta álfunnar á svipuðum slóðum og hringdúfur *Columba palumbus*. Þær verpa í skógum, en einnig í byggingum og klettum.

Holudúfur eru náskyldar bjargdúfum *Columba livia* og eru svipaðar í útliti. Þær eru jafnstórar eða sjónarmun minni en bjargdúfurnar. Þær eru blágráar að lit með glitrandi grænum og rauðleitum blettum á hálsi. Svörtu blettirnir á vængjunum eru mun minni en á bjargdúfum og vængirnir eru gráir. Augun eru dökk. Á flugi sést að undirvængirnir eru gráir, en þeir eru að mestu hvítir á bjargdúfum og hringdúfum. Gott einkenni á flugi eru einnig ljósar yfirvængþökur og dökkar flugfjaðrir. Kynin eru svipuð. Ungfuglar hafa ekki hálsblettina og vængirnir eru brúnir.



1. mynd. Holudúfa *Columba oenas* við Hala í Suðursveit, 22. nóvember 2003. – *The Stock Dove at Hali í Suðursveit*, 22 November 2003. – Björn G. Arnarson.

Holudúfa sást fyrst í Færeyjum í lok maí 1976, en síðan þá hefur einungis ein fundist (Bloch & Sørensen 1984, Jensen 2006).

Holudúfa sést aftur við Hala

Enn var Björn Arnarson að skoða fugla við Hala í Suðursveit þann 21. nóvember 2003. Þá sá hann aftur holudúfu. Sá fugl sást til 23. nóvember og hélt sig við húsin á svæðinu og virtist finna nóg æti á jörðinni. Fuglinn var yfirleitt fremur rólegur og var hægt að nálgast hann og ljósmynda á um 40 m færi. Hvort um sama fugl var að ræða í bæði skiptin er ómögulegt að segja til um, en þó er það ekki ólíklegt.

ÞAKKIR

Við viljum þakka Brynjúlfi Brynjólfssyni, Gunnlaugi Þráinssyni og Yann Kolbeinssyni fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

HEIMILDIR

Bloch, D. & S. Sørensen 1984. Yvirilit yvir Føroya fuglar. – Føroya Skúlabókagrunnur, Tórshavn.

Gibbs, D., E. Barnes & J. Cox 2001. Pigeons and Doves. A Guide to the Pigeons and Doves of the World. – Pica Press, Sussex.

Jensen, J. K. 2006. Vefsíða, http://heima.olivant.fo/~jkjensen/DK_side/indexdk.htm.

SUMMARY

Stock Dove, new to Iceland.

Iceland's first-ever Stock Dove *Columba oenas* was found on 20 April 2003 at the farm Hali in Suðursveit (SE-Iceland). It was also seen on 21 April. The bird was extremely shy and was usually flushed up at a distance of 100-200 m. A few record photos were captured.

A Stock Dove was also discovered at the same farm on 21 November 2003. It was seen for three days and was usually rather calm, allowing birders to approach it down to 40 m, although wary. This is considered to be the same bird as in April 2003.

Gunnlaugur Pétursson, Blesugróf 24, 108 Reykjavík.
Björn G. Arnarson, Júlátúni 5, 780 Höfn.

Tilvitnun:

Gunnlaugur Pétursson & Björn G. Arnarson 2006. Holudúfa sést á Íslandi. – Bliki 27: 68.

Grænskríkja finnst á Íslandi

Grænskríkja fannst í fyrsta skipti lifandi hérlandis í október 2003, en þá bárust hingað margir sjaldgæfir amerískir spörfuglar. Fjallað verður um fund grænskríkjunnar og stöðu hennar í Evrópu. Árið 1984 fannst dauð grænskríkja í Sundahöfn þegar verið var að afferma skip sem nýkomið var frá N-Ameríku.


Inngangur

Í kjölfar hlýs loftmassa sem gekk yfir landið dagana 25.-26. október 2003 (Wetterzentrale 2005) ákvað ég að líta eftir fuglum í nágrenni Grindavíkur. Þessi loftmassi kom hratt frá austurströnd N-Ameríku, en við slíkar aðstæður geta amerískir smáfuglar auðveldlega hrakist hingað. Að morgni 27. október fór ég því fullur bjartsýni í trjálundinn við Þorbjörn í Grindavík í leit að amerískum spörfuglum. Talsvert hafði kólnað og um miðjan dag gekk á með hagléljum. Nokkrir hettusöngvarar *Sylvia atricapilla* sáu á svæðinu sem og einn laufsöngvari *Phylloscopus trochilus*. Eftir svolitla leit fannst grænskríkja *Dendroica virens* í vesturhluta trjálundarins. Grænskríkja er smávaxinn spörfugl á stærð

við auðnutittling (1. mynd). Var hún við fæðuleit í grenitrjám allan athugunartímann og reyndist mjög gæf. Fuglaskoðarar víða að gátu litið hana augum samdægurs og næsta dag. Hennar varð ekki vart við leit þann 29. október, en þá var orðið kalt í veðri og því litlar líkur á að hún lifði hér af. Þetta er fyrsti fundur grænskríkjú hérlandis sem víst er að kom til landsins af sjálfsdáðum.

Útbreiðsla og lifnaðarhættir

Grænskríkja er útbreiddur og tiltölulega algengur varpfugl um alla austan- og norðanverða N-Ameríku. Varpsvæðið nær yfir stóran hluta barrskógabeltis Kanada suður til Alabama og S-Karólínu. Hún hefur aðallega



1. mynd. Grænskríkja *Dendroica virens* að vori, karlfugl. Ohio, Bandaríkjunum, maí 2003. – A male Black-throated Green Warbler *Dendroica virens* in spring. Ohio, USA, May 2003. – Yann Kolbeinsson.



2. mynd. Grænskrikjan *Dendroica virens* í Þorbirni, 28. október 2003. – *The Black-throated Green Warbler Dendroica virens at Þorbjörn, Reykjanes peninsula, 28 October 2003.* – Björn Arnarson.

vetursetu í Mið-Ameríku og við Mexíkóflóa, en finnst í litlum mæli syðst á Flórídaskaganum og í norðanverðri S-Ameríku. Farleið tegundarinnar liggur yfir Mexíkóflóa og austurhluta Bandaríkjanna. Hún sést meira með austurströndinni á haustin og inn til landsins vestur til Texas á vorin. Grænskrikjan verpur aðallega í barr-skógum og blönduðum skógum, en sums staðar má finna hana í laufskógum. Varpkjörlendi einkennast af fjölbáða trjákrónum sem gjarnan er að finna í skógar-jöðrum eða við opin svæði innan skógarins. Á fartíma er tegundin ekki bundin við ákveðin búsvæði. Tvær undirtegundir eru viðurkenndar, *virens* sem er algengust og *waynei* sem finnst á fenjasvæðum Virginíu og í N- og S-Karólínu (Dunn & Garrett 1997).

Staða í Evrópu

Þjóðverjar hafa lengi getað státað sig af að eiga einu grænskrikjuna sem vitað er til að hafi borist af sjálfsdáðum austur yfir Atlantshafið. Henni var safnað á eyinni Helgoland í Norðursjó þann 19. október 1858 og reyndist vera karlfugl á fyrsta hausti (Dierschke 1998). Grænskrikjur hafa fundist þrisvar sinnum á Grænlandi (Boertmann 1994, í Erling Ólafsson & Gunnlaugur Pétursson 1997).

Þann 19. september 1984 fannst grænskrikja nýdauð milli gáma úr ms. Bakkafossi í Sundahöfn í Reykjavík.



3. mynd. Grænskrikja *Dendroica virens* að hausti. New York, Bandaríkjunum, október 2005. – *A Black-throated Green Warbler Dendroica virens in autumn plumage, New York, USA, October 2005.* – Maurice Blibaum.

Skipið kom tveimur dögum áður frá Ameríku og miklar líkur á að fuglinn hafi borist með því. Hins vegar var ekki hægt að skera úr um það hvort fuglinn hafi komið með skipinu alla leið frá Ameríku eða hvort hann hafi lent á skipinu úti á hafi (Ævar Petersen 1985). Til þess að tegund fái fulla aðild að íslenska fuglalistanum (flokkur A, B eða C) þarf hún að hafa komið til landsins að sjálfsdádum eða lent á skipi innan íslenskrar landhelgi. Grænskríkjan sem fannst í Sundahöfn hafnaði því í flokki D. Undir þann flokk falla tegundir sem vanalega eru settar í flokk A en óvissa ríkir um hvort komið hafi til landsins af sjálfsdádum.

Ákvörðun íslenska fuglsins

Líklegt er að fuglinn í Þorbirni sé karlfugl á fyrsta hausti (2. mynd). Það er hins vegar erfitt að útiloka fullorðinn kvenfugl að hausti því búningur þeirra er keimlíkur. Þau atriði sem benda til þess að fuglinn sem sást í Þorbirni hafi verið ungur karlfugl eru að stélíkjir virðast hvassar og þökur handflugfjæðra eru brúnleitar miðað við svartar miðjur stórpaka (Pyle 1997). Munur milli undirtegunda er það lítil að hann sést ekki, en þar sem undirtegundin *virens* er útbreiddari um norðaustanverða N-Ameríku er trúlegast um hana að ræða.

Umræða

Haustið 2003 bárust hingað óvenjumargir amerískir spörfuglar, en flestir þeirra reyndust vera afar sjaldgæfir flækingsfuglar hér á landi sem og annars staðar í Evrópu. Þar á meðal má nefna tvær greipategundir, stúfgreip *Empidonax minimus* og elrigreip *E. alnorum* sem höfðu aldrei áður fundist austan hafs (Yann Kolbeinnsson o.fl. 2006). Einnig fannst gulskríkja *Dendroica petechia* í Þorbirni við Grindavík í fyrri hluta september og bláskríkja *Dendroica caerulescens* sást á Heimaey um miðjan október í annað sinn fyrir bæði Vestmannaeyjar og Evrópu. Til ársins 2002 höfðu fundist 42 skríkjur af fjórtán tegundum á Íslandi, en þá er ótalin grænskríkjan sem fannst í Reykjavík haustið 1984 (sjá nánar hér að ofan). Þetta er því 15. skríkjutegundin sem finnst hér svo vitað sé og 45. skríkjan.

Grænskríkjustofninn í N-Ameríku hefur verið nokkuð stöðugur (fjölgun upp á 1,6% á ári) á tímabilinu 1980-2003 (Sauer o.fl. 2005), en það ásamt þeirri staðreynd að farleið tegundarinnar á haustin liggur suður yfir austanverð Bandaríkin og yfir Mexíkóflóa gerir það að

verkum að litlar líkur eru á að tegundin flækist austur um haf til Evrópu. Það getur því orðið býsna langt í næstu grænskríkju austan Atlantsála.

ÞAKKIR

Gunnlaugur Pétursson aðstoðaði við öflun heimilda. Hann fær einnig þakkir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

HEIMILDIR

- Dierschke, J. 1998. Der Grünwaldsänger *Dendroica virens* von Helgoland. – Ornithol. Jber. Helgoland 8: 85-87.
- Dunn, J. & K. Garrett 1997. The Peterson Field Guide Series: A Field Guide to Warblers of North America. – Houghton Mifflin Company, New York.
- Erling Ólafsson & Gunnlaugur Pétursson 1997. Flækingsfuglar á Íslandi: Skríkjur. – Náttúrufræðingurinn 66: 161-179.
- Pyle, P. 1997. Identification Guide to North American Birds. Part I. – Slate Creek Press. Bolinas, California.
- Sauer, J. R., J. E. Hines & J. Fallon. 2005. The North American Breeding Bird Survey, Results and Analysis 1966-2004. – Útgáfa 2005.2. USGS Patuxent Wildlife Research Center, Laurel, Maryland. (<http://www.pwrc.usgs.gov>) (skoðað 14.11. 2005).
- Yann Kolbeinnsson, Björn G. Arnarson & Jóhann Óli Hilmarsson 2006. Tveir nýir greipar berast til Íslands og Evrópu. – Bliki 27: 63-67.
- Wetterzentrale 2005. Archiv der NCEP Reanalysis (Aktuell: 01.01. 1948 - 1 bis 2 Wochen zurück) <http://www.wetterzentrale.de/topkarten/fsreaur.html> (skoðað 14.11. 2005).
- Ævar Petersen 1985. Nýjungar um flækingsfugla á Íslandi. – Bliki 4: 57-67.

SUMMARY

Black-throated Green Warbler, new to Iceland

A first-winter male Black-throated Green Warbler *Dendroica virens* was observed in a tree plantation at Þorbjörn, Grindavík on the Reykjanes peninsula on 28-29 October 2003 (Fig. 2). This constitutes the first record for Iceland. A record from September 1984 was accepted into category D of the Icelandic birdlist as the bird had been found dead on a ship in Reykjavík, which had recently arrived from N-America. There is only one previous European record of this extreme North American vagrant, a first-winter male collected on Helgoland, Germany on 19 October 1858. Because of this species' apparently stable population size and migration habits in N-America it seems unlikely that it will ever be a regular vagrant in the Western Palaearctic.

Yann Kolbeinnsson, *Sólheimum 30, 104 Reykjavík (yann@internet.is)*.

Tilvitnun:

Yann Kolbeinnsson 2006. Grænskríkja finnst á Íslandi. – Bliki 27: 69-71.

Fuglagáta – Mystery photograph

15 Í fuglagátu númer 15 í Blika 26 sést skáhallt neðan á fugl á flugi. Höfuð, efri hluti baks og bringu eru falin bak við hægri væng. Fuglinn er léttbyggður og grannvaxinn með langa vaðfætur og mjóa, ydda vængi sem útilokar flest, sem við getum átt von á hér, nema vaðfugla Charadrii. Áberandi hvítt vængbelti útilokar fugla spóaaættkvíslar *Numenius* og stórar lóur af ættkvíslinni *Pluvialis*. Svartir fætur ná langt aftur fyrir stél sem útilokar stelka *Tringa*, sandlóur *Charadrius*, tjald og smáa vaðfugla af ættkvíslinni *Calidris*. Lappajaðrakan *Limosa lapponica* er með þverrákótt stél og hlutfallslega styttri lappir en þessi langleggur er með svart og hvítt stél. Lappajaðrakanar eru líka, að mestu, án hvíttra vængbelta. Mögulegt er að mýrajaðrakanar *Limosa haemastica* gætu flækst til Íslands. Þeir hafa að mestu dökkan undirvæng en leynifuglinn er með hvítan. Þá hafa þeir einnig mun mjórri vængbelti en þessi fugl. Af íslenskum varp-fuglum og þeim fuglum sem líklegir eru til að flækjast hingað er lítið annað eftir en jaðrakan *Limosa limosa*. Á fuglinum má sjá glitta í aftari hluta á ljósum kvið. Þar má einnig sjá fíngerðar en dekkri rifflur. Þetta hjálpar líka við að greina fuglinn frá öðrum könum. Lappajaðrakan er langoftast dökkur aftur undir stél og án reglulegra þverráka. Mýrajaðrakan er yfirleitt með breiðari og dekkri rifflur eða dökkur á öllum kviðnum líkt og lappajaðrakan. Hegrar koma varla til greina því þeir eru oftast mun þungbyggðari en þessi fugl.



Fuglagáta nr. 15. Jaðrakan *Limosa limosa*. Sjá einnig Blika 26: 72. – Daniel Bergmann.



Jaðrakan *Limosa limosa* í friðlandinu í Flóa, júní 2004. Sami fugl og hér að ofan. – Daniel Bergmann.

Jaðrakan er auðþekktur og tígulegur fugl í varpbúningi, háfættur og grannvaxinn; ryðrauður á haus og brjósti með fallegar þverrákir á ofanverðum kvið þar sem oftast skiptast á rauðir, svartir og hvítir litir. Jaðrakan er einn af fáum fuglum þar sem skoða má fugla bæði í sumar- og vetrarbúningi á hinu stutta íslenska sumri. Þegar jaðrakanar koma til landsins á vorin eru þeir nær allir komnir í rauða sumarþúninginn. Nefið á jaðrakönum verður gulleitt eða jafnvel appelsínugult á sumrin og flestir fuglar hafa skipt um lit á nefi við komuna til Íslands. Skipti á neflit taka aðeins fáeina daga. Að loknu varpi, frá miðjum júlí og fram undir ágústlok má sjá jaðrakana í hópum, einkum í nýslegnum túnum og á sjávarleirum. Í þessum hópum má oft sjá fugla á mismunandi stigum þúningaskipta en margir virðast klára alveg að skipta um fjaðrir fyrir farflugið til V-Evrópu. Jaðrakanar eru einsleitir gráir í vetrarbúningi og nefið á þeim verður þá bleikt. Í þessum sömu hópum má einnig sjá unga jaðrakana en þeir eru auðþekktir frá fullorðnum á nýjum brúnrauðleitum fjaðurham og áberandi „hreisturmynstri“ á baki. Í Grafarvogi í Reykjavík er t.d. hægt að ganga að fullorðnum jaðrakönum á ýmsum stigum þúningaskipta ásamt ungfuglum í ágústmánuði.


Nýlegar athuganir á merktum jaðrakönum sýna að kyngreina má jaðrakana með nokkurri vissu í mörkinni (sjá *Bird Study* 53: 193-198). Reyndir athugendur kyngreina um 80% fugla rétt, af báðum kynjum. Notast er við bæði þúningseinkenni og byggingareinkenni. Kvenfuglar eru að jafnaði stærri með hlutfallslega lengra nef og flatara enni. Þá eru kvenfuglar að meðaltali ljósari fyrir öll einkenni. Dökkar langrákir á kolli eru yfirleitt gráleitar á kvenfuglum en nær svartar á karlfuglum. Rauði liturinn á brjósti, hálsi og höfði er dýpri á karlfuglum og guli liturinn í nefinu dekkri. Þá er yfirleitt meira grátt í baki kvenfugla en meira svart í baki karlfugla. – Tómas G. Gunnarsson.

Að þessu sinni var fuglagátan líklega í léttari kantinum eins og síðast, þó mörgum finnst vaðfuglar fremur torgreindir. Ritstjórn Blika bárust samt einungis fjórar úrlausnir og voru allir sammála um að myndin væri af jaðrakan. Dregið var um vinningshafa og er það Þorsteinn Már Magnason, Reykjavík, sem fær Blika 27 án endurgjalds. Ritstjórn hvetur lesendur Blika til að taka þátt í leiknum með okkur og greina tegundina á myndinni hér að neðan. Skrifðu nafn tegundarinnar og nafn ykkar á blað og sendið til Blika, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík, merkt „Fuglagáta 16“ eða skrifið okkur tölvupóst (bliki@ni.is). – Ritstjóri.



Fuglagáta nr. 16. Greinið tegundina. – Mystery photograph no. 16. Identify the species.





EFNI

Gunnlaugur Pétursson: Stormmáfsmerkingar í 30 ár	1
Tómas Grétar Gunnarsson, Vigfús Eyjólfsson & Böðvar Þórisson: Þyngdarbreytingar sandlóa á varptíma	7
Arnbór Garðarsson: Nýlegar breytingar á fjölda íslenskra bjargfugla	13
Arnbór Garðarsson: Viðkoma ritu sumarið 2005	23
Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2003	27
Pablo Giménez Bornaechea & Arnbór Garðarsson: Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005	51
Gunnar Þór Hallgrímsson, Hallgrímur Gunnarsson & Páll Hersteinsson: Stærð sílamáfsvarps á Álftanesi á Mýrum	55
Gunnar Þór Hallgrímsson, Romero Roig Martin & Páll Hersteinsson: Kyngreining fleygra sílamáfsunga út frá stærðarmælingum	59
Yann Kolbeinsson, Björn G. Arnarson & Jóhann Óli Hilmarsson: Tveir nýir greipar berast til Íslands og Evrópu	63
Gunnlaugur Pétursson & Björn G. Arnarson: Holudúfa sést á Íslandi	68
Yann Kolbeinsson: Grænskrikja finnst á Íslandi	69
Fuglagáta	72

CONTENTS

Gunnlaugur Pétursson: Thirty years of ringing Common Gulls in Iceland ...	1
Tómas Grétar Gunnarsson, Vigfús Eyjólfsson & Böðvar Þórisson: Changes in body condition of Ringed Plovers in Iceland during incubation	7
Arnbór Garðarsson: Recent changes in numbers of cliff-breeding seabirds in Iceland	13
Arnbór Garðarsson: Breeding success of Kittiwake in Iceland in 2005 ...	23
Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson: Rare birds in Iceland in 2003	27
Pablo Giménez Bornaechea & Arnbór Garðarsson: A survey of the bird cliffs of Snæfellsnes, W-Iceland, in 2005	51
Gunnar Þór Hallgrímsson, Hallgrímur Gunnarsson & Páll Hersteinsson: Size of the Lesser Black-backed Gull colony at Álftanes on Mýrar (W-Iceland) in 2005	55
Gunnar Þór Hallgrímsson, Romero Roig Martin & Páll Hersteinsson: Sexing of Lesser Black-backed Gulls fledglings from standard measurements	59
Yann Kolbeinsson, Björn G. Arnarson & Jóhann Óli Hilmarsson: Two <i>Empidonax</i> flycatchers new to Iceland and the Western Palearctic	63
Gunnlaugur Pétursson & Björn G. Arnarson: Stock Dove, new to Iceland	68
Yann Kolbeinsson: Black-throated Green Warbler, new to Iceland	69
Mystery photograph	72